


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lýsing og lampar




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
27. október 2010
252. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Annar genginn út

*Bieber-tvíburinn Jóhannes Þorkelsson kominn á fast.*

fólk 30

## Vel lukkaður reyfari

*Morgunengill eftir Árna Þórarinsson hefur allt sem prýða má einn krimma að mati Jóns Yngva Jóhannssonar.*

menning 22



## Leikið gegn Lettum

*Ísland hefur leik í undankeppni EM 2012 í kvöld.*

sport 26

## veðrið í dag




**BJART SV-LANDS** Í dag verða víða norðaustan 8-15 m/s en 10-18 NV- og V-til. Rigning eða slydda N- og A-lands en annars úrkomulítið. Hiti 0-7 stig.

VEÐUR 4

# Brjóstamjólkin varð græn eftir neyslu á íþróttadrykk

**Prófessor í næringarfræðum drakk bláan Powerade og mjólkaði skærgrænni brjóstamjólk eftir blakleik. Litarefni geta stuðlað að ofvirkni í börnum, samkvæmt breskri rannsókn. Neytendasamtökin vilja efnin af markaði.**

**NEYTENDUR** „Ég hef aldrei séð jafn óhugnanlegan lit á móðurmjólkinni. Hún var skærgræn,“ segir Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræðum við Háskóla Íslands.

Ingibjörg var að keppa í blaki og hafði drukkið eina flösku af bláum Powerade fyrir leik. Hún var með barn á brjósti og mjólkaði sig því inni í búningsklefa þegar leiknum lauk. Mjólkin var þó allt annað en eðlileg á litinn. Ingibjörg lét ekki framkvæma efnagreiningu á mjólkinni og getur þar með ekki staðfest að fullu að liturinn geti verið rakinn til viðkomandi drykkjar.

Einnig eru til dæmi um marglitað þvag sem kemur eftir neyslu íþróttadrykkja á fastandi maga, sem getur verið rautt, skærgult eða heiðgrænt.

Svokölluð asó-litarefni hafa skaðleg áhrif á hegðun barna, samkvæmt breskri rannsókn. Niðurstöðurnar voru birtar í breska læknatímaritinu Lancet árið 2007, og sýndu fram á að neysla barna á litarefnum gæti stuðlað að breyttri hegðun og ofvirkni.

Asó-litarefnin eru samheiti yfir sex tegundir gervilitarefna og eru notuð í hin ýmsu matvæli. Þau voru bönnuð hér á landi um árabil en voru leyfð á ný fyrir tilstuðlan EES-samningsins árið 1997. Á síðasta ári hvöttu Neytendasamtökin Samtök iðnaðarins til þess að skipta efnunum út hið fyrsta, en viðbrögð hafa verið dræm. Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins, segir efnin vera til endurskoðunar hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og nú hafi verið ákveðið að setja viðvörun á þær vörur sem innihalda eitthvað af þeim sex litarefnum sem talin eru skaðleg.

„Þetta verður innleitt hér á landi á næstu misserum, samkvæmt lögum frá Evrópusambandinu,“ segir Brynhildur. „Þegar einhver vafi leikur á því hvort efni séu varasöm á neytandinn að sjálfsögðu að fá að njóta vafans. Við viljum sjá þetta hverfa af markaði sem fyrst.“ **- sv**

### Asó-litarefnin

**Hafa skaðleg áhrif á hegðun barna og færast út í móðurmjólk og þvag. Leyfð hér á landi.**

- Tartrazine *(E101)*
- Ponceau 4R *(E124)*
- Sunset Yellow *(E110)*
- Carmoisine *(E122)*
- Quinoiline Yellow *(E104)*
- Allura Red AC *(E129)*



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SAGAN ENDURBYGGÐ** Páll V. Bjarnason arkitekt og Trausti Sigurðsson húsasmíðameistari ræddu málin fyrir framan hið sögufræga hús við Laugaveg 6 í gær. Í húsinu hefur verið fjölbreytt starfsemi í gegnum tíðina. Þar var verslun Benedikts H. Sigmundssonar til margra ára sem seldi meðal annars „sirz, hvít lérept, tvisttau. Enn fremur handsápur, Chocolade, barnaleikföng“, svo vitnað sé í auglýsingu frá árinu 1904.

Einar Aðalsteinsson leikari:

## Dansar í Sherlock Holmes 2

**FÓLK** Einar Aðalsteinsson, 23 ára gamall leikari, fær tækifæri til að stíga vals í stórri hópsenu Hollywood-myndarinnar Sherlock Holmes 2.



EINAR AÐALSTEINSSON

Senan er tekin upp í hinu fornfræga Elstree-myndveri þar sem Star Wars var meðal annars gerð en meðal þeirra sem taka þátt í senunni eru Robert Downey Jr. og Jude Law. Leikstjóri myndarinnar er Guy Ritchie, fyrrverandi eiginmaður Madonnu.

Einar kveðst ákaflega heppinn með dansfélaga. „Hún er bæði menntuð leikkona og dansari og ég kann sjálfur alveg eitthvað að dansa,“ segir Einar. **- fgg / sjá síðu 30**

Yfir 100 lík hafa fundist og 500 er saknað eftir að flóðbylgja skall á Indónesíu:

# Tíu þorp skoluðust á haf út

**INDÓNESÍA/BBC** Yfir eitt hundrað manns eru látnir og 500 er saknað eftir að flóðbylgja skall á eyjaklasa í Indónesíu á mánudag. Flóðbylgjan fylgdi jarðskjálfta sem mældist 7,7 stig á Richter-kvarða.

Vont veður hefur komið í veg fyrir að björgunarsveitir komist til hamfarasvæðanna. Miklar rigningar gera þyrlusveitum ókleift að fara í loftið og bátar komast ekki til nauðstaddra þar sem hafnir eru ónýtar. Þá liggja fjarskipti að mestu niðri. Björgunarsveitir gera sér vonir um að hluti þeirra 500 sem saknað er hafi náð að flýja til fjalls og bíði þess að aðstoð berist.

Hamfarirnar koma á sama tíma og þúsundir manna eru fluttar brott vegna eldgoss í fjallinu Merapi á Jövu í Indónesíu sem hófst í gær. Þar hafa átján farist. Óttast er að gríðarlega stórt sprengigos sé yfirvofandi í fjallinu. Atburðirnir tveir, flóðbylgjan og eldgosið, tengjast ekki, segja sérfræðingar í Indónesíu. **- shá**









## SPURNING DAGSINS



*Ólafía, ert þú þessi arkitekt hrunsins?*

„Nei, ég reyni frekar að byggja upp og teikna meira en skýjaborgir.“

Ólafía Zoëga útskrifaðist nýlega með hæstu einkunn úr Arkitektaskólanum í Bergen. Hún nýtti sér birtingarmynd hrunsins á Íslandi við gerð verkefnisins.

Davíð og Halldór studdu innrás í Írak þvert á ráðleggingar embættismanna:

# Var ráðlagt að styðja ekki innrásina

**UTANRÍKISMÁL** Ákvörðun Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar um að styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak var tekin í andstöðu við ráðleggingar embættismanna í utanríkisráðuneytinu. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Fram kom í fréttinni að um níutíu skjöl eru til í utanríkisráðuneytinu sem varpa ljósi á um tveggja mánaða aðdraganda við stuðninginn. Af þeim telur utanríkisráðherra örfá vera mjög athyglisverð.

„Og ég held að í sumum þeirra komi fram að embættismennirnir höfðu mjög einarða afstöðu í þessu máli og hún var hugsanlega ekki sú sama og stjórnmálamannanna sem síðar tóku ákvörðun,“ sagði Össur Skarphéðinsson í viðtali við Stöð 2. Mikilvægar upplýsingar kunni að fást í viðtölum við þessa starfsmenn ef Alþingi ákveði að fara í rannsókn á aðdraganda ákvörðunarinnar.

Fréttablaðið hefur óskað eftir afriti af skjölunum sem um ræðir en ekki fengið enn. **- sh**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Segir skjöl í ráðuneytinu sum hver mjög merkileg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýherji fer úr mínus í plús:

# Hagnaðist um 132 milljónir

**VIÐSKIPTI Nýherji hagnaðist um tæpar 132 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar af nam hagnaðurinn 26,8 milljónum króna á þriðja fjórðungi ársins. Fyrirtækið tapaði 172 milljónum króna fyrstu níu mánuði ársins í fyrra.**

**Sala á vöru og þjónustu Nýherja nam tæpum 10,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er sambærilegt við síðasta ár. Á móti dró úr rekstrarkostnaði auk þess sem fjármagnsgjöld lækkuðu á milli ára. - jab**

Nýjar sandeyrar við Skaftá:

# Framburður ógnar vegum

**SAMGÖNGUMÁL Sveitarstjórn Skaftárhrepps segir hækkun farvegs Skaftár ógna vegakerfinu víða í sveitarfélaginu.**

**„Sem dæmi hefur farvegur Skaftár neðan við brúna hjá Kirkjubæjarklaustri síðustu tíu árin hækkað afar mikið. Áin hefur hlaðið upp miklum sandeyrum, bæði ofan og neðan við brúna, en líka farið yfir víðáttumikið gróðurlendi kringum Heimsendasker. Með tilliti til reynslu fyrri ára og alda er ljóst hvað mikla hættu af sandfoki það hefur í för með sér fyrir byggðina á Kirkjubæjarklaustri,“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar, sem vill fá fund með stjórnendum Vegagerðarinnar sem fyrst. - gar**

Tariq Aziz dæmdur í Írak:

# Fékk líflátsdóm fyrir ofsóknir

**ÍRAK, AP** Tariq Aziz, sem lengi var utanríkisráðherra Saddams Hussein, hefur verið dæmdur til dauða í Írak fyrir hlutdeild sína í ofsóknum gegn sjíamúslimum á valdatíma Saddams.



**TARIQ AZIZ**

Aziz hefur þrjátíu daga frest til að áfrýja úrskurði dómstólsins. Staðfesti áfrýjunardómstóll niðurstöðuna þarf að fullnægja dómnum innan þrjátíu daga, en forseti Íraks þarf þó fyrst að skrifa undir aftökuskipun.

Aziz er 74 ára gamall. Hann hefur þegar hlotið fimmtán ára fangelsisdóm fyrir þátt sinn í aftöku 42 manna árið 1992 og sjö ára fangelsisdóm fyrir þátt sinn í nauðungarflutningum Kúrda í norðanverðu landinu. **- gb**

# Íslensk stúlka lærir til leiðtoga á suðurskauti

**Þórdís Katla Bjartmarz stefnir á Suðurskautslandsið að sækja námskeið fyrir leiðtoga framtíðarinnar. Þórdís óskar eftir fjárstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og fyrirtækjum gegn því að flytja fána þeirra á suðurskautið og uppfræða starfsfólk.**

**FÓLK** Íslensk kona leitar nú að stuðningsaðilum til að fjármagna þátttöku sína í leiðangri á Suðurskautslandið. Þórdís Katla Bjartmarz hyggst þar, ásamt fjölþjóðlegum hópi, sækja námskeið ætlað leiðtogum framtíðarinnar.

Þórdís, sem er 27 ára, leggur um þessar mundir stund á meistaranám í viðskiptafræði í Kaupmannahöfn. Hún segir að síðustu sex árin hafi hún starfað sem leiðtogi og að leiðtogaþjálfun innan alþjóðlegu stúdentasamtakanna AIESEC og meðal annars verið þar formaður árin 2006 til 2008.

„Þessi reynsla ýtti undir áhuga minn á leiðtogamenntun á ýmsum sviðum og áherslum og því ákvað ég að sækja um sem þátttakandi í þennan leiðangur næstkomandi mars,“ segir Þórdís, sem nú reynir að fá kostunaraðila til liðs við sig en segir það ganga erfiðlega enda sé ferðin dýr og hún hafi verið með þeim síðustu að fá þátttöku sína staðfesta.

„Ég hef nálgast nokkur fyrirtæki sem og Hafnarfjarðarbæ í tengslum við stuðning með því skilyrðum að ég haldi námskeið fyrir starfsfólk og aðra tengda aðila þegar ég kem heim, taki lógó eða fána fyrirtækja með í ferð og auglýsi þau sem styrktaraðila. Því er ákveðin vinningur fyrir fyrirtæki að leggja hönd við þetta verkefni og eru allur styrkur og stuðningur vel þeginn svo þátttaka takist,“ segir Þórdís.

Meðal þeirra sem ekki hafa tekið afstöðu til styrkbeiðnar Þórdísar er heimabærinn Hafnarfjörður. „Það er gríðarlegur heiður að vera valinn en hver einstaklingur þarf að fjármagna ferðina sjálfur og því leita ég til Hafnarfjarðarbæjar um mögulegan stuðning,“ undirstrikar Þórdís í bréfi til bæjarins.



**ÞÓRDÍS KATLA BJARTMARZ** Í lok september fékk Þórdís að vita að hún væri meðal þeirra sem stæði til boða að sækja leiðtoganámskeið á Suðurskautslandinu í mars. Hún freistar þess að fjármagna ferðina sem mun kosta um þrjár milljónir króna. MYND/ÚR EINKASAFNI

> Það er gríðarlegur heiður að vera valinn en hver einstaklingur þarf að fjármagna ferðina sjálfur...
>
> **ÞÓRDÍS KATLA BJARTMARZ** MEISTARANEMI

Lagt verður af stað í mars á næsta ári og á ferðin að standa í fimmtán daga. Farið verður frá suðurodda Argentínu eftir nokkurra daga undirbúning þar í landi.

Á vef samtakanna 2041 kemur fram að nafn þeirra er miðað við árið þegar núverandi samningur um friðun Suðurskautslandsins fyrir námavinnslu og borun rennur út. Umhverfisvernd og sjálfbærni eru þar ofarlega á blaði.

„Við miðum að persónlegri þróun, bættum hæfileikum til samskipta og liðsanda og notum til þess reynslu Shackletons, Scotts, Amundsen og fleiri frumherja meðal landkönnuða,“ segir á 2041.com. **gar@frettabladid.is**



**BENZ-BÍLLINN** Fannst óskemmdur í Kleppsholti í gærkvöldi.

Var bíll Gylfa Þ. Gíslasonar:

# Ráðherrabíll kom í leitirnar

**LÖGREGLUMÁL** Forláta Benz-bifreið, sem eitt sinn var ráðherrabíll Gylfa Þ. Gíslasonar, kom í leitirnar í gærkvöldi eftir að hafa verið stolið úr bílageymslu við Sólvallagötu í Reykjavík aðfaranótt þriðjudags.

Bíllinn fannst í Kleppsholti og höfðu engar skemmdir verið unnir á honum. Lögreglu höfðu borist ábendingar um bílinn eftir umfjöllun fjölmiðla um þjófnaðinn.

Bíllinn er nú í einkaeigu en var lengst af notaður sem ráðherrabíll Gylfa Þ. Gíslason, sem var ráðherra frá 1956 til 1971. **- sh**

Seðlabanki segir tölur ekki til:

# Undanþágur enn á huldu

**EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn hefur hafnað því að upplýsa um fjölda undanþága sem gerðar hafa verið á gjaldeyrishöftunum frá því að þeim var komið á.**

**Fréttablaðið óskaði í byrjun október eftir upplýsingum um fjölda tilvika þar sem óskað hefur verið eftir undanþágu frá höftunum, um fjölda undanþága sem hafa verið veittar, og þær upphæðir sem þar var um að ræða.**

**Í svari sem borist hefur frá bankanum kemur fram að þessar upplýsingar séu ekki tiltækar. Ákveðin upplýsingavinnsla sé í gangi. - bj**




Icelandic Group hefur sótt um vottun hjá Marine Stewardship Council (MSC):

# Risaskref í umhverfisvottun

**SJÁVARÚTVEGUR** Icelandic Group (IG), sem er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi, hefur ákveðið að sækja um vottun samkvæmt staðli Marine Stewardship Council (MSC) fyrir þorsk- og ýsuveiðar við Ísland. Þegar vottun er fengin verður hægt að merkja allar afurðir úr þessum fiskstofnum sem seldar verða í sölukerfi Icelandic með umhverfismerki MSC. Fyrirtæki utan IG geta sótt um aðgang að vottuninni á síðari stigum í samstarfi við félagið.

Ingvar Eyfjörð, aðstoðarforstjóri IG, segir um mikilvægt skref að ræða í frekari fjárfestingum fyrirtækisins í íslenskum sjávarútvegi, en félagið kaupir og markaðssetur 35 prósent af öllum afla sem veiðist við Íslandsstrendur á ári hverju. „MSC-gæðavottun mun að okkar mati festa í sessi öflugt og ábyrgt fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga og styðja þannig enn fremur við árangursríka markaðssetningu á íslensku sjávarfangi á erlendum markaði nú sem fyrr.“

Rupert Howes, forstjóri MSC, segir ákvörðun IG um að innleiða vottunarferli í öllum þorsk- og ýsuveiðum við Íslandsstrendur söguleg og munu „setja mark sitt á flest sem viðkemur veiðum, vinnslu og sölu á bolfiski á Íslandi“, eins og segir í fréttatilkynningu frá MSC. **- shá**

## MSC-umhverfisvottun

- Alls eru vottaðar og í vottunarferli fiskveiðar sem nema tæplega sjö milljónum tonna af árlegum afla, eða ríflega tólf prósentum af fiskveiðum heimsins sem fara til manneldis.
- Um fjórar milljónir tonna af sjávarfangi eru vottaðar samkvæmt MSC-staðli en það gerir yfir sjö prósent af heimsveiðum til manneldis.
- Um sjö þúsund vörur í 68 löndum eru merktar með MSC-umhverfismerkinu sem hægt er að rekja og staðfesta að séu úr vottuðum sjálfbærum fiskveiðum.


Samsung GALAXY 5
Vertu á Facebook
í símanum
Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.
Samsung Galaxy 5
0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu
eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.
Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa
og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL
og Quad-band með WiFi og GPS.
1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.
www.ring.is / m.ring.is
www.facebook.com/ringjarar
ring
VERTU MEÐ
ENNEMM / SIA / NM44095

## GENGIÐ 26.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,49 | 112,03 |
| Sterlingspund | 177,06 | 177,92 |
| Evra | 155,50 | 156,38 |
| Dönsk króna | 20,850 | 20,972 |
| Norsk króna | 19,191 | 19,305 |
| Sænsk króna | 16,745 | 16,843 |
| Japanskt jen | 1,3734 | 1,3814 |
| SDR | 175,42 | 176,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,129

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárhagsvandi heimilanna hefur aukist á undanförnum árum en hefur ekki náð því sem var árið 2004:

# Tæp 40% heimila ná vart endum saman

**EFNAHAGSMÁL** Um 39 prósent heimila áttu erfitt með að ná endum saman á síðasta ári og tæplega 30 prósent gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum, samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofu Íslands.

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem nær yfir árin 2004 til 2009, sýna að þrátt fyrir að fjárhagsvandi heimilanna hafi vaxið síðustu ár var ástandið í sumum tilvikum erfiðara árið 2004. Þá náðu ríflega 46 prósent heimila ekki endum saman og 36 prósent gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum.

Um 7,1 prósent íslenskra heimila hafði á síðasta ári lent í vanskilum með húsnæðislán eða leigu á síðustu tólf mánuðum. Hlutfallið hefur aukist á síðustu árum, en það var 5,7 prósent árið 2006. Færri lentu í vanskilum með húsnæðislánin í fyrra en árið 2004, þegar hlutfallið var 9,4 prósent.

Á síðasta ári höfðu 10,3 prósent heimila lent í vanskilum með lán önnur en húsnæðislán á síðustu tólf mánuðum. Það er aukning frá árinu 2006, þegar hlutfallið var 5,8 prósent, en svipað og það var árið 2004, þegar það var 10,7 prósent. **- bj**

**Heimili í fjárhagsvandræðum 2004 til 2009**




Heimild: Hagstofa Íslands

# Ráðherra þverneitar færslu hringvegarins

**Umhverfisráðherra hefur hafnað hugmynd um að færa hringveginn um Mýrdal niður að Dyrhólaósi. Sveitarstjórn vill göng í gegnum Reynisfjall. Ekkert umhverfismat gert og vanhæfi sveitarstjórnarfulltrúa ógilti ákvörðun.**

**SKIPULAGSMÁL** Umhverfisráðherra hafnaði fyrr í mánuðinum hugmyndum bæjaryfirvalda í Mýrdalshreppi um nýja veglínu þjóðvegar 1 um sveitarfélagið. Það er í samræmi við tillögur Skipulagsstofnunar, sem gerði athugasemd við að ekki hafi verið gerð úttekt á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda.

Í tillögu að aðalskipulagi hreppsins fyrir árin 2009 til 2025 var gert ráð fyrir að vegurinn yrði færður sunnar, allt niður að Dyrhólaósi, og þaðan í gegnum Reynishverfi, með göngum í gegnum Reynisfjall og þaðan í gegnum Víkurfjöru upp að Vík í Mýrdal.

Ráðherra samþykkti aðalskipulagið að öðru leyti, en tók undir tilmæli Skipulagsstofnunar um frestun á breytingu vegalínu. Skipulagsstofnun lagði til frestun sökum formgalla, en í áliti stofnunarinnar er sett út á að ekki hafi verið upplýst um áhrif vegarins á náttúru og samfélag. Hins vegar tók ráðherra einnig tillit til þess að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti ógilti í júní ákvörðun sveitarstjórnar um tillögu að veglínu vegna vanhæfis eins af sveitarstjórnarmönnum sem stóðu að tillögunni.

Í skýrslu Skipulagsstofnunar segir að fyrir utan einstaklinga hafi ýmsar stofnanir og félagasamtök gert athugasemd við fyrirhugaða legu vegarins út frá sjónarmiðum náttúruverndar. Dyrhólaey og Dyrhólaósar eru á Náttúruminjaskrá og segir í mati Umhverfisstofnunar að vernda eigi votlendið ofan við ósinn, einkum vegna mikilvægis þess fyrir fuglalíf á staðnum.



**VÍK Í MÝRDAL** Skipulagið sem lagt var fram fól í sér að hringvegurinn til Víkur færi í gegnum jarðgöng í Reynisfjalli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi ákvörðun ráðherra hafi ekki komið á óvart. Hann bætir því við að mörg rök séu með því að velja veginum þessa leið, en meirihluti sveitarstjórnar hafi talið þennan kost bestan „með tilliti til umhverfissjónarmiða og landfræðilegra aðstæðna“.

Ásgeir segir sveitarstjórnina ætla að halda sínu striki. „Það er vilji sveitarstjórnar að þessi veglína sé inni á skipulaginu og það verður unnið í því áfram.“

Sveitarstjórn tók málið fyrir á fundi á mánudag, en ákvað að fresta afgreiðslu skipulagsins. Þeir munu funda með lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í dag til að fara yfir lagalega hlið málsins.

Ekki er þess að vænta að vegurinn verði færður á næstunni, þar sem talsmaður Vegagerðarinnar segir enga vinnu þar í gangi varðandi breytingar á vegstæðinu. Þeir sjái ekkert þar sem kalli á breytingu á næstunni.

thorgils@frettabladid.is

**Tillögur að nýju vegstæði**




Byssumaðurinn í Malmö:

## Kemst líklega burt á reiðhjóli

**SVÍÞJÓÐ Sænska lögreglan telur líklegast að byssumaðurinn í Malmö, sem talinn er bera ábyrgð á 19 skotárásum þar undanfarið ár, noti reiðhjól til að komast burt af vettvangi.**

**Hann sé því löngu farinn þegar lögregla komi á staðinn. Að minnsta kosti þykir ljóst að maðurinn þekki vel til í borginni.**

**Þetta kom fram á blaðamannafundi lögreglunnar, sem sænskir fjölmiðlar skýrðu frá í gær. Hundruð lögreglumanna vinna nú að því að upplýsa málið, sem hefur skotið íbúum borgarinnar skelk í bringu.** - gb

Bregðast við eftir fellibyl:

## Um 630 þúsund urðu fyrir skaða

**FILIPPSEYJAR** Talið er að ríflega 630 þúsund börn og fullorðnir hafi orðið fyrir skaða af völdum fellibyljar sem gekk yfir norðurhluta Filippseyja fyrr í vikunni. Fulltrúar Barnaheilla – Save the Children – eru nú að hefja dreifingu á neyðarvarningi til barna og fjölskyldna þeirra. Í tilkynningu kemur fram að þúsundir fjölskyldna hafi þurft að yfirgefa heimili sín og margar muni ekki geta snúið til baka.

Samtökin, sem hafa starfað á Filippseyjum í um 30 ár, munu dreifa mat og nauðsynlegum húsbúnaði. - bj

### DÓMSMÁL

**Dæmdir fyrir kannabis**

Tveir karlmenn um þrítugt hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Suðurlands fyrir kannabisræktun og þjófnað. Annar hlaut tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og 100 þúsund króna sekt. Hinn var dæmdur til að greiða hundrað þúsund í sekt.



**RAUÐGRÆNIR LEIÐTOGAR** Peter Eriksson, fulltrúi Græningja, Mona Sahlin, leiðtogi Sósíaldemókrata, og Lars Ohly, leiðtogi Vinstriflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarandstaðan í Svíþjóð:

## Klofningur í rauðgrænum

**SVÍÞJÓÐ** Rauðgræna bandalagið, sem er bandalag stjórnarandstöðuflokkanna þriggja í Svíþjóð, hefur klofnað. Fulltrúar bæði Sósíaldemókrata og Umhverfisflokksins hafa staðfest það í viðtölum við sænska fjölmiðla.

Mona Sahlin, leiðtogi Sósíaldemókrata, segir hlé verða á nánu samstarfi flokkanna. Þó mun samráð verða haft áfram um ýmis helstu málefni, en reglulegir samráðsfundir eru úr sögunni í bili.

Ríkisstjórn hægriflokkanna, sem komst í minnihluta á þingi eftir kosningar í haust, þarf á stuðningi Umhverfisflokksins að halda, en hyggst einnig leita til Sósíaldemókrata þegar þörf krefur. - gb

### SJÁVARÚTVEGSMÁL

**Bátur til Raufarhafnar**

Útgerðarfélagið Stekkjavík á Raufarhöfn fékk á dögunum afhentan nýjan Cleopatra-bát frá Bátasmiðjunni Trefjum í Hafnarfirði. Að útgerðinni standa bræðurnir Ragnar og Hólmgrímur Jóhannssynir. Báturinn heitir Nanna Ósk II ÞH-133.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SLYDDA EÐA RIGNING** norðan- og austanlands í dag en annars verður úrkomulítið og bjartviðri suðvestanlands. Á morgun dregur úr vindi og úrkomu en má búast við stöku slydduéljum norðan- og austanlands. Það kólnar síðan í veðri á föstudag með vaxandi austanátt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 21° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 9° |
| París | 14° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# ERTU Í VITLAUSUM BANKA?




**Veldu S24 og fáðu betri vexti á debetreikninginn**

# DEBETREIKNINGUR MEÐ BETRI VÖXTUM

**Sæktu um á www.s24.is eða hringdu í 533 2424 til að fá nánari upplýsingar – og þú hagnast.**

DYNAMO REYKJAVIK

…og þú hagnast

*M.v. vaxtatöflu banka og sparisjóða þann 21.10.2010. Tekið er mið af fyrsta þrepi debetreiknings.

KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið í bíó á þessu ári og séð íslenska kvikmynd?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,7% |
| Nei | 76,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Vilt þú að sett verði upp víkingaþorp í Engey?*

Segðu skoðun þína á visir.is
vísir


Ríkisendurskoðun vill að Alþingi endurskoði verklag við Norðurlandaráðsþing:

# Alþingi trassar útboðsskyldu

**STJÓRNSÝSLA** Alþingi hefði átt að bjóða út framkvæmd í kringum þing Norðurlandaráðs sem haldið verður hér á landi í nóvember, að mati Ríkisendurskoðunar. Í ábendingu stofnunarinnar er Alþingi hvatt til að endurskoða verklag sitt við verðfyrirspurnir og útboð.

Alþingi sér um framkvæmd Norðurlandaráðsþingsins í nóvember, og óskaði eftir tilboðum í tækniþjónustu á þinginu frá tveimur fyrirtækjum í lok síðasta árs. Það fyrirtæki sem bauð betur fékk verkefnið, en tilboðið hljóðaði upp á 19,8 milljónir króna. Samkvæmt lögum um opinber innkaup er skylt að bjóða út kaup á þjónustu ef verðmætið fer yfir 12,4 milljónir króna.

Skrifstofa Alþingis telur að ekki hafi þurft að bjóða verkið út þar sem Norðurlandaráð greiði meirihluta kostnaðar við þing ráðsins.

Þessu er Ríkisendurskoðun ósammála. Í ábendingu stofnunarinnar segir að bæði íslenska ríkið og Norðurlandaráð þurfi að hlíta sömu reglum um opinber innkaup. Auk þess sé skrifstofa Alþingis greiðandi reikninga vegna þjónustunnar. **- bj**



**ALÞINGI** Bjóða hefði átt út þjónustu vegna þinghalds Norðurlandaráðs að mati Ríkisendurskoðunar.

Nýr vefur í loftið:

## Hjálpar fólki við dönskunám

**TÆKNI** Nýr vefur sem ætlað er að auðvelda Íslendingum að tala dönsku verður tekinn formlega í notkun í dag. Á vefnum er hægt að nota svokallað máltæki til þess að slá inn orðtök á dönsku og sjá merkingu þeirra, og eða samsvarandi orðatiltæki á íslensku.

Með máltækinu er jafnframt hægt að finna algeng föst orðtök í dönsku, útskýringu á merkingu þeirra og dæmi um framburð, ásamt upplýsingum um notkun.

Vefurinn er öllum opinn og er að finna á slóðinni frasar.net. **- bj**




„Íslendingar ættu að vera í dýragörðum við hliðina á öpunum og ljónunum"

www.crymogea.is


# Breiðband Símans er barn síns tíma

**Ljósleiðaravæðing Símans kostar um 800 milljónir, svipað og breiðbandið fyrir fimmtán árum. Breiðbandið er sjónvarp framtíðarinnar, sagði Síminn árið 2002. Breiðbandið er ekki framtíðin, segir upplýsingafulltrúi Símans í dag.**

**TÆKNI** Kostnaður við Ljósnetsvæðingu Símans er tæpur milljarður króna. Ljósleiðarinn á að leysa af hólmi breiðbandið, fimmtán ára gamla tækni sem átti þó að vara til framtíðar. Kostnaður Símans við breiðbandið var einnig tæpur milljarður, að sögn Margrétar Stefánsdóttur, forstöðumanns samskiptasviðs Símans.



**MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR**

Margrét segir ástæðurnar fyrir breytingunum þær að breiðbandið sé barn síns tíma og Síminn sjái ekki hag sinn í því að halda því við.

„Breiðbandið er ekki framtíðin. Það var byggt upp fyrir fimmtán árum og það sem menn sáu fyrir sér þá," segir Margrét. Í fréttatilkynningu frá Símanum dagsettri 2. maí 2002 segir: „Í framtíðinni verður breiðbandið eitt helsta gagnaflutningskerfi fyrir sjónvarp, útvarp, tölvur og síma, bæði myndasíma og talsíma. Kostir breiðbandsins í flutningi á sjónvarpsefni eru m.a. mikil flutningsgeta, frábær myndgæði og öryggi í sendingum. Með breiðbandinu gefst í framtíðinni kostur á gagnvirku sjónvarpi, þáttasölusjónvarpi, heimabíói eftir pöntunum svo eitthvað sé nefnt."

Margrét segir breiðbandið hafa verið fína fjárfestingu á sínum tíma. „Menn gátu ekki horft mikið lengra inn í framtíðina. Það var verið að taka mið af þeim endabúnaði sem í þá daga var breiðbandið og er nú ljósleiðarinn."

Tengja á ljósleiðara inn á 40 þúsund heimili á árunum 2010 og 2011 og hluti breiðbandsins sem lagt var inn á 35 þúsund heimili fyrir um fimmtán árum víkur.

Ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að loka á útsendingar Símans um breiðband þegar ljósleiðara hefur komið fyrir er sú að götuskápar sem hýsa búnaðinn leyfa ekki að ljósnetsbúnaður sé settur samhliða núverandi breiðbandsbúnaði. Breiðbandið var lagt samhliða lagningu Orkuveitunnar á öðrum lögnum og koparlagningu Símans. Kostnaði varð því að skipta á milli fyrirtækjanna tveggja annars vegar og breiðbandsins og koparsins hins vegar.

**sunna@frettabladid.is**



**LJÓSLEIÐARI LAGÐUR** Tengja á ljósleiðara inn á 40 þúsund heimili á þessu ári og því næsta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tækniframfarir ekki alltaf skemmtilegar

Guðmundur Arnlaugsson, íbúi við Ægisíðu, er ósáttur við lokun Símans á breiðbandinu. Hann þarf að borga að lágmarki rúmar 4.000 krónur fyrir aðgang að RÚV, sem hann fékk áður ókeypis í gegnum breiðbandið. Húsnæðið er í skugga örbylgjuútsendinga, og því ekki hægt að nota loftnet. „Okkur finnst frekar blóðugt að þurfa að borga mörg þúsund krónur fyrir aðgang að RÚV," segir Guðmundur. „Við vissum að það stæði til að loka breiðbandinu og komumst að því að það væri hægt að nota venjulegt loftnet í staðinn. En það var tekið niður fyrir nokkrum árum, að uppástungu Símans. Og örbylgjuloftnetið getum við ekki notað."

Margrét segir framkvæmdirnar geta haft í för með sér rask fyrir íbúa en flestir hafi tekið þeim vel. Með ljósleiðaranum sé möguleiki á fleiri myndlyklum og hraðari nettengingu og fyrir þá fáu landsmenn sem ekki vilji nota netið sé mögulegt að nota loftnet sem nái útsendingum RÚV. „Viðskiptavinirnir hafa alltaf val um það hvar þeir stunda viðskipti," segir Margrét.






VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Á GRÆNLANDI

Kaupstefna í Nuuk
15.–19. nóvember nk.

**Flugfélag Íslands** flýgur nú til Nuuk á Grænlandi allan ársins hring. Það gefur Íslendingum tækifæri til að efla samskipti, verslun og viðskipti við þessa góðu granna okkar í vestri. Grænlendingar hafa áhuga á að fá til sín ferska matvöru með flugi frá Íslandi, útivistarfatnað, varahluti, blóm o.fl.

Flugfélag Íslands og Íslandsstofa hyggjast efna til kaupstefnu í Nuuk **dagana 15.–19. nóvember**, þar sem fyrirtækjum býðst tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu. Kynningin mun fara fram í menningarhúsinu í Nuuk, Katuaq.

Kostnaður vegna þátttöku er 120.000 kr. fyrir manninn. (Innifalið er flug með sköttum, gisting á Hótel Hans Egede í þrjár nætur og kynningaraðstaða). Það er von okkar að með þátttöku nái þitt fyrirtæki forskoti á þessum markaði sem nú opnast með reglulegu frakt- og farþegaflugi til Nuuk.

Áhugasamir um þátttöku vinsamlega hafi samband við Berglindi Steindórsdóttur, **berglind@islandsstofa.is**, Aðalstein H. Sverrisson, **adalsteinn@islandsstofa**, sími 511 4000 eða Vigfús Vigfússon, **vigfusv@flugfelag.is**, sími 570 3406.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLANDSSTOFA
www.islandsstofa.is


Atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi 2010 mælist meira en á sama tímabili í fyrra:

# 11.700 landsmenn án atvinnu

**EFNAHAGSMÁL** Alls voru um 11.700 landsmenn atvinnulausir á þriðja ársfjórðungi 2010, sem eru um 6,4 prósent vinnufærra manna, samkvæmt því sem fram kemur á vef Hagstofu Íslands.

Atvinnuleysi milli annars og þriðja ársfjórðungs hefur dregist saman, en það mældist 8,7 prósent á öðrum ársfjórðungi. Þekkt er að árstíðabundnar sveiflur eru í atvinnumálum.

Þegar þriðji ársfjórðungur 2010 er borinn saman bið sama tímabil í fyrra hefur atvinnuleysið aukist milli ára. Það var 6,0 prósent í fyrra en er 6,4 prósent nú.

Atvinnuleysið mælist 6,1 prósent hjá körlum en 6,8 prósent hjá konum. Atvinnuleysið var hlutfallslega mest meðal fólks á aldrinum 16 til 24 ára, um 11,1 prósent. Hjá fólki á aldrinum 24 til 54 ára var atvinnuleysið 6,0 prósent en 3,8 prósent hjá 55 ára og eldri.

Á höfuðborgarsvæðinu voru átta prósent fólks á vinnumarkaðinum atvinnulaus, samanborið við 3,6 prósent þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. **- bj**

## Atvinnuleysi eftir ársfjórðungum 2004 til 2010





Heimild: Hagstofa Íslands

# MATREIÐSLUSKÓLI
## Hagkaups kynnir:

Matreiðsluskóli
Hagkaups



# CUPCAKE SKREYTINGAR með Rikku

CUPCAKE skreytinga námskeið Rikku, mun leiða þátttakendur í gegnum galdurinn við glæsilegar skreytingar.

STAÐUR
Hagkaup Smáralind og Akureyri

TÍMI
kl.18:00 - 20:00

SKRÁNING
cupcakes@hagkaup.is eða í síma 563 5082

VERÐ
kr. 5.900,- (greitt á staðnum)

DAGSETNING
8. nóv. - Smáralind
17. nóv. - Smáralind
22. nóv. - Akureyri
23. nóv. - Akureyri
24. nóv. - Smáralind
29. nóv. - Smáralind



# KONFEKTNÁMSKEIÐ
## með Halldóri Kr. Sigurðssyni konditormeistara

NÓI SÍRÍUS



FYRIRKOMULAG NÁMSKEIÐA
- Þátttakendur eru leiddir inní leyndardóminn um hvernig á að búa til dýrindis konfekt.
- Hver og einn býr til sína mola úr súkkulaði frá Nóa Síríus.
- Farið verður í gerð fyllinga og meðhöndlun á súkkulaði (temprun).
- Afrakstur námskeiðis tekur hver og einn með sér heim.

STAÐUR
Hagkaup Smáralind og Akureyri

TÍMI
kl.18:00 - 20:00

SKRÁNING
konfekt@hagkaup.is eða í síma 563 5082

VERÐ
kr. 3.900,- (greitt á staðnum)

DAGSETNING
10. nóv. - Smáralind
15. nóv. - Smáralind
16. nóv. - Smáralind
22. nóv. - Smáralind
23. nóv. - Smáralind
25. nóv. - Akureyri
30. nóv. - Smáralind
1. des. - Smáralind



24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er formaður menntamálanefndar Alþingis?
2. Hver er höfundur bókarinnar Þór - Leyndarmál guðanna?
3. Hvað heitir eiginkona Russell Brand?

SVÖR

1. Skúli Helgason. 2. Friðrik Erlingsson. 3. Katy Perry

Hægriflokkar Evrópusambandsríkja þrýsta á um almenna atkvæðagreiðslu:

# Vilja kjósa um aðild Tyrklands að ESB

**VÍN, AP** Flokkar utarlega á hægri væng evrópskra stjórnmála hyggjast efna til undirskriftasöfnunar til að þrýsta á um almenna þjóðaratkvæðagreiðslu innan Evrópusambandsins (ESB) til að koma í veg fyrir aðild Tyrklands að sambandinu.

Um helgina hittust fulltrúar hægriflokka í Vín, að undirlagi Frelsisflokks Austurríkis. Þar voru samankomnir Sjálfstæðisflokkur flæmingja í Belgíu, Norðurbandalagið frá Ítalíu, Svíþjóðardemókratar og danskir Þjóðarflokkurinn.

Var það niðurstaða fundarins að Tyrkland „ætti ekki heima í Evrópu“ og að borgarar ESB ættu að fá að segja sína skoðun á málinu. Því er lagt út í undirskriftasöfnun, en samkvæmt Lissabon-sáttmála ESB er hægt að krefja framkvæmdaráð sambandsins um að íhuga lagasetningu í tilteknu máli ef ein milljón undirskrifta fást því til stuðnings.

Heinz-Christian Strache, formaður Frelsisflokksins, sagði eftir fundinn að Evrópa væri á villigötum ef Tyrklandi yrði hleypt inn. „Innganga Tyrklands myndi boða endalok ESB og upphaf sam-evrópsk-asísk-afrísks sambands sem er í andstöðu við friðarverkefni Evrópu og það má ekki gerast.“ - þj

### Tyrkland og ESB

Tyrkland hefur um árabil stefnt að ESB-aðild og hefur verið í formlegum aðildarviðræðum frá árinu 2005.

Meðal helstu tálma á vegferð Tyrkja eru mannréttindamál og deilur vegna afskipta þeirra af málum Kýpur.



**VILJA EKKI TYRKLAND Í ESB** Heinz-Christian Strache og félagar hans í hópi hægrimanna vilja láta kjósa um inngöngu Tyrklands í ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skipaumferð hefur afleiðingar:

## Heimskautaís bráðnar hraðar

**UMHVERFISMÁL** Opnist skipaleiðir á Norðurslóðum vegna bráðnunar í kringum Norðurpólinn geta afleiðingar af skipaumferð orðið alvarlegar fyrir umhverfið, að mati bandarískra og kanadískra vísindamanna.

Loftmengun sem fylgir skipaumferðinni mun auka verulega gróðurhúsaáhrifin á svæðinu. Þá gæti sót í útblæstrinum aukið áhrifin um 17 til 78 prósent að mati vísindamannanna. Þetta getur leitt til mun meiri bráðnunar heimskautaíssins vegna skipaumferðarinnar, segir James J. Corbett, haffræðiprófessor við Háskólann í Delaware í Bandaríkjunum. - bj

## SJÁVARÚTVEGSMÁL

### Færeysk skip veiða vel

Heildarbotnfiskafli færeyskra skipa það sem af er ári er 3.813 tonn sem eru tæp 76 prósent af leyfilegum heildarafla þeirra. Á sama tíma í fyrra höfðu færeysk skip veitt 2.679 tonn. Í september voru ellefu skip að veiðum og var heildarafli þeirra 797 tonn.

### Afli dregist mikið saman

Heildarafli í kvótabundnum tegundum síðustu fimm fiskveiðiár hefur minnkað töluvert. Heildarafli á fiskveiðiárinu 2009/2010 er helmingi minni en hann var fiskveiðiárið 2001/2002. Helstu ástæður þessa er að rekja til minni uppsjávarafla en afli í kolmunna, síld og loðnu er almennt minnkandi yfir tímabilið þrátt fyrir auknar veiðar á makríl.

# Ætla að hafna tillögu Mannréttindaráðs

**Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í mannréttindaráði munu ekki samþykkja óbreytta tillögu um breytingar á samstarfi skóla og kirkju. Alls hafa borist 22 kvartanir á tveimur árum. Formaður ráðsins býst ekki við efnismiklum breytingum.**

**MENNTAMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í mannréttindaráði lýsa því yfir að tillaga meirihlutans sé óþarfi og flokkurinn muni greiða atkvæði gegn henni í óbreyttri mynd.

Mannréttindaráð fundaði í gær um tillögur að breytingum á samstarfi leik- og grunnskóla og þjóðkirkjunnar. Afgreiðslu málsins var frestað til 3. nóvember.

Sjálfstæðisflokkurinn bókaði tillögu á fundinum þar sem segir að vonast sé til þess að með því að fresta tillögunni geri meirihlutinn sér grein fyrir því að skoða þurfi málið betur með vilja borgarbúa að leiðarljósi.

„Ein af forsendum tillögu meirihlutans var sú að fjölmargar kvartanir hefðu borist vegna heimsókna trúfélaga í skólana, ekki fylgdu þeirri staðhæfingu neinar tölulegar upplýsingar.“

Samkvæmt upplýsingum frá mannréttindaráði hafa alls borist 52 formlegar kvartanir síðan í ágúst 2008. Þar af snúa 22 að samstarfi kirkju og skóla.

Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, segir botninn vera dottinn úr tillögunni með tilvísuninni í kvartanir foreldra.

„Upphaflega var farið af stað þegar talið var að mikið væri um þessar kvartanir, en þessi fjöldi getur ekki talist mjög stórt vandamál,“ segir Þórey. „Mér þykir ólíklegt að tillagan nái fram að ganga í óbreyttri mynd sökum skorts á samstöðu. Það er verið að ganga mjög hart fram.“



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR** Formaður mannréttindaráðs segir engar formlegar tillögur að breytingum hafa verið lagðar fram á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR** Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í mannréttindaráði segir flokkinn munu greiða atkvæði gegn breytingartillögunni. MYND/RÓBERT

Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs, segir að engar formlegar tillögur að breytingum hafi verið lagðar fram á fundinum og býst ekki við því að miklar tilfærslur verði gerðar á hugmyndinni. „Kannski munum við aðeins skerpa á orðalagi, en ég á ekki von á efnismiklum breytingum,“ segir hún.

Menntamálaráðuneytið lét gera lögfræðiálit á samstarfi þjóðkirkjunnar og grunn- og leikskóla og þar kemur fram að lögmætt sé að kenna trúarbragðafræði sem hluta af námsefni. Telji foreldrar að það eða þátttaka í atburðum og athöfnum fari gegn trúar- eða lífsskoðunum sínum geti þeir sótt um undanþágu fyrir börn sín frá skólaskyldu í slíkum atvikum.

sunna@frettabladid.is









Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern

Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER SICHER UNGS KAMMER BAYERN

Finanzgruppe

**FRÉTTASKÝRING:** Er teboðið að tryggja repúblikönum sigur?




**KOSNINGAFUNDUR Í PHOENIX** Slagorðin vantar ekki á kosningaspjöldin þegar Teboðshreyfingin heldur fundi. NORDICPHOTOS/AFP

# Bandaríkjamenn falla fyrir teboðinu

**Örlög demókrata virðast þegar ráðin fyrir þingkosningarnar í næstu viku. Repúblikanar njóta mikils meðbyrs, og þakka það ekki síst hinni umdeildu Teboðshreyfingu, sem hefur vakið athygli fyrir skrautlegan málflutning á köflum.**

Ljóst þykir að bandarískir demókratar muni missa töluvert af þingsætum í kosningunum, sem haldnar verða á þriðjudaginn í næstu viku. Spurningin snýst nú orðið eingöngu um það hversu stór sigur repúblikana verður, og munar þá mestu um hvort repúblikanar nái meirihluta í fulltrúadeild eins og nú virðast horfur á, eða jafnvel báðum deildum Bandaríkjaþings, sem mögulegt virðist.

Velgengni repúblikana í skoðanakönnunum er að stórum hluta byggð á vinsældum Teboðshreyfingarinnar svonefndu, sem hefur verið áberandi í bandarískri stjórnmálaumræðu síðustu misserin.

Teboðshreyfingin þykir þó á köflum öfgakennd í málflutningi, svo hófsamir repúblikanar óttast sigurgöngu hennar ekkert síður en demókratar.

Sérstaklega hafa margvísleg ummæli frambjóðanda hreyfingarinnar til öldungadeildarþingsætis fyrir Delaware vakið furðu. Hún hefur til dæmis fullyrt að þróunarkenningin sé goðsögn: „Hvers vegna eru apar þá ekki enn að þróast í menn?“ spurði hún.

Einnig hélt hún því fram að bandarískir vísindamenn væru að rækta saman menn og dýr með þeim árangri að á rannsóknarstofum þeirra væru nú til „mýs með fullvirka mannsheila“.

Þá hefur hún lagt mikla áherslu á nauðsyn skírlífis og telur frjálsræði í kynferðismálum hafa haft skelfilegar afleiðingar: „Við fengum kynlífsbyltinguna á sjöunda áratugnum og nú er fólk að deyja úr alnæmi,“ sagði hún eitt sinn.

Við sama tækifæri sagði hún aðskilnað kristni og skólastarfs hafa haft skelfilegar afleiðingar: „Við fjarlægðum Biblíuna og bænahald úr almenningsskólum, og nú er verið að skjóta á fólk í hverri viku.“

Þetta eru kannski öfgakenndustu dæmin, en samkvæmt skoðanakönnunum eru áherslur stuðningsmanna hreyfingarinnar dálítið langt úti á jaðri stjórnmálanna. Þannig er yfirgnæfandi meirihluti þeirra til dæmis á móti auknum réttindum samkynhneigðra. Þeir eru einnig almennt andvígir miklum samskiptum stjórnvalda við múslimaríki og þeir vilja sýna innflytjendum fulla hörku.

Þekktasti málsvari Teboðshreyfingarinnar er Sarah Palin, fyrrverandi ríkisstjóri Alaska, sem John McCain fékk til að vera varaforsetaefni hans í forsetakosningunum fyrir tveimur árum. Hún er ekki í framboði nú, en heldur áfram að vekja athygli á hreyfingunni með afdráttarlausum yfirlýsingum af ýmsu tagi.

Demókratar vonuðust reyndar lengi vel til þess að öfgar Teboðshreyfingarinnar yrðu til þess að fæla kjósendur frá Repúblikanaflokknum. Sú þróun myndi þá vinna á móti óánægju Bandaríkjamanna með Demókrataflokkinn, nú þegar Barack Obama hefur glímt í tvö ár með misjöfnum árangri við bæði erfiða efnahagskreppu og óvinsæla hernaðarafleifð fyrri stjórnar Repúblikanaflokksins.

Sú virðist þó ekki ætla að verða raunin. Sigurganga repúblikana með Teboðshreyfinguna í fararbroddi fer ekki framhjá neinum lengur.




**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is


## Obama gæti misst þingmeirihluta

Repúblikanar gera sér nú vonir um að ná meirihluta í fulltrúadeild og jafnvel öldungadeild Bandaríkjaþings í þingkosningunum, sem haldnar verða 2. nóvember. Kosið er um öll þingsæti fulltrúadeildar og þriðjung þingsæta öldungadeildar, auk kosninga til ríkisstjóra og fleiri smærri embætta.

**Spá um úthlutun þingsæta byggð á skoðanakönnunum**




Heimild: RealClearPolitics

## Teboðshreyfingin nýja



Nýja teboðshreyfingin fór af stað með látum snemma árs 2009 og efndi til mótmæla gegn ríkisstjórn Baracks Obama víða um Bandaríkin. Hún á sér þó rætur í sams konar mótmælum sem efnt hefur verið til nokkuð reglulega síðustu áratugina þar í landi. Boðskapurinn er einfaldur: skattar eru ranglátir, ríkisútgjöldum á að halda í lágmarki. Við þetta bætast ýmsar kristilegar áherslur, misjafnlega sérvitringslegar. Uppistaðan í hreyfingunni er laustengdir einstaklingar yst til hægri í Repúblikanaflokknum, með dyggum stuðningi fjársterkra repúblikana.

## Teboðið í Boston 1773

Teboðshreyfingin er nefnd eftir „teboðinu í Boston“, sögufrægri mótmælaaðgerð sem átti sér stað í desember árið 1773, þremur árum áður en Bandaríkjamenn sögðu skilið við Bretland og stofnuðu sjálfstætt ríki. Hópur manna réðst um borð í þrjú skip frá Bretlandi, sem lágu í höfninni í Boston, og eyðilögðu þar þrjá heila skipsfarma af tei með því að henda því í höfnina. Með þessu vildu þeir mótmæla skattlagningu breska konungsins á te, sem flutt var frá breskum nýlendum í Austurlöndum til Bretlands og þaðan aftur til Bandaríkjanna. Bandaríkjamönnum þótti ranglátt að þurfa að greiða þennan skatt, og mótmælin í Boston urðu til þess að efla sjálfstæðishreyfingu þeirra.


# Verkefnin framundan

**Komdu á opinn fund Samfylkingarinnar**

Fundir um allt land með stuttum ávörpum um verkefni vetrarins og góðum tíma til umræðna. Komið og takið þátt í líflegum skoðanaskiptum.

**Ísafjörður – Edinborgarhúsið**
miðvikudaginn 27. okt. kl. 21
Ólína Þorvarðardóttir
Guðbjartur Hannesson

**Reykjavík – Grand Hótel**
fimmtudaginn 28. okt. kl. 20
Jóhanna Sigurðardóttir
Össur Skarphéðinsson

**Garðabær – Safnaðarheimili Vídalínskirkju**
fimmtudaginn 28. okt. kl. 20
Árni Páll Árnason
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

**Akranes – Gamla kaupfélagið**
fimmtudaginn 28. okt. kl. 20
Guðbjartur Hannesson
Ólína Þorvarðardóttir

**Hvolsvöllur – Hótel Hvolsvöllur**
fimmtudaginn 28. okt. kl. 20
Oddný G. Harðardóttir
Róbert Marshall

**Hafnarfjörður – Samfylkingarhúsið Strandgötu**
mánudaginn 1. nóv. kl. 20
Lúðvík Geirsson
Guðbjartur Hannesson

**Kópavogur – Hamraborg 11a**
mánudaginn 1. nóv. kl. 20.30
Árni Páll Árnason
Valgerður Bjarnadóttir

**Egilsstaðir – Hótel Hérað**
mánudaginn 1. nóv. kl. 20
Sigmundur Ernir Rúnarsson
Þórunn Sveinbjarnardóttir

**Árborg – Tryggvaskáli Selfossi**
mánudaginn 1. nóv. kl. 20
Björgvin G. Sigurðsson
Róbert Marshall

**Neskaupstaður – Egilsbúð**
þriðjudaginn 2. nóv. kl. 20
Kristján L. Möller
Jónína Rós Guðmundsdóttir

**Blönduós – Fundarsalur Samstöðu**
þriðjudaginn 2. nóv. kl. 20
Guðbjartur Hannesson
Magnús Orri Schram

**Garður – Kaffihúsið Flösin**
þriðjudaginn 2. nóv. kl. 20
Katrín Júlíusdóttir
Oddný G. Harðardóttir

**Akureyri – Hótel KEA**
miðvikudaginn 3. nóv. kl. 20
Kristján L. Möller
Katrín Júlíusdóttir



**Allir velkomnir** www.xs.is




## Grafísk hönnun «

BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

- **Photoshop**
- **Illustrator**
- **InDesign**

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF). Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða.

**Hefst 4. nóv. og lýkur 16 des.** Kennt er þri og fim kl 18-21:30 og 5x laugard. kl. 9-12:30 (Fá sæti laus)
**Verð kr. 129.000,-** Allt kennsluefni innifalið.

## Eldri borgarar 60+ «

**Byrjendur 60+**
Námskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri sem litla sem enga tölvukunnáttu hafa. Hæg yfirferð með reglulegum upprifjunum og endurtekningum. Tölvugrunnur, internetið og tölvupóstur.
**Hefst 4. nóv.** Kennt er tvo eftirmiðdaga í viku (7 skipti) frá kl. 13 – 16
**Verð kr. 25.000,-** (Kennslubók innifalin)

**Framhald 60+**
Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu. Upprifjun tölvugrunns áður en haldið er lengra í ritvinnslu. Frekari æfingar í notkun internets (t.d. Facebook ofl.) og í allri meðferð tölvupósts.
**Hefst 3. nóv.** Kennt er tvo eftirmiðdaga í viku (7 skipti) frá kl. 13 – 16
**Verð kr. 25.000,-** (Kennslubók innifalin)

**Stafrænar myndavélar og tölvan 60+**
Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar.
**Hefst 17. nóv**. Kennt er mán & mið(fjögur skipti) frá kl. 13 – 16
**Verð kr. 18.000,-** (Kennslubók innifalin)

## Almennt tölvunám «

BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU

Hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstigi og vilja auka við færni sína og hraða í helstu notendaforritunum.

**Windows 7 – Word 2010 – Excel 2010 – Internet og Outlook 2010.**

**Hefst 2. nóvember. Lengd: 60 std Verð kr. 49.000,-**

## Navision -Fjárhgsbókhald «

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunnað byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í framhaldsskóla.

Aðalmarkmið er að þjálfa fólk til starfa við tölvubókhald í Navision og kenna meðferð bókhaldsgagna og uppbyggingu bókhaldslykla í tölvu. Leiðréttingar, millifærslur, reiknisjöfnuður og afstemmingar. Fylgiskjöl nokkurra mánaða færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum lista, aðalbókar, efnhags og rekstrarreikninga.

**Hefst 17. nóv. Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,-**

## Wordpress-Vefurinn minn « NÝTT

Á námskeiðinu setja þátttakendur upp eigin vef frá grunni.
Gert er ráð fyrir að þátttakendur sæki um sitt eigið lén eða notist við lén sem þeir kunna að eiga. Þáttakendur geta nýtt fjölbreytta hýsingarkosti og fá kennslu og aðstoð við uppsetningu á vefumsjónarkerfi.

Kennt verður á Wordpress sem er eitt vinsælasta vefumsjónarkerfið í heiminum í dag. Wordpress er opinn hugbúnaður sem nýta má endurgjaldslaust. Námskeiðið er kjörið fyrir alla sem vilja koma sér upp eigin vef með litlum tilkostnaði. Kennari á námskeiðinu er Sigurður Fjalar Jónssson.

**Sjá nánari lýsingu á www.tsk.is Lengd 26 std. Verð kr. 29.000,-**

## Ný viðmið í áhættugreiningu « NÝTT

Námskeið ætlað stjórnendum og þeim sem starfa við greiningar, áætlanir og verkefnastjórnun. Kennd verður notkun á @Risk, PrecisionTree, NeuralTools og @Risk for project.

**Hefst 18. nóvember - Nánari upplýsingar á www.kominn.is eða skráning á www.tsk.is**

| Stök forrit | Hefst | Lengd | Verð |
|---|---|---|---|
| Photoshop grunnur | 1. nóv. | 21 std. | 27.000,- |
| Word 2010 | 4. nóv. | 21 std. | 27.000,- |
| Dreamweaver grunnur | 15. nóv. | 26 std. | 29.000,- |
| Excel 2010 | 18. nóv. | 21 std. | 27.000,- |
| Illustrator | 20. nóv. | 31 std. | 44.000,- |
| InDesign | 4. des. | 31 std. | 44.000,- |

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is



**LEIRKERASMIÐUR Í HYDERABAD** Indverskur leirkerasmiður framleiðir olíuskálar fyrir ljósahátíðina Diwali, sem verður haldin 5. nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

Útvarpsstöðin Kaninn fær ársframlengingu á tíðniheimildinni FM 100,5:

# Athygli vakin á lausum tíðnum

**VIÐSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vekur á því athygli í síðustu ákvörðun sinni að enn sé nokkuð af lausum tíðnum fyrir FM útvarpssendingar á höfuðborgarsvæðinu.

„En erfitt er að gefa út tæmandi lista yfir hvaða tíðnir það eru þar sem það ræðst meðal annars af staðsetningu sendis og sendistyrk," segir á vef stofnunarinnar.

Ábendingin fylgir ákvörðun PFS um að úthluta á ný útvarpsstöðinni Kananum tíðniheimildinni FM 100,5.

Í ákvörðun PFS segir að lagt hafi verið mat á staðsetningu sendis út frá truflanahættu, sendistyrk og mögulegri geislunarhættu, sérstaklega þar sem sendistaðurinn sé á einu af útivistarsvæðum höfuðborgarsvæðisins, í Bláfjöllum.



**AFMÆLISTERTA** Útvarpsstöðin Kaninn hélt upp á ársafmæli sitt í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„PFS hefur í hyggju að veita leyfið til ÚÍ1 ehf. [rekstrarfélags Kanans] tímabundið í eitt ár gegn því skilyrði að sendirinn verði færður frá núverandi stað á nýjan stað sem talinn er í öruggri fjarlægð frá vinnusvæði starfsmanna í Bláfjöllum og umferð skíðafólks en einnig lengra frá öðrum fjarskiptavirkjum á svæðinu," segir í ákvörðun PFS. Hagsmunaaðilar fá frest til fimmta næsta mánaðar vilji þeir gera athugasemdir við ráðstöfun tíðniheimildarinnar. - óká

Fíkniefnamál víða um borg:

## Hass, ræktanir og amfetamín

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði afskipti af fólki víða um borgina um nýliðna helgi vegna fíkniefnamála.

Hass og amfetamín fundust í bíl í miðborginni. Ökumaðurinn, karlmaður á þrítugsaldri, reyndist jafnframt þegar hafa verið sviptur ökuleyfi. Fíkniefni fundust einnig í húsi í Háaleitishverfi og játaði húsráðandi, piltur um tvítugt, sök sína í málinu.

Þá stöðvaði lögreglan líka tvær kannabisræktanir í tveimur óskyldum málum í Breiðholti. - jss


KPMG
cutting through complexity™

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja

Haustráðstefna KPMG
28. október / Grand Hótel

KPMG blæs til haustráðstefnu þar sem fjallað verður um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og er leitað í þekkingar- og reynslubrunn nokkurra áhugaverðra fyrirlesara.

Ráðstefnan byrjar með hádegisverði klukkan tólf og dagskráin hefst formlega klukkan eitt. Ráðstefnugjald er 7.500 kr.

Skráning fer fram á www.kpmg.is

Dagskrá

Fjármálakreppan og aðlögun íslensks efnahagslífs
*Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri*

Fjárhagsleg endurskipulagning – hvernig mætast sjónarmið fyrirtækja og kröfuhafa
*Michael Dance, sérfræðingur í fjárhagslegri endurskipulagningu*

Lífið eftir endurskipulagningu
*Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips*

Reynslusaga af flóknu endurskipulagningarferli
*H. Ágúst Jóhannesson, KPMG*

Eru enn til staðar hindranir í endurskipulagningu og viðreisn fyrirtækja?
*Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands*

Pallborðsumræður
*Stjórnandi: Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital*

Ráðstefnustjóri
*Auður Ósk Þórisdóttir, KPMG*







**TENGDASTA LAND Í HEIMI** Suður-Kórea heldur fyrsta sæti í samanburði á gæðum og útbreiðslu nettenginga í löndum heims. Hér má sjá grunnskólabörn í sýningarsal suður-kóreska fyrirtækisins Samsung. NORDICPHOTOS/AFP

# Ísland í fjórða sæti yfir gæði nettenginga

**Gæði nettenginga heimsins hafa aukist um 24 prósent milli ára. Þetta kemur fram í þriðju könnun Saïd-viðskiptaháskólans í Oxford á gæðum háhraðatenginga. 48 lönd njóta allra netgæða sem völ er á.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Ísland er meðal þeirra fimm landa heims þar sem nærri 100 prósent heimila hafa háhraðatengingu við internetið. Hin löndin eru Hong Kong, Suður-Kórea, Lúxemborg og Malta.

Þetta er meðal þess sem lesa má út úr nýrri könnun Saïd-viðskiptaháskólans við Oxford-háskóla í Bretlandi á þróun í gæðum nettenginga í heiminum. Könnunin er árviss og hefur verið gerð frá því árið 2008.

Metin er útbreiðsla nettenginga, aðgengi að þeim, hraði á niðurhleðslu og upphali, auk fleiri þátta og löndum gefin einkunn út frá samspili þeirra.

Ef tekið er meðaltal allra landanna sem könnunin náði til, en hún er gerð í 72 þjóðríkjum og 239 borgum, þá kemur í ljós að 49 prósent heimila hefur aðgang að háhraðanettenginu. Í fyrra var sú tala 47 prósent og 40 prósent árið 2008. Þá hafa orðið framfarir hvað gæði tenginga varðar, en það er metið svo að þau hafi aukist um nærri fjórðung, 24 prósent, á milli ára og um 48 prósent frá 2008.

Meðalhraði niðurhals í heiminum var þannig 5.920 Kbps (kílóbit á sekúndu) í ár, miðað við 4.882 Kbps í fyrra og 3.271 Kbps árið 2008. Sama þróun hefur svo verið hvað upphleðsluhraða varðar, en hann hefur farið úr 794 Kbps 2008 í 1.345 Kbps 2009 og í 1.777 Kbps á þessu ári.

Biðtími á netinu (e. latency, tíminn sem það tekur að hefja gagnasendingu frá því beiðni um það er send) hefur hins vegar aukist lítillega, í 142 millisekúndur úr 140 millisekúndum í fyrra. Staðan er hins vegar um fjórðungi betri en árið 2008, þegar biðtíminn var 189 millisekúndur. Millisekúnda er einn þúsundasti úr sekúndu.

Til samanburðar má benda á að í Suður-Kóreu er meðalhraði niðurhals 33,5 megabit á sekúndu (Mbps), upphalið 17,3 Mbps og biðtími 47 millisekúndur.

Ísland er meðal þeirra fjórtán landa sem sögð eru reiðubúin til að taka við „tækni morgundagsins", en þar er vísað til hluta á borð við háskerpusjónvarp á netinu og hágæða myndsamskiptatækni. Allra helstu kosta sem netið og nútímasamskipti hafa upp á að bjóða njóta hins vegar 48 lönd, samkvæmt könnuninni.

Rúmur helmingur landanna hefur svo brúað „stafrænu gjána", en það lýsir sér í því að minnkandi munur er á gæðum nettenginga í stærstu borgum landa og dreifðari byggðum þeirra. Mestur er munur á tengingum í borgum og sveitum í Lettlandi, en minnstur í Japan, þar sem tengingar eru jafnvel heldur betri í sveitum en borgum. olikr@frettabladid.is

**Efstu 10 sætin í háhraðanettengingum í heiminum**

| Stig | Land | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| 157 | Suður-Kórea | 1 | 1 | 1 |
| 118 | Hong Kong | 2 | 3 | 2 |
| 116 | Japan | 3 | 7 | 4 |
| 115 | Ísland | 4 | 4 | 8 |
| 111 | Sviss | 5 | 5 | 6 |
| 111 | Lúxemborg | 5 | 5 | 9 |
| 111 | Singapúr | 5 | 2 | 3 |
| 108 | Malta | 6 | 10 | 19 |
| 107 | Holland | 7 | 6 | 5 |
| 106 | SAF* | 8 | 12 | 19 |
| 106 | Katar | 8 | 2 | 11 |
| 104 | Svíþjóð | 9 | 8 | 9 |
| 103 | Danmörk | 10 | 9 | 7 |

* Sameinuðu arabísku furstadæmin

Þriðja könnun Landsvirkjunar:

## Dregið hefur úr launamuninum

**VINNUMARKAÐUR** Dregið hefur úr launamun kynjanna hjá Landsvirkjun. Í tilefni af 35 ára afmæli kvennafrídagsins, birti fyrirtækið í gær niðurstöður um muninn.

„Þegar skoðuð eru heildarlaun og tekið mið af kyni, aldri, starfsaldri, menntun, starfaflokki og vinnustundum, mælist kynbundinn launamunur 4,2 prósent, konum í óhag,“ segir á vef fyrirtækisins. PricewaterhouseCoopers annaðist könnunina.

Árið 2003 var launamunurinn 12 prósent hjá Landsvirkjun og 6,0 prósent árið 2006. - óká

Upplýsingar um skattgreiðslur fólks eru opinberar víðast hvar á Norðurlöndum:

# Norðmenn birta upplýsingar um skatta á netinu

**NOREGUR** Upplýsingar um skattamál einstaklinga eru víðar þrætuepli en hér á landi, en í síðustu viku birtu skattayfirvöld í Noregi allar upplýsingar um skattgreiðslur norskra borgara á vefnum.

Þessi siður er umdeildur, en birting gagna um skattgreiðslu einstaklinga tíðkast víðast hvar á Norðurlöndum og á sér langa sögu í Noregi, að því er fram kemur á vef Aftenposten.

Í Noregi liggja upplýsingarnar fyrir í afgreiðslum skattayfirvalda og eru einnig öllum opnar á vefnum í ótakmarkaðan tíma.

Fyrirkomulagið í Svíþjóð og Finnlandi er í ætt við það sem viðgengst hér á landi þar sem upplýsingarnar eru opinberar, en er ekki dreift í stafrænu formi og eru ekki aðgengilegar á vefnum.

Danmörk sker sig úr hópnum þar sem opinber birting þessa upplýsinga þykir brjóta í bága við réttindi einstaklingsins.

Umræðan í Noregi er í grófum dráttum svipuð og hér á landi þar sem tvö meginsjónarmið takast á, það er rétturinn til friðhelgi einkalífsins gegn því að þetta fyrirkomulag veiti almenningi aðhald og vinni að því að allir leggi það sem þeim ber til samfélagsins.

Þó eru taldar líkur á að aðgangur verði skertur næsta ár. - þj




**ÁLAGNINGARSKRÁ** Skattaupplýsingar eru víðar umdeildar en á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**REYKJANESBÆR** Frekari niðurskurðir voru samþykktir í bæjarráði Reykjanesbæjar á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðhaldsaðgerðir syðra:

## Niðurskurður í Reykjanesbæ

**REYKJANESBÆR** Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti á síðasta fundi sínum að takmarka umönnunargreiðslur á árinu 2011. Þá verði greitt með hverju barni til 15 mánaða aldurs en eftir það verði greiðslur takmarkaðar við niðurgreiðslu vegna dagforeldra með börnum til leikskólaaldurs.

Þá var samþykkt að segja upp samningi um rekstur félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima sem hefur haft húsnæði að Ásbrú og flytja starfsemina í húsnæði að Hafnargötu 88.

Á fundinum fór bæjarstjóri einnig yfir fleiri niðurskurðartillögur fyrir næsta ár. - þj

Æstur maður á Akranesi:

## Barði í bifreið með hjólabretti

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður lamdi með hjólabretti utan í bifreið á sunnudag, en bíllinn var í akstri.

Ökumaðurinn sem var kona varð skiljanlega skelkuð og kallaði til lögreglu.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang var maðurinn mjög æstur og réðst gegn lögreglumönnunum vopnaður hjólabretti og sleggju. Var maðurinn handtekinn og vistaður í fangaklefa. - jss

**VESTFIRÐIR**

### Orkubúið jafni verð

Sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum óskuðu eindregið eftir því á kynningarfundi Orkubús Vestfjarðar fyrir skömmu að orkuverð á veitusvæði fyrirtækisins yrði jafnað milli þéttbýlis og dreifbýlis. Einnig væri mikilvægt að jafna húshitunarkostnað á köldum svæðum. Þetta kom fram á bæjarráðsfundi á Ísafirði.

**FERÐAÞJÓNUSTA**

### Nýtt hótel á Laugavegi

Fyrirspurn um hvort breyta megi skrifstofuhúsnæði og innrétta 105 herbergja hótel á Laugavegi 178 er nú til skoðunar hjá skipulagsráði Reykjavíkur. Húsið, sem stendur næst gamla sjónvarpshúsinu, er um 3.600 fermetrar.

„...væri það klárlega draumastarfið mitt. Ég myndi treysta mér í fjöldann hans langalangalangafa.“




Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku sem haft geta í för með sér ævilanga örorku. Þeir sem ekki hafa fest sig í sessi á vinnumarkaði standa utan lífeyriskerfisins og njóta því einungis bóta Tryggingastofnunar.

OKKAR framtíð er ný og kærkomin framtíðartrygging barna og ungmenna sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum. Með OKKAR sparnaði, sem laus er til útborgunar við átján ára aldur, má treysta undirstöðurnar enn frekar.

okkar framtíð
**- framtíðartrygging barna fyrir „efin“ í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna**

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • Fax 540 1401 • www.okkar.is

okkar

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meirihluti ríkisframlaga til rannsókna lýtur litlu gæðaeftirliti og sumir sjóðir eru rammpólitískir.

## Góð nýting skattfjár?

Tveir prófessorar við læknadeild Háskóla Íslands, Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon, hafa að undanförnu skrifað áhugaverðar greinar í Fréttablaðið um háskólarannsóknir á Íslandi. Þar hafa þeir meðal annars spurt þeirrar spurningar hvernig tryggja megi að þeir takmörkuðu fjármunir, sem hægt er að veita til rannsókna, nýtist sem bezt.

Ýmsar áhugaverðar staðreyndir hafa komið fram í greinum prófessoranna. Sú sem mesta athygli vekur er að aðeins um 15% af framlagi ríkisins til rannsókna fara í gegnum svokallaða samkeppnissjóði, samanborið við 30-40% annars staðar á Norðurlöndum og 85% í Bandaríkjunum. Í þeim samkeppnissjóðum sem fremst standa er strangt eftirlit með gæðum rannsókna, sem fá styrki. Alþjóðlegur hópur óháðra vísindamanna metur umsóknir um styrki áður en ákveðið er hvaða rannsóknir skuli styrktar. Sömuleiðis er metið eftir á hvaða árangri rannsóknirnar hafa skilað.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Magnús Karl og Eiríkur benda á að með afganginum, um 85% þess fjár, sem ríkið ver til rannsókna, sé lítið sem ekkert ytra eftirlit og ekkert spurt um gæði eða árangur. „Ef samkeppnissjóðirnir eru efldir aukast gæði rannsóknanna þannig að meira fæst fyrir féð,“ sögðu prófessorarnir í annarri grein sinni. „Við fjárlagagerð eru fáir talsmenn samkeppnissjóða en þeim mun fleiri og aðgangsharðari talsmenn þeirra stofnana sem þiggja sitt rannsóknafé beint af fjárlögum. Því er mikil hætta á því að samkeppnissjóðirnir verði útundan og verði jafnvel skornir niður við næstu fjárlagagerð. Þau vísindaverkefni sem hafa farið í jafningjamat og þar verið metin best, eru nú í mestri hættu á að vera ekki styrkt áfram, á meðan stofnanir sem stunda rannsóknir án gæðaeftirlits fá áfram fjármagn eftirlitslaust.“

Þetta er ákaflega þörf ábending, nú þegar alþingismenn véla um fjárlög næsta árs og hvernig á að nota okkar sameiginlega sjóð við einhverjar erfiðustu aðstæður í ríkisrekstrinum um árabil.

Í framhaldi af ábendingu prófessoranna um að sumir samkeppnissjóðir ríkisins séu í raun reknir sem „pólitískir sjóðir“, sem eigi lítið skylt við alvöru rannsókna- og vísindasjóði, fjallaði Fréttablaðið í gær um deilur innan ríkisstjórnarinnar um stjórnun rannsóknasjóða, sem eru eyrnamerktir sjávarútvegi og landbúnaði og á forræði ráðuneytisins sem Jón Bjarnason stýrir. Þar sitja pólitískar og fulltrúar hagsmunasamtaka í stjórn og ákveða hvernig fé skattgreiðenda er varið, ekki alþjóðlegir hópar vísindamanna.

Í skriflegum svörum Jóns Bjarnasonar við fyrirspurnum Fréttablaðsins kemur fram að hann sjái ekki nokkurn skapaðan hlut athugaverðan við þetta fyrirkomulag; það sé mjög vísindalegt. Það kemur út af fyrir sig alls ekki á óvart að Jón Bjarnason sé þeirrar meiningar. Hvaða skoðun ætli flokkssystkin hans og samráðherrar hafi hins vegar á fyrirkomulaginu? Til dæmis menntamálaráðherrann, Katrín Jakobsdóttir? Og fjármálaráðherrann, Steingrímur J. Sigfússon? Finnst þeim þetta góð nýting á peningum okkar skattgreiðenda?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gabbaður

Árni M. Mathiesen er að leggja lokahönd á bók um bankahrunið í félagi við Þórhall Jósepsson. Hún verður forvitnilegur lestur. Líklega verður þar, til dæmis, að finna nákvæma lýsingu á fundi Árna með evrópskum kollegum hans í Brussel 4. nóvember 2008 þegar hann var gabbaður til að samþykkja að Icesave-deilan yrði lögð í fimm manna bindandi gerðardóm. Strax kom í ljós að enginn annar íslenskur ráðamaður gat hugsað sér að fara þá leið og Árni var rekinn til baka með málið.

### Sjitt

Kannski lýsir Árni því líka hvað flaug í gegnum huga hans þegar hann áttaði sig á því í miðju símtali við Alistair Darling 6. október að hann væri að taka yfir símtal Geirs H. Haarde við Gordon Brown frá kvöldinu áður, þar sem Brown sakar Kaupþing Singer og Friedlander um stórfellda fjármagnsflutninga frá Bretlandi til Íslands.



### Fyrstir í mark

Skýring er komin á því hvers vegna konur í Árborg fengu ekki að taka þátt í kvennafrídeginum eins og kynsystur þeirra annars staðar á landinu: Þær hafa einfaldlega ekki fyrir neinu að berjast. Í Árborg hefur jafnrétti nefnilega verið náð, sagði bæjarstýran Ásta Stefánsdóttir í gær. Þar er launamunur kynjanna enginn. Þetta er heimsfrétt. Er búið að hringja í Reuters?



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Erlendar fjárfestingar og Evrópa

Evrópumál



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Erlendar fjárfestingar á Möltu, Kýpur, Slóvakíu og Slóveníu tvöfölduðust fyrstu fjögur árin eftir að ríkin gengu í Evrópusambandið árið 2004. Öll nota þau evru. Í Eistlandi jukust erlendar fjárfestingar um helming á sama tíma, en Eistar taka ekki upp evruna fyrr en um næstu áramót.

Þetta sýnir, að þegar smáríki ganga í Evrópusambandið stóreykur það erlendar fjárfestingar í viðkomandi ríkjum. Athyglisvert er, að langstærsti hluti erlendrar fjárfestingar í þessum fimm nýju aðildarlöndum kemur frá öðrum ríkjum sambandsins. Smáríki, sem hafa búið við sjálfstæða mynt og sveiflukenndan efnahag, einsog við Íslendingar, eru ekki sjálfsagður fjárfestingakostur í augum alþjóðlegra fjárfesta. Þeim fylgir áhætta, einsog birtist varðandi Ísland 2008.

Reynsla ríkjanna fimm sýnir hins vegar að um leið og ríkin verða hluti af traustu og stöðugu efnahagsumhverfi Evrópusambandsins, þá opnast fyrir flæði erlendra fjárfestinga frá ríkjum, sem eru fyrir í sambandinu. Það er engin ástæða til að ætla, að sama verði ekki uppi á teningnum ef Ísland gengi í Evrópusambandið og hefði skýra stefnu um upptöku evrunnar. Við þurfum á erlendum fjárfestingum að halda til að vinna gegn atvinnuleysinu. Það ógnar framtíð fjölmargra fjölskyldna, og þarmeð framtíð Íslands.

Þó atvinnuleysi á Íslandi fari að sönnu minnkandi eru ennþá um 15 þúsund manns án atvinnu. Árlega munu ríflega tvö þúsund manns hið minnsta bætast við á vinnumarkaðnum. Á næsta áratug þurfum við því að skapa störf fleiri en 30 þúsund störf til að eyða atvinnuleysinu. Ég tel að Evrópuleiðin sé besta leiðin til þess. Aðild Íslands að ESB er raunar besta einstaka aðgerð til endurreisnar ímyndar Íslands sem álitlegs fjárfestingarkosts. Evrópuleiðin mun skapa stöðugleika, færa okkur Evrópuvexti og stórlækka þannig greiðslubyrði fjölskyldna og fyrirtækja, gera okkur fært að skera frá verðtryggingunni, og síðast en ekki síst losna við gjaldeyrishöftin. Króna í viðjum gjaldeyrishafta mun ella koma í veg fyrir að Ísland geti keppt við aðrar þjóðir í viðskiptum á jafnræðisgrundvelli. Þessu til viðbótar sýnir nú reynsla smáþjóða, að erlendar fjárfestingar stóraukast þegar þær verða hluti af Evrópusambandinu.

Andspænis atvinnuleysi hafa íslenskar fjölskyldur ekki efni á að hafna þeirri framtíðarleið sem liggur gegnum Evrópusambandið. Menn verða þá að sýna fram á betri leið til að eyða atvinnuleysi á Íslandi. Það hefur enginn gert ennþá.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sammála Hreyfingunni

Efnahagsmál

Jón Steinsson
lektor í hagfræði við Columbia-háskóla



Stjórnvöld hafa nýverið kynnt áform um breytingar á gjaldþrotalögum fyrir einstaklinga. Áformin kveða á um að kröfur fyrnist að tveimur árum liðnum. Þetta er mikilvægt skref í rétta átt sem stjórnvöld hefðu átt að stíga strax haustið 2008. En betra seint en aldrei.

Þingmenn Hreyfingarinnar hafa gagnrýnt frumvarpið fyrir að ganga ekki nægilega langt. Þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að fyrningu megi rifta með dómsúrskurði ef lánadrottinn sýnir fram á að hann hafi „sérstaka hagsmuni“ af því að slíta aftur fyrningu, svo og ef telja má að fullnusta geti fengist í kröfuna á nýjum fyrningartíma. Þingmenn Hreyfingarinnar telja þessi ákvæði allt of rúm. Þau benda réttilega á að kröfuhafi hafi alltaf sérstaka hagsmuni af því að slíta fyrningunni.

Ég er sammála þingmönnum Hreyfingarinnar um að þessi ákvæði séu óskynsamleg. Ef þessi ákvæði verða að lögum mun það koma í hlut íslenskra lögfræðinga og dómara að túlka vilja löggjafans varðandi þessi atriði. Hættan er að íhaldssamir lögfræðingar og dómarar túlki vilja löggjafans þröngt og því gagnist þessi nýju lög fáum.

Auðvitað er það rétt sem íhaldsmennirnir segja að fyrning krafna við gjaldþrot mun hækka vexti lána þar sem áhætta lánveitenda eykst. Það eru tvær hliðar á öllum peningum. En fyrning krafna hefur einnig kosti. Við núverandi aðstæður er mikilvægasti kosturinn að hún heggur á það að fólk í vonlausri stöðu missi móðinn þegar bankinn vill ekki semja um niðurfærslu skulda. (Bankar eiga erfitt með að semja um slíkt við suma þar sem þá vilja allir hinir fá það sama.)

Við venjulegar aðstæður leiðir fyrning krafna til þess að áhættusækni þeirra sem skulda eykst. Íhaldsmenn líta slíkt neikvæðum augum þar sem þeim finnst ótækt að stjórnvöld ýti undir óráðsíu. En áhættusæknir frumkvöðlar eru oft þeir sem skapa mest verðmæti fyrir samfélagið. Með fyrningu krafna við gjaldþrot væru stjórnvöld því að ýta undir frumkvöðlastarfsemi.

Ákvæði um að unnt sé að rifta fyrningu krafna síðar grefur verulega undan kostum fyrningarinnar. Hvati þeirra sem nýta sér þennan kost til þess að standa sig vel í framtíðinni veikist þar sem velgengni í framtíð gæti kallað á upprisu gamalla skulda frá dauðum.

Fyrir um 110 árum settu Bandaríkin lög um fyrningu krafna við gjaldþrot einstaklinga. Það var gert í kjölfar fjármálakreppu og umræðan í Bandaríkjunum á þeim tíma var mjög svipuð umræðunni á Íslandi nú. Íhaldsmenn voru á móti þar sem þeir töldu óskynsamlegt að höggva skarð í eignarrétt lánveitenda. Um 50 árum fyrr átti sér stað svipuð umræða í Bandaríkjunum um hvort rétt væri að leyfa stofnun fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð hluthafa. Íhaldsmenn voru á móti því með svipuðum rökum.

> Það er einkennilegt að vinstristjórn á Íslandi árið 2010 veigri sér við að taka skref til þess að bæta stöðu þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu sem meira að segja hægrisinnuðustu ríkisstjórnir Bandaríkjanna síðustu 100 árin hafa tekið sem sjálfsögðum hlut.

Það hefur hins vegar sýnt sig að þessar lagabreytingar hafa reynst vel. Bandaríkin hafa verið leiðandi í efnahagsmálum þrátt fyrir þessi frávik frá hreinræktaðri einkaréttarfrjálshyggju og raunar ekki síst vegna þess að lagaumhverfið þar ýtir undir það að ungt framsækið fólk taki áhættu til þess að skapa eitthvað nýtt.

Til þess að taka fyrir þessa hættu væri skynsamlegt að ríkisstjórnin stigi skrefið til fulls og skrifi skýr lög hvað þetta varðar. Vitaskuld koma ýmis útfærsluatriði til álita. Þannig mættu lögin kveða á um að hluti krafna fyrnist ekki (t.d. skuldir sem nema meðalárstekjum viðkomandi yfir nokkurra ára tímabil á undan eða eitthvað í þeim dúr). En það ætti að vera kristaltært í lögunum að aðili sem gengur í gegnum gjaldþrot losni við nægilega mikið af skuldum sínum til þess að hann geti „byrjað upp á nýtt“.

Það er einkennilegt að vinstristjórn á Íslandi árið 2010 veigri sér við að taka skref til þess að bæta stöðu þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu sem meira að segja hægrisinnuðustu ríkisstjórnir Bandaríkjanna síðustu 100 árin hafa tekið sem sjálfsögðum hlut. Íhaldssemi finnst víðar á Íslandi en í Sjálfstæðisflokknum.

Vonandi hafa stjórnvöld á Íslandi kjark til þess að taka þetta sama skref hér á Íslandi nú 110 árum síðar. Ég spái því að það muni reynast vel og eftir 30 ár muni þeir sem nú eru á móti þessum breytingum líta hjákátlega út. Svona svipað og þeir sem voru á móti litasjónvarpi á sínum tíma.

## AF NETINU

### Hvað svo?



Fyrir nokkrum vikum mótmæltu 8000 þúsund manns vanda heimilanna í landinu og um leið voru ráðamenn rukkaðir um svör, ráðherrar kölluðu stjórnarandstöðu á neyðarfund, verkalýðshreyfing var rukkuð um svör, jafnvel stjórnendur lífeyrissjóðanna osfv. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr þeim brýna vanda sem margir eru í vegna húsnæðislána – en engum fréttamanni hefur dottið í hug (sem ég hef séð a.m.k.) að spyrja ráðamenn, samtök atvinnurekenda, verkalýðshreyfinguna hvernig þeir ætli að leiðrétta þennan ósanngjarna launamun kynjanna eftir mótmælin í gær? Hvað ætla stærstu atvinnurekendur að gera í því? Krafan um breytingar kom skýrt fram í gær – og það frá hálfri þjóðinni!

blog.eyjan.is/bryndisisfold

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir

LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is
Danatekt
Án parabena ilm- og litarefna
DANATEKT línan er krem, húðmjólk og hársápa fyrir alla fjölskylduna. Kremin næra þurra og viðkvæma húð og hlífa henni. Hársápan er svo mild að hana má nota á allan líkamann. Svansmerkið tryggir heilnæmi og gæði.
Nánari upplýsingar á www.portfarma.is
Nýtt í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51970 10/10




ÞRÓUNARSAMVINNA OG HJÁLPARSTARF Á VETTVANGI
- Í ÁTT AÐ BETRI HEIMI
Í samstarfi við Friðargæsluna, Rauða krossinn og Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Námskeið fyrir alla sem hafa áhuga á alþjóðamálum, mannúðarstarfi og þróunarsamvinnu og vilja auka skilning sinn og þekkingu á þeim efnum.
Kennt: Mán. 8., 15. og 22. nóv. kl. 16:30 - 20:00, lau. 27. nóv. kl. 10:00-15:00 og sun. 28. nóv. kl. 10:00-14:30. Skráningarfrestur til 1. nóvember
Sjá nánari upplýsingar á endurmenntun.is eða í síma 525 4444
Rauði kross Íslands
iceida
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Frá kr. 99.900
Aukaferðir í vetur
Beint morgunflug með Icelandair
Kanarí
1. febrúar – UPPSELT
1. febrúar – Viðbótarsæti
8. febrúar – Aukaflug
22. febrúar – UPPSELT
22. febrúar – Aukaflug
1. mars – UPPSELT
2. mars – Aukaflug
16. mars – Aukaflug
23. mars – Aukaflug
Tryggðu þér sæti strax!
Fjölbreytt gisting í boði!
Heimsferðir bjóða nú sex aukaflug til Kanarí í febrúar og mars, vegna mikillar eftirspurnar. Bjóðum beint morgunflug með Icelandair. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sæti í frábæra ferð í vetur.
Að sjálfsögðu nýtur þú þjónustu frábærra fararstjóra okkar á Kanarí allan tímann.
Verðdæmi:
Frá kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára á Parquemar smáhýsum með 2 svefnherbergjum, 16. mars í viku.
Frá kr. 109.900
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna á Parquemar í studio, 16. mars í viku.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
Ferðaskrifstofa
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**71** **JOHN CLEESE**
leikarinn breski er 71 árs í dag.
*„Sá sem hlær mest lærir best.“*



†

**Runólfur Sæmundsson**
frá Vík í Mýrdal

verður jarðsunginn frá Víkurkirkju laugardaginn 30. október kl. 14.

**Sigríður Karlsdóttir, Oddný Runólfsdóttir,**
**Karl Runólfsson, Sæmundur Runólfsson,**
**Runólfur Þór Runólfsson, tengdabörn og barnabörn.**



†

*Móðir okkar,*
**Kristjana Nanna Cortes**

er látin. Jarðarförin auglýst síðar.

**Garðar Cortes, Jón Kristinn Cortez.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*
**Ragnheiður Svanlaugsdóttir**
hjúkrunarkona,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 20. október sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 28. október kl. 13.00.

**Þórarinn Sveinsson** **Hildur Bernhöft**
**Svanlaugur Sveinsson** **Freyja Guðlaugsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra**



†

*Elskulegur fósturfaðir, afi, langafi og bróðir,*
**Ólafur Hákon Magnússon**
Nýlendu 1, Sandgerði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, mánudaginn 25. október. Útförin fer fram frá Hvalsneskirkju þriðjudaginn 2. nóvember kl. 14.00.

**Heiðar Guðjónsson**
**barnabörn, barnabarnabarn**
**og systkini hins látna.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*
**Hólmfríður Sigfúsdóttir**

andaðist aðfaranótt 16. október síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju í Aðaldal laugardaginn 30. október kl. 14.00.

**Bryndís Halldóra Bjartmarsdóttir**
**Hólmfríður Bjartmarsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Guðmundur Bjartmarsson**
**Hlaðgerður Bjartmarsdóttir** **Egill Þórir Einarsson**
**Sigfús Bjartmarsson** **Lóa Pind Aldísardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**ÞETTA GERÐIST:** 27. OKTÓBER ÁRIÐ 1955

## *Halldór Laxness hlýtur Nóbelinn*



Þennan dag árið 1955 hlaut Halldór Kiljan Laxness Nóbelsverðlaunin. Verðlaunin hlaut hann fyrir litríkan sagnaskáldskap, sem endurnýjað hefði stórbrotna íslenska frásagnarlist.

Hann tók við verðlaununum úr hendi Gústavs VI. Svíakonungs. Prófessor Elias Wessén kynnti íslenska skáldið í stuttri ræðu og komst svo að orði að enn væru Íslendingar mestir norræna bókmenntaþjóða.

Í þakkarræðu sinni fjallaði Halldór um bókmenntir frá Íslandi að fornu og nýju en eftirtektarverðar þóttu þakkir hans til þeirra mörgu sem gerðu honum kleift að verða rithöfundur. Þakklæti hans til ömmu sinnar Guðnýjar Klængsdóttur snerti marga en hún var búsett á heimili foreldra hans, að Laxnesi í Mosfellsdal á uppvaxtarárum Halldórs. Hún hafði mikið af uppeldi hans að segja og þakkaði hann henni fyrir allar vísurnar og kveðskapinn sem hún kenndi honum áður en hann varð læs en ekki síst samlíðanina með hinum snauðu og smáu.

**MATVÆLADAGUR MNÍ:** HALDINN Á HÓTEL HILTON Í DAG

# Fræðimenn og framleiðendur ræða notkun fæðubótarefna

Matvæladagur Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands (MNÍ) er haldinn á Hótel Hilton í dag og ber yfirskriftina: Eru upplýsingar um næringu og fæðubótarefni á villigötum? Haldið er upp á daginn ár hvert en ávallt skipt um þema. „Mér fannst umfjöllunarefnið sérstaklega áhugavert að þessu sinni sem varð til þess að ég ákvað að taka þátt í undirbúningi dagsins,“ segir Steinar B. Aðalbjörnsson íþróttanæringarfræðingur og markaðsstjóri Matís. „Ég held að það hafi verið kominn tími til að fjalla um þennan hluta næringarfræðinnar enda veldur hann hvað mestum deilum,“ segir Steinar.

Hann segir fólk skiptast í fylkingar með og á móti fæðubótarefnum og var ákveðið að reyna að skoða málið út frá öllum hliðum, án fordóma. „Fræðasamfélagið er oft svo fast í fræðunum en við fræðingarnir verðum að gera okkur grein fyrir því að ef við ætlum að hafa einhver áhrif þá megum við ekki mála okkur út í horn. Við verðum að taka þátt í umræðunni og koma fram með vísindaleg og málefnaleg rök.“

Steinar segir fræðimenn á sviði næringar- og læknavísinda stíga fram í dag ásamt framleiðendum og seljendum fæðubótarefna, neytendum og fjölmiðlafólki. En hver ætli sé skoðun hans á málinu? „Mér finnst fæðubótarefni alveg eiga rétt á sér í einhverjum tilfellum. Markaðssetningin nær hins vegar til allra og á fólk stundum erfitt með að greina hvort efnin henti sér eða ekki. Hinn almenni borgari er farinn að æfa mikið og orkuþörf þeirra sem æfa hvað mest slagar upp í orkuþörf afreksíþróttafólks. Ef fólk þarf á fjögur til sex þúsund hitaeiningum á dag að halda þá er spurning hvort það nái að framfylgja þeirri þörf með því að borða eingöngu hefðbundinn mat. Í slíkum tilfellum geta fæðubótarefni átt rétt á sér.“

Steinar segir að fæðubótarefnin séu hins vegar jafn misjöfn og þau eru mörg og á meðan sum gera gagn geta önnur verið gagnslaus og jafnvel afar óæskileg. „Má þar nefna fæðubótarefni sem innihalda koffín sem margir neyta til að fá aukið úthald fyrir æfingar. Fullorðnu fólki verður kannski ekki meint af en börn og unglingar eiga alls ekki að neyta slíkra efna. Þá er efedrín því miður talsvert í umferð svo dæmi séu nefnd. Auk þess eru fjölmörg fæðubótarefni vita gagnslaus og er verst þegar slíkar vörur eru markaðssettar,“ segir Steinar og nefnir karnitín sem dæmi. „Það er auglýst sem fitubrennsluefni og þykir skaðlaust í ráðlögðum neysluskömmtun. Það gerir hins vegar ekkert gagn enda sér líkaminn um að framleiða nákvæmlega jafn mikið af efninu og þarf. Kreatín er hins vegar dæmi um efni sem sýnt hefur verið fram á að gagnist til vöðvauppbyggingar og eftir að hafa kynnt mér fjölda rannsókna á því hef ég ekki fundið neitt sem gefur til kynna að það sé hættulegt.“

Steinar segir umfram allt mikilvægt að neytendur séu gagnrýnir í hugsun og kynni sér kosti og galla fæðubótarefna. „Ég segi oft að ef eitthvað hljómar of vel til að vera satt þá er það líklega raunin.“

Dagskrá matvæladagsins er öllum opin og hefst klukkan 11.30.

vera@frettabladid.is



**KOSTIR OG GALLAR** Fjallað verður um fæðubótarefni frá ýmsum hliðum á matvæladegi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands á Hótel Hilton í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kenna indverska öndunartækni

Lilja Steingrímsdóttir hjúkrunarfræðingur og Natalía Lazutkina, viðskiptakona frá Rússlandi, kenna öndunartækni á sjálfsstyrkingarnámskeiðum á vegum samtakanna Art of living. Kennslan fer fram í Hlutverkasetrinu Borgartúni 1.

„Þessi námskeið eru kennd í 150 löndum um allan heim en öndunartæknin kemur upphaflega frá Indlandi. Við leggjum áherslu á ungt fólk en unga fólkið í dag er undir miklu álagi og miklar kröfur gerðar til þess,“ útskýrir Lilja. Hún segir öndunartæknina nýtast öllum við daglegar áskoranir.

„Við kennum fólki að nota öndunarfærin, þetta flotta tæki í brjóstholinu, til að slaka á og þar af leiðandi ná mestum mögulegum krafti og lífsgæðum. Fólk verður markvissara og rólegra og á auðveldara með að öðlast innri frið.“

Námskeiðin standa yfir í sex daga og rennur ágóði af þátttökugjaldi til uppbyggingar munaðarleysingjahæla fyrir börn, meðal annars í Brasilíu, Suður-Ameríku og á Indlandi. Á mánudögum eru ókeypis kynningartímar milli klukkan 19 og 20 en næstu námskeið hefjast 9. nóvember. Nánari upplýsingar má finna á vefslóðunum www.artofliving.is og www.artofliving.org.



**ÖNDUN TIL VARNAR STREITU** Lilja Steingrímsdóttir og Natalía Lazutkina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Umferðarstofa** birtir á vef sínum margvíslegar tölfræðiupplýsingar. Má þar nefna bifreiðatölur, tölur yfir slys og önnur umferðartengd málefni. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um eldsneytiseyðslu tiltekinna bíltegunda sem geta komið sér vel þegar val á nýjum bíl stendur fyrir dyrum.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Hin vinsælu byrjendanámskeið í
Yogastöðinni Heilsubót
Síðumúla 15, sími 588 5711 og 691 8565
Nýtt námskeið helgina 7. og 8. november
Innritun hafin á www.yogastodinheilsubot.is
YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Vanir yogaiðkendur eru hjartanlega velkomnir
í hádegis og kvöldtíma

Stretch-buxurnar góðu eru komnar aftur



Með betri buxum í bænum.
Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is
Þrjú snið - Str. 36-56
Rita
Opið virka daga kl. 10-18
Opið laugardaga, í Bæjarlind kl. 10-16 í Eddufelli kl. 10-14.
Bæjarlind 6, S. 554 7030
Eddufelli 2, S 557 1730

Gísli Ásgeirsson hleypur við Ástjörn í Hafnarfirði tvisvar í viku:



„Þær stundir dagsins þegar ég slaka best á," segir Gísli um hlaupin við Ástjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Uppáhaldsstaðurinn á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu

Gísli Ásgeirsson þýðandi er mikill hlaupagarpur, hleypur og syndir alla daga. Það er því eðlilegt að uppáhaldsstaðurinn hans á höfuðborgarsvæðinu tengist útivist. Enda nefnir hann strax Ástjörn í Hafnarfirði og gefur skýringuna:

„Ástjörn er í fyrsta lagi ákaflega fallegt svæði og í kringum hana er góður göngustígur, vel merktur og hlykkjóttur. Þar er gott að njóta útivistar, enda hæfilega stutt frá heimili mínu. Ástjörn er líka friðland fugla og mikið fuglalíf þarna á sumrin. Það er meira að segja til áhugamannafélag um Ástjörn sem vill halda tjörninni ósnortinni.

Ég hleyp þarna tvisvar í viku, er með skokkhópi hina dagana og æfi með félögum mínum, en þegar ég er einn á ferð hleyp ég við Ástjörn. Þetta eru þær stundir dagsins þegar ég slaka best á og fylli mig af orku og mér líður alltaf vel þegar ég hef fengið útrás fyrir stressið á hlaupunum.

En ég vil taka það fram að þetta er bara uppáhaldsstaðurinn minn á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu. Ég á ákaflega marga uppáhaldsstaði uppi á hálendinu og þar ber hæst Laugavegssvæðið, enda hef ég hlaupið Laugaveginn níu sinnum," segir Gísli og heldur áfram að hlaupa.

*fridrikab@frettabladid.is*

Jeppadekk & fólksbíladekk
Umfelgun með afslætti
þessa dagana fyrir bæði fólksbíla og jeppa!
Komdu núna og fáðu **fría vetrarskoðun** í leiðinni!
Frábært verð



DEKK · RAFGEYMAR · BREMSUKLOSSAR · SMURÞJÓNUSTA
PERUR · RÚÐUÞURKUR · ALÞRIF & TEFLONBÓN · SÆKJUM OG SKILUM
Allt á einum stað!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
GRAFIKER

**Kaffi** er ein algengasta verslunarvara heims, næst á eftir hráolíu. Kaffiplantan er upprunnin í Eþíópíu en í dag fer langmesta kaffiframleiðslan fram í Brasilíu.



# Hellt upp á kaffið á harðahlaupum



**Mörgum þykir þægilegt að grípa kaffið með sér á ferðinni þegar lítill tími er til annars. Verslanir bjóða margar úrval fallegra ferðakrúsa.**

Í skemmtilegri ferðakrús frá Bodum er beinlínis hægt að hella upp á kaffið í krúsinni og drekka það síðan beint en í krúsinni sjálfri er kaffipressa. Það eina sem þarf að gera er að skófla kaffi eða te í krúsina, hella sjóðandi vatni í og hræra með skeið. Þá er lokið skrúfað á og pressunni ýtt niður eftir 4 mínútur. Fyrir þá sem vilja er hægt að bæta mjólk við gegnum drykkjaropið en annars er kaffið eða teið tilbúið til drykkjar.

Aukalok fylgir krúsinni sem kemur í nokkrum hressandi litum og fæst bæði úr plasti og stáli.

Byggt og búið í Kringlunni. Plast 2.497 krónur, stál 3.997 krónur.

Til að ná hámarks bragðgæðum út úr kaffi þarf hitastigið á vatninu að vera sem næst suðumarki þegar það fer í gegnum kaffið. Einnig ber að varast að láta vatn og kaffi liggja lengi saman. Því skemmri tíma sem uppáhellingin tekur því minna af óæskilegum eiginleikum kaffisins leysist úr læðingi.



**Heimild: www.matarlist.is**

# Upplagt í eldamennsku

**Kaffið er ekki bara gott að drekka heldur kjörið að nota bæði í bakstur og matargerð til að kitla örlítið bragðlaukana. Hér á eftir fylgja uppskriftir þar sem vín hins vinnandi manns gegnir veigamiklu hlutverki.**

**BAKAÐAR BAUNIR, GRILLSÓSA OG RISOTTO BRAGÐBÆTT MEÐ KAFFI**







**Bakaðar baunir, með kaffiblöndu**
Fyrir 6-8

Undirbúningstími: 10 mínútur
Matreiðsla: Klukkutími og fimm mínútur

**Sósa**
1/4 bolli af sterku kaffi
1/4 bolli eplaedik
1-1/2 msk. smjör
1 msk. melassi
2 tsk. sinnep
2 hvítlauksgeirar, niðurbrytjaðir
1 tsk. reykt salt
1/4 tsk. mulinn svartur pipar
1/8 tsk. þurrkað timjan
1/8 tsk. þurrkað rósmarín
30 ml af brandí
1 dós rauðar nýrnabaunir, vökvinn tekinn frá
1 dós pinto-baunir, vökvinn tekinn frá
1 sætur laukur, skorinn í þunnar sneiðar





*Hitið ofn við 163°C.*

*Blandið saman kaffi, eplaediki, smjöri, melassa, sinnepi, hvítlauk, salti, pipar, timjan og rósmarín á litlili pönnu. Látið suðuna koma hægt upp og sósuna svo malla í um það bil fimm mínútur. Fjarlægið af hellunni og hrærið saman við brandí.*

*Setjið baunir í eldfast mót, hellið sósunni yfir og hrærið öllu saman. Setjið lauksneiðar ofan á. Eldið í ofni (sem búið er að hita við 163°C án loks í klukkutíma).*

**Kjöthleifur og grillsósa með kaffiívafi**
Fyrir 8

Undirbúningstími: 20 mínútur
Matreiðsla: Klukkutími og fimmtán mínútur

**Kjöthleifur**
1/2 kg af nautahakki
1/2 kg af pylsum, húðin tekin af
1 bolli af fíngerðum brauðmolum
2 meðalstórir laukar, fínt saxaðir
1 msk. karríkrydd
1/2 bolli vatn
1 msk. steinselja, brytjuð smátt
1 egg, hrært
1 hvítlauksgeiri, saxaður smátt
1/2 bolli mjólk
salt og pipar eftir smekk

**Sósa**
1 laukur, fínt saxaður
28,5 g smjörlíki
1/2 bolli tómatsósa
1/4 bolli kjötkraftur (eða rauðvín)
1/4 bolli Worcestershire-sósa
1/4 bolli púðursykur
1/4 bolli vatn
2 msk. edik
1 msk. skyndikaffi
2 tsk. sítrónusafi



***Kjöthleifur:***

*Blandið vel saman nautahakki, pylsum, brauðmolum, lauk, salti, pipar, hvítlauk, steinselju, karríkryddi og eggi í stórri skál. Hrærið vatni og mjólk saman og bætið smám saman út í þar til blandan er mjúk en þétt undir tönn. Mótið því næst úr henni hleif og setjið á ofnpönnu, sem hefur verið smurð með feiti. Eldið í hálftíma við 190°C.*

***Sósa:***

*Snöggsteikið lauka upp úr smjörlíki á pönnu þar til þeir eru orðnir gylltir. Bætið við tómatsósu, Worcestershire-sósu, púðursykri, vatni, ediki, kaffi og sítrónusafa. Náið suðu rólega upp, lækkið þá hitann á hellunni og látið malla í tíu til fimmtán mínútur. Þess má geta að sósan er líka góð með rifjum eða kjúklingi.*

*Þegar kjöthleifurinn hefur verið hitaður í 30 mínútur í ofni er tilvalið að hella helmingnum af sósunni yfir hann og elda áfram í 45 mínútur. Á þeim tíma er ágætt að dreypa reglulega feiti á kjötið.*

*Skerið kjöthleif í þykkar sneiðar og berið fram heitan ásamt afganginum af sósunni. Líka tilvalið sem álegg í samlokur.*

**Risotto með kaffikeimi, öðruvísi eftirréttur**
Fyrir 2

Undirbúningstími: um það bil 10 mínútur
Matreiðsla: um það bil fjörutíu mínútur

1 msk. skyndikaffi
1/2 appelsína, ysta lagið af berkinum rifið og safi
1/2 bolli hrísgrjón (arborio)
2 bollar af mjólk
2 dropar af vanilludropum
1/2 bolli sykur
2 msk. smjör
3/4 bolli rjómi
3 msk. romm (má sleppa)



*Hellið appelsínusafa og kaffi út í skaftpott með 1/2 bolla af vatni og látið suðu koma upp. Takið pönnuna af hellunni, bætið hrísgrjónum við og látið þau liggja í bleyti í fimm mínútur. Setjið pönnuna aftur á heita helluna og bætið mjólk og vanilludropum út í. Eldið á lágum hita þar til grjónin eru orðin þétt undir tönn. Fjarlægið af hellu og bætið við sykri, ysta lagi appelsínubarkar, smjöri, rjóma og rommi (má sleppa). Hrærið varlega í blöndunni og berið fram hvort í sínum bollanum.*

*- rve*


Saeco
kaffivélar




Alsjálfvirkar
HÁGÆÐA kaffivélar.
Ný sending komin.
Verð frá aðeins kr. 69.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


# Smart kaffiskreytir

**Vinarþel er heiti á kaffi- og kökustenslum frá íslenska hönnunarfyrirtækinu Bility.**

Vörur sem íslenska hönnunarfyrirtækið Bility hefur kynnt til sögunnar síðustu árin hafa slegið í gegn hérlendis en Bility er í eigu hönnuðanna Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur og Jóns Ásgeirs Hreinssonar.

Í smiðju Bility má um þessar mundir finna afar skemmtilega kaffi- og kökustensla með tvenns konar myndum á þjóðlegum nótum, prjónamynd og stemningsmynd úr sveitinni. Stenslarnir, sem kallast Vinarþel, galdra fram myndir á einfaldan hátt þar sem þeim er haldið rétt ofan við kaffifroðu í bolla eða kökusneið og kakódufti eða flórsykri stráð yfir. Hönnuðurinn, Megan Herbert, er ástralskur, en Megan hefur verið búsett hérlendis í rúmt ár.

*- jma*



Stenslarnir mynda tvenns konar myndir – sýna annars vegar íslenska sveit og hins vegar prjónaskap.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Kaffiplantan vex í hitabeltislöndum. Einungis tvö afbrigði hennar eru notuð til ræktunar, arabica-plantan og Robusta-plantan. Ávöxtur hennar er ber á stærð við ólífu sem fær á sig rauðan lit þegar hann er fullþroskaður. Hver ávöxtur inniheldur tvær kaffibaunir.

**Heimild: www. matarlist.is**

Mæliskeið með klemmu
Byggt og búið, 1.582 krónur.



Hitabrúsi Duka
Kringlunni, 7.900
krónur.



Pressukanna 3 bollar Te og kaffi, 4.325 krónur.



Espressokanna Te og kaffi, 5.935 krónur.



# Hellt upp á tíu dropa

**Rjúkandi gott kaffi gleður margan enda venjan að bjóða gestum upp á tíu dropa.**

Pressukaffi er fljótlegt að laga og hægt að fá kaffibaunirnar sérmalaðar fyrir pressukönnur.

Gott er að loka kaffipokanum með þéttri klemmu, til að kaffið haldi bragðgæðum og geyma hann í kæli. Fyrir þá sem eru fyrir sterkara er gott að grípa til espressokönnunnar og auðvelt að hita mjólk í potti og þeyta hana þykka og mjúka með litlum handþeytara í latté og cappuccino. Mörgum finnst þó gamli uppáhellingurinn alltaf bestur og sjálfsagt að hella upp á með gamla laginu gegnum trekt, beint ofan í hitakönnuna eða brúsann. *- rat*



Gestum er gjarnan boðið upp á rjúkandi kaffibolla.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY




Mjólkurþeytari Búsáhöld, 495 krónur.



Handgerður brjóstsykur með íslenska fánanum.
Te og kaffi, 490 krónur.



Samanbrjótanleg kaffitrekt
Búsáhöld, 2.495 krónur.



Kaffisérfræðingar hafa sínar meiningar um hvernig eigi að geyma kaffi til að það bragðist sem best.

# Kaffi í keramík

**Hvernig best er að geyma kaffibaunirnar eða malaða kaffið eftir að pokinn hefur verið opnaður er spurning sem brennur oft á kaffidrykkjufólki.**

Geymsla á kaffi, möluðu eða baunum, er af kaffisérfræðingum sögð skipta miklu máli eftir að pokinn hefur verið opnaður. Þar er mikilvægt að koma í veg fyrir samband kaffis við eftirtalin fyrirbæri; raka, loft, hita og ljós. Einfaldasta leiðin til að halda kaffinu fersku er yfirleitt að kaupa frekar minni poka en stærri af kaffi. Krukka með loftþéttu loki, helst úr keramík, þykir ágætis staður til að hella kaffinu í eftir að pokinn hefur verið opnaður. Þá þarf að passa að krukkan standi ekki þar sem sól nær til. Sumir mæla með því að stinga kaffinu í frystikistu meðan aðrir segja að kaffið verði aldrei jafngott eftir að það frýs.

*- jma*



Ekki eru allir á eitt sáttir hvort best sé að geyma kaffibaunir í frysti.

## Galdurinn á bak við góðan cappuccino

ÁKVEÐNAR REGLUR ERU YFIRLEITT HAFÐAR AÐ LEIÐARLJÓSI VIÐ GERÐ CAPPUCCINO. SUMS STAÐAR ERU ÞÆR ÞÓ FULLKOMLEGA VIRTAR AÐ VETTUGI.

Froðukaffi, betur þekkt sem cappuccino, er ítalskur kaffidrykkur með freyddri mjólk, borinn fram í 180-200 ml bolla og samanstendur af 1/3 kaffi, 1/3 heitri mjólk og 1/3 mjólkurfroðu. Sagt er að jafnvægið verði að vera fullkomið milli þessara þátta svo drykkurinn heppnist sem best.

Cappuccino hefur náð vinsældum um allan heim og er víðast hvar drukkinn á hvaða tíma dags, nema reyndar á Ítalíu þar sem enginn snertir það eftir hádegisbil. Menn fylgja yfirleitt fyrrgreindri reglu um gerð cappuccino en sumir virða hana þó að vettugi. Sá siður hefur til dæmis verið tekinn upp í Bandaríkjunum og eins sums staðar í Evrópu að afgreiða cappuccino með einu, tveimur eða þremur skotum af kaffi. Klassíska útgáfan er jafnan borin fram hérlendis.

*Heimild: wikipedia.org*




*Það er kaffitími núna*




Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.



Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld.

**Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði**

**Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast**

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir kaffitímann*
*Kíktu á bki.is*



**Ferðafélag barnanna** var stofnað í fyrra en höfuðmarkmið þess er að fá börn til að upplifa sanna gleði í náttúrunni og kynnast leyndardómum umhverfisins. Ferðirnar eru á forsendum barnanna og sniðnar að þörfum barna upp að tólf ára aldri. Ferðirnar eru auglýstar á www.allirut.is






Áður en lagt er í ferðalag er gott að kynna sér reglur um farangur, en farþegar sem ferðast með evrópsku flugfélagi á hvaða áfangastað sem er eiga rétt á skaðabótum fyrir það tjón sem verður á farangri ef hann tefst, glatast, skemmist eða eyðileggst. Nánari upplýsingar um réttindi flugfarþega má fá hjá Flugmálastjórn Íslands.



Heimild: www.neytendastofa.is

# Umhverfislist fyrir austan

**Fleira hefur verið virkjað en vatnsaflið við Kárahnjúka og í Fljótsdal á síðustu árum. Hæfileikar og kraftar listamanna hafa líka verið virkjaðir til að prýða svæðið og öldur Hálslóns leggja þeim lið.**

Meðan á stórframkvæmdum stóð á Austurlandi efndi Landsvirkjun til samkeppni um gerð listaverka til að setja upp við Kárahnjúka og í nágrenni stöðvarhússins í Fljótsdal. Hringiða eftir Jónínu Guðnadóttur fékk fyrstu verðlaun og var sett upp á síðasta ári við Hálslón. Það er útsýnispallur, gerður úr íslensku grjóti af svæðinu, og á hann er ritaður texti úr Völuspá. Í miðjunni er hringur, 7,5 metrar í þvermál, sem er breidd aðrennslisganga Fljótsdalsstöðvar. Spírall liggur frá ystu brún inn að miðju sem táknar hringiðuna að aðrennslisgöngunum.

Annað verðlaunaverk er í Fljótsdalnum, skammt frá útfallinu úr rafstöðinni. Það er Eilífðardraumurinn eftir Ólaf Þórðarson, skúlptúr af tólf metra báti sem virðist á siglingu í straumnum. Samkvæmt listamanninum fer hann um tvo metra á sekúndu miðað við vatnið og það reiknast svo sem hann fari kringum jörðina á um 230 daga fresti.

Vindhreindýr er enn eitt útilistaverk Landsvirkjunar. Það er eftir Ingunni Önnu Þráinsdóttur og stendur á Fljótsdalsheiði nærri Laugafelli. Eins og nafnið ber með sér færist haus hreindýrsins til eftir vindáttum. Listakonan hafði gamlan íslenskan útsaum í huga í mynsturgerð stöpulsins, sem er meðal annars úr ryðguðum málmi er tónar við mýrarauða heiðarinnar.

Eitt tilkomumikið listaverk á svæðinu er svo það sem öldurnar mynda þegar Hálslón er fullt og þær elta hver aðra á yfirfalli niður í stokk. Eftir honum berast þær í mynstruðum straumi niður á gljúfurbarminn uns þær verða þar að fossi sem fengið hefur nafnið Hverfandi, þar sem hann hverfur þegar lækkar í lóninu. *gun@frettabladid.is*



Öldugangur gæti þetta listaverk heitið en það verður til þegar öldur Hálslóns skvettast yfir stífluna. Það minnir á skýjabekki í vefnaði eða prjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Eilífðardraumurinn er eftir Ólaf Þórðarson. „Bátur hlaðinn farmi varnings og væntinga á endalausri siglingu inn í framtíðina," segir á skilti á fljótsbakkanum.



Vindhreindýr eftir Ingunni Önnu Þráinsdóttur stendur nærri Laugafelli.



Hringiða við Kárahnjúkastífluna er verk eftir Jónínu Guðnadóttur. Það er úr íslensku grjóti af svæðinu, skreytt áli og hluta af fyrsta erindi Völuspár.











# Gerir skipti á olíusíum auðveldari

**Margir sinna viðhaldi bíla sinna sjálfir eftir föngum, meðal annars olíuskiptum og þá líka olíusíuskiptum.**

Oft er erfitt að komast að olíusíum í bílum en til eru ýmsar gerðir tanga sem auðvelda fólki að ná taki á þeim. Þar má nefna skralltöng með skafti sem er sérstaklega lagað að gripi handar og auðvelt er að vinna með í þröngu rými. Hún er með tenntum klafa sem læsir sig að húsi olíusíunnar og lágmarkssnúningsásinn er fimm gráður. Töngin nýtist mörgum gerðum sía enda er klemmuvíddin 66 til 106 mm í þvermál og möguleiki er á forstillingu.

Þessi gripur nýtist þeim sem af einhverjum ástæðum skipta um olíusíurnar sjálfir, hvort sem það er vegna fjarlægðar frá smurstöðvum eða bara meðfæddrar sjálfsbjargarviðleitni. Töngin fæst í verslunum Wurt á Íslandi.

*- gun*



Skralltöngin er að hluta til úr ryðfríu stáli.

# Lýsing og lampar

Sérblað • 27. október 2010 Kynning























einfaldlega betri kostur



FLORENCE. Ljósakróna.
Ø50 cm. Verð 39.995,-



DARLING. Borðlampi m/skerm.
Málmur. H. 42 cm. Verð 24.995,-



JOSEPHINE. Ljós. Akryl.
Ø30 cm. Verð 19.995,-



HAWK. Borðlampi natur, án skerms.
H. 51 cm. Verð 14.995,- H. 61 cm. Verð 20.995,-



# Viðartegundir og tágar beint frá móður náttúru

**Ljósa- og lampahönnun einkennist af náttúrulegu útliti og efnisvali í verslunum ILVA í vetur, segir Tinna Guðmundsdóttir sölustjóri smávörudeildar ILVA á Korputorgi.**

„Það eru ákveðin þáttaskil að verða í ljósum og lömpum í vetur þar sem náttúrulegt útlit og efnisval er að koma sterkt inn sem viðbót við það vöruúrval sem þegar er til staðar,“ segir Tinna og getur þess að þetta sjáist bæði af hönnun og efnisvali. „Beinar línur, akrýl og málmar verða þannig í minna magni en áður, en tágum, bambus og þessum náttúrulegu efnum leyft að njóta sín til hins ýtrasta.“

Tinna telur þessar breyttu áherslur henta vel hérlendis þar fólk vilji almennt hafa hlýlegra í kringum sig en áður. „Hugarfarið hefur bara mikið breyst frá góðærinu þegar allir sóttust eftir nýtískulegum og hörðum stíl, háglans og þess háttar. Nú kýs fólk notalegheit og þessi nýju ljós og lampar frá ILVA eru vel til þess fallnir að svara þeirri eftirspurn.“

Ekki er þó þar með sagt að allt nýtískulegt sé með öllu horfið á bak og burt að sögn Tinnu. „Nei, auðvitað geta þeir sem sækjast eftir slíku fengið ýmislegt við sitt hæfi í verslunum ILVA, bæði í ljósum og lömpum og annarri gjafavöru,“ segir hún og getur þess að ljós og lampar séu einnig fáanlegir í fleiri en eingöngu náttúrulegum útfærslum. „Fjólublátt er til dæmis áberandi um þessar mundir, einnig grænt og appelsínugult.“

Hjá ILVA er líka hægt að fá alls kyns gjafavöru í fyrrgreindum litaafbrigðum og stílflokkum en Tinna segir fara vel á því að blanda henni saman við bast, bambus og hvers kyns viðartegundir. „Smáhlutir í sterkum litum lífga óneitanlega upp á umhverfið og oft þarf ekki nema að skipta um einn eða tvo lampaskerma til að ná tilætluðum áhrifum,“ bendir hún á og nefnir í því samhengi lampaskerma með áprentuðum myndum, ljósmyndum af trjám og blómum, sem fáist í ýmsum útgáfum í ILVA.

„Allt saman á þetta sinn þátt í að gera heimilið að notalegum verustað.“




Tinna segir náttúrulegt útlit og efnisval í ljósum og lömpum marka ákveðin þáttaskil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikilvægt að vanda valið

Að sögn Tinnu Guðmundsdóttur hjá ILVA er vert að hafa nokkur atriði í huga þegar velja á gott ljós fyrir heimilið.

„Í fyrsta lagi er val á lýsingu mikilvægur þáttur, hvort sem um er að ræða vinnulýsingu eða stemningslýsingu. Þeir sem sækjast til dæmis eftir þekktri hönnun þurfa að vera viðbúnir því að leggja út meiri pening,“ bendir hún á en bætir við að verð og gæði haldist þó ekki alltaf sjálfkrafa í hendur. „Vissulega er hægt að fá bæði falleg og vönduð ljós eða lampa á lágu verði í ILVA.“

Þá segir Tinna að margir stílflokkar séu í boði fyrir viðskiptavini hvort sem fólk sækist eftir nútímalegum stíl með björtum litum eða klassískum rómantískum stíl þar sem meira er lagt í notalegheit. „Gott er að koma í verslun ILVA og fá ráðleggingar hjá sölufólki eða útstillingahönnuði hvað henti fólki og rými best.“

Stærð ljóssins segir hún sömuleiðis mikilvæga. „Þegar til dæmis velja á ljós í réttri stærð yfir borð er best að mæla fyrst breidd eða ummál borðsins, draga um það bil þrjátíu sentimetra frá þeirri tölu sem hefur verið mæld og gefur það góða hugmynd að stærð ljóssins.“

Loks getur Tinna þess að áríðandi sé að átta sig á væntanlegu hlutverki ljóssins. „Það þarf að hugsa hvort því sé ætlað að lýsa vel í rýminu, skapa stemningu, vinnulýsingu eða vera eingöngu til skrauts.“



Góð lýsing eða augnakonfekt? Þetta og fleira þarf fólk að hafa í huga þegar það festir kaup á ljósi fyrir heimilið að sögn Tinnu.



**SPARSAM** sparperur E27 11W **895,-/3 í pk.**



# 7.890,-

**LEDING** loftkastari á braut m/5 ljósum L160cm
Nikkelhúðað



**VÄTE** skermur f/loftljós
Ø46cm. Hvítt **995,-**

# Heimilið þitt í nýju ljósi



**FILLSTA** hengiljós Ø35cm
Hvítt **3.890,-**



**SPARSAM** sparperur E27
11W **1.490,-/2 í pk.**



**LEDING** loftkastari m/3 ljósum L71cm
Nikkelhúðað **3.990,-**



# 14.990,-

**IKEA PS MASKROS** hengiljós Ø80cm. Hvítt



**JANSJÖ** borðlampi
m/LED lýsingu
H60cm. Ýmsir litir
**1.990,-/stk.**



**IKEA PS** hengiljós
Ø30cm. Hvítt **8.990,-**



**KNUBBIG** borðlampar
Ýmsir litir
H21cm. **2.690,-**
H11cm. **1.890,-**



# 1.990,-

**FADO** borðlampi H23cm. Hvítt

**Ókeypis máltíð fyrir börnin!**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.



**KROBY** hengiljós Ø30,5cm
Nikkelhúðað/gler **2.990,-**



**FILLSTA** borðlampi H31cm
Hvítt **3.790,-**
*Fæst einnig í appelsínugulu*



# 1.290,-

**MELODI** hengiljós
Ø28cm. Hvítt



**SPARSAM** sparpera E27
20W **695,-**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010




GLÓPERA

- 0% orkusparnaður
- 1.000 klst. endingartími
- Fullt ljós strax
- Besta litaendurgjöfin (100 Ra)
- Dimmanleg




HALOGEN ECO

- 30% orkusparnaður
- 2.000 klst. endingartími
- Fullt ljós strax
- Besta litaendurgjöfin (100 Ra)
- Dimmanleg




SPARPERA

- Allt að 80% orkusparnaður
- 6-20.000 klst. endingartími
- 6-30 sek. kveikitími
- Góð litaendurgjöf (80-89 Ra)
- Ákveðnar teg. dimmanlegar




LED PERA

- 80% orkusparnaður
- 25.000 klst. endingartími
- Fullt ljós strax
- Ágæt litaendurgjöf (70-80 Ra)
- Ekki dimmanleg en er á leiðinni




OSRAM
SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI




Með því að velja orkusparandi ljósaperur minnkar orkuþörf og talsverðar fjárupphæðir sparast. Jón Ólafsson & Co, Krókhálsi 3. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margt smátt gerir eitt stórt

**Með notkun orkusparandi ljósgjafa geta sparast töluverðar fjárupphæðir. Jón Ólafsson & Co kynnir orkusparandi úrræði.**

Þegar kemur að því að skipta út hefðbundnum glóperum eru möguleikar almennings sífellt að aukast. Auk hefðbundinna sparpera eru einnig í boði svokallaðar halógen sparperur (Halogen ECO) og á næstu árum munu LED perur ryðja sér til rúms á markaðnum. Að auki er hægt að fá orkusparandi útgáfur af hefðbundnum halogen perum.

En valið er ekki alltaf einfalt. Í boði eru margs konar tegundir af perum, frá mörgum framleiðendum og af mjög misjöfnum gæðum. Margumtöluð tilskipun EU varðandi „bann við glóperum" er einmitt ætluð, að hluta til, til að taka á þessu vandamáli.

Tilskipun EU snýst þó um miklu meira en bann við ákveðnum tegundum glópera. Tilskipunin snýst almennt um notkun og innleiðingu á orkunýtnari orkugjöfum og einnig er þess krafist að innihald skaðlegra efna í þessum vörum sé undir ákveðnu marki, að viðeigandi förgunarferli sé til staðar og að merkingar á pakkningum uppfylli ákveðnar kröfur. Þetta er gert til að upplýsa neytendur um að varan eigi að uppfylla ákveðnar kröfur um gæði og merkingar. Til dæmis má einungis merkja ljósaperur í orkunýtniflokki A (Energy Class A) sem sparperur.

Tilskipun EU hefur ekki verið innleidd á Íslandi. Því er hætt við að Ísland verði að „losunarhaug" fyrir lélegar og óvandaðar vörur, sem innihalda mikið magn hættulegra efna og eru af vafasömum gæðum. Þetta hefur meðal annars gerst í Noregi þar sem tilskipunin hefur ekki verið innleidd.

Um tuttugu prósent af allri rafmagnsnotkun heimila eru tilkomin vegna lýsingar og í ljósi síhækkandi raforkuverðs er ljóst að með notkun orkusparandi ljósgjafa er mögulegt að spara töluverðar upphæðir. Raforka á Íslandi er heldur ekki óþrjótandi. Með því að velja orkusparandi ljósaperur minnkar orkuþörfin og þá má annaðhvort draga úr raforkuframleiðslu eða nota þá raforku í önnur verkefni og vinnslu.

Einnig er nauðsynlegt að huga að orkusparnaði í fyrirtækjum og stofnunum og oft á tíðum eru orkusparandi valkostir í boði fyrir þær perur sem þegar eru í notkun. Þegar um mikið magn af perum er að ræða er ljóst að hægt er að ná fram töluverðum sparnaði með því að huga betur að þessum málum. Margt smátt gerir eitt stórt.






Orkusalan | 422 1000 | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík

# Margnota borðstofuborð



Rétt lýsing er sérstaklega mikilvæg þegar borðstofuborðið er jafnframt notað sem vinnusvæði milli matmálstíma.

Borðstofuborðið er oft einn vinsælasti áningarstaður fjölskyldunnar í stofunni, enda ætlað til margvíslegra nota á mörgum heimilum. Þannig er borðið ekki aðeins aðstaða til að matast á heldur nota margir það til að vinna við, börnin sinna heimalærdómnum, fjölskyldan notar borðið undir lúdó og púslar.

Þegar borðið er notað til svo margvíslegra hluta verður að hafa í huga að ekki dugar venjulegt borðstofuljós yfir borðið heldur þarf ljósið jafnframt að duga sem vinnulampi. Oft er sniðugt að hafa færanlegt vinnuljós innifalið í borðstofuljósinu og dimmer á ljósið getur komið að góðum notum. *-jma*

# Lýsing á baðherbergi



Góð lýsing skiptir miklu máli í baðherberginu.

Það getur oft verið nokkur list að lýsa baðherbergið upp svo vel sé og huga að hverjum krók. Af þeim nokkru atriðum sem vert er að hafa í huga má nefna sérstaklega gott loftljós en mikilvægt er að það lýsi þannig að vatn sjáist til dæmis á gólfinu til að koma í veg fyrir slys.

Rétt lýsing við spegil skiptir einnig miklu máli sé hann notaður til snyrtingar því lýsing getur haft heilmikið að segja við að gefa rétta mynd af litum og áferð.

Ef þvottavél, þurrkari eða önnur vinnuaðstaða er á baðherberginu þarf svo sérstaklega að huga að vinnuljósi í kringum það svæði. *-jma*

# Skermurinn þrifinn



Lampaskerma reynist stundum erfitt að þrífa, sérstaklega þar sem þeir vilja oftast gleymast á venjulegum tiltektardögum.

Þegar rykið hefur sest rækilega á skerminn er tími til kominn að gera eitthvað málunum. Þá kemur fatarúlla að góðu gagni. Með henni er auðvelt að þrífa skerma sem oft verða eins og nýir eftir eina umferð með fatarúllunni.

# Allt öðruvísi lampar

**Hugmyndaauðgi lampahönnuða virðast lítil takmörk sett. Vefsíðan freshome.com tók saman yfirlit yfir 40 frumlegustu lampana að þeirra mati og þar kennir svo sannarlega margra grasa.**



Frumlegur lampi, hannaður eins og handsprengja en sé togað í pinnann verður engin sprenging, það kviknar bara ljós.



Stjörnustríðslampi er örugglega efstur á óskalista einhvers aðdáanda Star Wars-myndanna. Hér er sjálfur Svarthöfði.



Þessi lampi er frá hönnunarstofunni Enpieza á Spáni og heitir Henging.



Pieke Bergmans sýndi þennan bronspott sem sýður upp úr í Mílanó á dögunum.



Hér er hugmynd frá Transparent House fyrir handlagna sem ennþá eiga gamlar segulbandsspólur: Líma þær saman og setja peru í miðjuna.



Þessi krúttlegi kall gæti komið einhverjum til að roðna, en það þarf ekki mikið til að Hr. P ljómi. Bara kitla hann á réttum stöðum og hann lýsist upp.



Uppáhaldshlutirnir njóta sín vel inni í ljóskúplinum. Hönnun frá Chen Karlsson í Stokkhólmi.



Þessi hefur ekki verið framleiddur ennþá en er hugarsmíð hönnuðarins Lasse Klein. Ljósaperan er staðsett þannig að hún lýsir upp gluggana á geimskipinu en kastar um leið geisla niður á kúna. Og lampinn heitir auðvitað Brottnumin af geimverum.



Frumlegur lampi endurunninn úr flöskum og töppum.



Þessi lampi lítur út einsog fata á hvolfi og úr henni lekur blóð. Ekki nóg með það heldur virðist lampaskermurinn svífa í lausu lofti, en er í raun haldið uppi af „blóðinu".

Sérblað um

Hillur og skápa

Kemur út fimmtudaginn 28. október 2010

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband

Benetikt Freyr • benetiktj@365.is • Sími 512 5411



Standlampar henta prjónurum og handavinnufólki oft vel.

# Lýsing fyrir vetrarprjón

Prjónarar og annað handavinnufólk hefur ekki mikið þurft að spekúlera í réttri vinnulýsingu meðan sólin hefur verið hátt á lofti. Nú þegar húmar að og handavinnufólk, sem flest vinnur vinnu sína á kvöldin, fer að þurfa góða lýsingu er gott að hafa í huga að lýsingin varpar ljósi á það sem er í höndunum en má alls ekki skína í augu þeirra sem sitja við.

Standlampi, þar sem færa má ljóshausinn upp og niður til að mynda, getur þar komið að góðu gagni og gott er að hafa perurnar ekki of sterkar. Þá eru venjulegir skrifborðslampar, sem festa má á sófaarm, oft gagnlegir. *-jma*



Verslunin Lumex í Skipholti 37 var opnuð í nýrri mynd nú í vikunni eftir gagngerar endurbætur. Þar er lögð aukin áhersla á mýkt í lýsingu að sögn framkvæmdastjórans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leiðandi í hönnun lýsingar

**Fyrirtækið Lumex var stofnað 1985 og á því 25 ár að baki. Það hefur alla tíð lagt áherslu á ráðgjöf í réttri hönnun lýsingar.**

„Meginmarkmið fyrirtækisins hefur frá upphafi verið það að hjálpa fólki að velja lýsingu við hæfi, þannig að það keypti sér ekki bara ljós heldur fengi ráðgjöf um hvernig það ætti að nota það," segir Ingi Már Helgason, framkvæmdastjóri Lumex. Hann tekur fram að Lumex hafi líka alltaf verið með umboð fyrir flott ljós, bæði fylgst með því sem er að gerast í nýjum hlutum ásamt því að vera með gamla klassíkera. „Svo reynum við að blanda þessu saman sem heildarlausnum, því þegar verið er að innrétta nýtt húsnæði eða breyta gömlu viljum við helst vera með puttana í því hvar ljósin eru sett til að þau nýtist sem best. Lumex er eina fyrirtækið sem hefur haft þetta hlutverk í forgrunni."

Lumex hefur ávallt rekið teiknistofu og verið með sérmenntað fólk í lýsingarhönnun. „Við náum okkur í nýtt efni og sækjum okkur kunnáttu erlendis á þessu sviði,"



**„Markmiðið er að hjálpa fólki að velja lýsingu við hæfi," segir Ingi Már Helgason, framkvæmdastjóri Lumex.**

segir Ingi Már, sem sjálfur miðlar af þekkingu sinni í Tækniskólanum þar sem lýsingarhönnunarnám er tiltölulega nýtt af nálinni.

Lumex er í Skipholti 37 og verslunin er nýbúin að fara í gegnum gagngerar endurbætur. „Það stóð til að flytja en sökum breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu ákváðum við að vera hér áfram en endurnýja búðina að stórum hluta og opnuðum hana í nýrri mynd nú í vikunni. Það er ákveðin tiltekt eftir að hafa verið hér í þrettán ár," lýsir Ingi Már. Hann bendir á að allt sé nú málað í hlýjum litum. „Fólk er að fara úr hvítu yfir í hlýrri liti og samtímis er krafa um meiri mýkt í lýsingu en hefur verið undanfarin ár, fleiri lampa og skerma. Við fylgjum þeirri þróun og bjóðum alla flóruna," segir hann. „Við erum líka að taka inn nýja, einfalda, danska hönnun á góðu verði, leslampa, borðlampa og ýmislegt til að skreyta heimilið með."

Lumex flytur líka inn húsgögn frá tveimur framleiðendum, Moooi og Tom Dixon, svolítið sérstök húsgögn og ekki alveg hefðbundin. Auk þess kveðst Ingi Már vera búinn að semja við fyrirtæki sem getur útvegað honum allar algengar glóperur. „Við ætlum ekki að hlíta þessu glóperubanni fullkomlega," segir hann ákveðinn. „Við erum á þeirri skoðun að ef fólk kaupir einhvern fallegan lampa þá sé ekki hægt að setja í hann hvaða peru sem er. Þessi reglugerð um bann við glóperum er út úr kú. Við Íslendingar eigum nóg af hreinni orku þannig að bannið er óþarft hér."

# Hjálpa til við orkusparnað

„Ljóstvistar er nýtt íslenskt nafn á díóðuljósum en þegar slík ljós komu fyrst á markað voru þau gráhvít og köld. Nú er kominn nýr hvítur litur sem gefur hlýlegri birtu og hægt er að nota í óbeinar og faldar lýsingar, með möguleika á að dimma og jafnvel breyta litum." Þetta segir Ingi Már Helgason, framkvæmdastjóri Lumex í Skipholti 37. Hann segir fyrirtækið hafa verið að prófa sig áfram á þessum markaði.

„Nú erum við með tvö fyrirtæki sem útvega okkur mjög góða ljóstvista, endingargóða og vandaða. Annað þeirra er Insta í Þýskalandi sem er eitt það stærsta í þessum bransa, hitt er í Asíu og er með mikið af útiljósum til að



**Lumex er með úrval af ljósvistum.**

nota þar sem menn vilja fá daufa og þægilega birtu. Þau eru líka til með litaskiptum. Við höfum verið að auka úrvalið í þessum ljósum en þó þannig að gæðin séu í fyrirrúmi. Endingin á þeim er góð og þau hjálpa fólki að spara orkuna."



Lux kubbaljósin eru framleiðsla Lumex og höfum við aukið mikið úrval af litum ásamt að 2010 útfærslan er styllanleg.





Mylamp er Danskt fyrirtæki sem framleiðir fallega lampa á mjög góðum verðum.



LUMEX

Skipholti 37 - 105 Reykjavík - Sími 568-8388




Lýsingarhönnuðir okkar koma í heimsókn og koma með hugmyndir hvernig lýsingu væri best háttað á þínu heimili.

**Kynntu þér málið í verslun okkar eða á www.pfaff.is**



Grensásvegi 13
108 Reykjavík
Sími 414 0400

PFAFF




Díóður, eða ljóstvistar, eru örsmáar, eyða litlu rafmagni, gefa mikið og fallegt ljós og endast gríðarlega lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verslunin lýst upp með ljósgjafa framtíðarinnar

**Díóður, eða svokallaðir ljóstvistar, eru framtíðarljósgjafar bæði í fyrirtækjum og heimahúsum að sögn lýsingahönnuðar hjá Pfaff á Grensásvegi.**

„Margir virðast telja að díóðutæknin, eða ljóstvistatæknin, sé fjarlæg en svo er alls ekki. Hún er þegar í dag orðin raunhæfur kostur bæði á heimilum, í verslunum og fyrirtækjum,“ segir Einar Sveinn Magnússon, lýsingahönnuður hjá Pfaff, og er sannfærður um að díóður séu ljósgjafi framtíðar.

En hvað eru díóður? „Díóður eru örsmáar (og flóknar) í uppbyggingu, þær eyða litlu rafmagni, gefa mikið og fallegt ljós og endast gríðarlega lengi,“ svarar Einar og bætir við að díóður hitni mjög lítið. „Það opnar marga nýja möguleika í notkun og hönnun ljósa.“

Einar segir mikla þróun hafa orðið í díóðum síðustu ár. „Þegar þær komu fyrst fram var ljósið frá þeim bláleitt, og margir kannast helst við díóður úr bláleitum jólaljósaseríum. Í dag fáum við hins vegar hvíta birtu og fallega lýsingu með díóðunum og getum orðið ráðið kelvingráðunni á perunni, en kelvingráðan segir til um lit ljóssins,“ segir hann og telur raunhæft að ætla að díóður geti í dag leyst af hólmi allar halogenperur hvort sem er heima fyrir eða í fyrirtækjum. „Halogenperan er nefnilega orkufrek og endist stutt,“ segir Einar og tekur dæmi um orkunotkun díóðuljóssins miðað við halogenperur.



Einar Sveinn Magnússon ljósahönnuður.

„Halogenljós í útiljósi endist kannski í 1.500 til 4.000 klukkutíma en díóðupera endist á móti í 30 til 50 þúsund tíma. Í stað 35 watta venjulegrar peru þarf aðeins 3 wött í díóðuljós,“ segir hann og tekur jafnframt dæmi um minni kostnað sem hlýst af notkun díóðuljósa. „Rafmagn fyrir eitt útiljós með halogenperu kostar 2.600 krónur á ári en aðeins 250 krónur með díóðunni.“ Þessar staðreyndir taka viðskiptavinir Pfaff tillit til að hans sögn enda sé fólki umhugað um orkusparnað þessa dagana og dýrari perur geti verið fljótar að borga sig upp í orkusparnaði.

Eins og áður sagði hefur tilkoma díóðanna gefið hönnuðum nýja vídd í ljósa-, ljósakrónu- og lampahönnun. „Þegar ljósgjafinn er orðinn svona lítill býður það upp á skemmtilegri hönnun. Til dæmis eru til límrenningar sem má til að mynda setja undir skápa. Þegar ljósgjafinn minnkar gefur það til dæmis hönnuðum ýmsa nýja möguleika sem áður voru útilokaðir vegna stærðar gömlu peranna.“

Þeir sem vilja sjá hvernig díóðuljós koma út þurfa ekki annað en að fara í verslun Pfaff á Grensásvegi 13 en verslunin sjálf er að stórum hluta lýst upp með díóðuljósum. „Þetta er eina verslunin enn sem komið er hér á landi sem er þannig lýst upp enda er þetta jú framtíðin,“ segir Einar glaðlega.

# Falleg dönsk hönnun

Pfaff var að flytja inn nýja borðlampa, Mylamp, sem eru dönsk hönnun sem slegið hefur í gegn. Lamparnir fást í mörgum gerðum, stærðum og litum og hafa þeir til dæmis verið mjög vinsælir til að hafa í gluggum til að lýsa upp svartasta skammdegið. Svona lampar geta gerbreytt lýsingu í hverju herbergi enda skipta smáatriðin öllu máli þegar kemur að lýsingu.






Á kortinu er að finna ýmis tákn sem vísa í mismunandi þætti allt frá hvar megi fá vistvænt eldsneyti og leigja sér hjól, til grænna verslana, sundlauga og matsölustaða.

# Grænn leiðarvísir um Reykjavíkurborg

**Grænt Reykjavíkurkort í prentuðu formi var nýverið gefið út. Að því stendur Guðrún Arndís Tryggvadóttir hjá Náttúran.is sem í fjölmörg ár hefur sankað að sér upplýsingum um vistvæna kosti.**

Grænt Reykjavíkurkort er samvinnuverkefni vefsins Náttúran.is, fjölþjóðlega verkefnisins Green Map System, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Tilgangur þess víða um heim er að gera vistvæna kosti á sviði viðskipta, menningar og ferðaþjónustu sýnilegri og aðgengilegri.



Guðrún Arndís Tryggvadóttir vann kortið ásamt Signýju Kolbeinsdóttur.

„Við hjá Náttúran.is byrjuðum að vinna að grænu korti fyrir Ísland árið 2005. Þá hófst mikil vinna við að flokka og skilgreina aðila, fylgjast með hver væri að gera hvað og á hvaða forsendum en upplýsingar um vistvæna kosti lágu ekki alltaf á lausu og því mikil vinna að fá gögn og upplýsingar, meðal annars frá stofnunum, til að koma á frambærilegt form fyrir almenning," segir Guðrún Arndís Tryggvadóttir hjá Náttúran.is. Heildstætt grænt kort fyrir Ísland birtist á vefnum haustið 2008 og var Ísland fyrsta landið sem flokkaði allt landið eftir Green Map-kerfinu. Græn kort hafa annars verið þróuð í yfir 600 sveitarfélögum, borgum og hverfum í yfir 55 löndum.

Prentaða útgáfan af Reykjavíkurkortinu byggir á vefútgáfu Græna Íslandskortsins og er bæði á ensku og íslensku. „Við völdum 29 flokka til að birta á prentaða kortinu en á vefnum eru þeir mun fleiri," upplýsir Guðrún en Náttúran.is fékk styrk frá Höfuðborgarstofu til að skoða Reykjavík sérstaklega út frá þeim flokkum sem urðu fyrir valinu. Á kortinu er að finna ýmis tákn sem vísa í mismunandi þætti á borð við hvar megi fá vistvænt eldsneyti, hvar séu hættur í umferðinni og flokka eins og græn fyrirtæki, græna tækni, matsölustaði, endurnýtingu, sundlaugar, ýmsa ferðaþjónustumöguleika, grænar verslanir, baráttusamtök, nytjamarkaði, bílastæði, matvælaaðstoð, náttúruverndarsvæði og margt fleira.

Reykjavíkurkortið virðist aðeins upphafið því prentað kort af Íslandi er væntanlegt næsta vor og Guðrún býst við að fleiri kort af afmörkuðum svæðum líti dagsins ljós. „Enda hafa viðtökurnar við Reykjavíkurkortinu verið mjög góðar," segir hún en bendir á að fjöldi kortanna fari eftir vilja sveitarfélaganna til að leggja fé í verkefnið, enda mikil vinna að taka út hvern landshluta.

Reykjavíkurkortið má nálgast hjá Höfuðborgarstofu en auðveldasta leiðin er að panta það á www.náttúran.is. Kortið er ókeypis og einungis þarf að borga fyrir pökkun og flutningskostnað.

*solveig@frettabladid.is*

Einn af 29 flokkum á kortinu er Leiga og skipti. Þar eru taldir upp staðir þar sem hægt er að leigja hjól eða umhverfisvæn farartæki, eða vefir þar sem hægt er að mæla sér mót og verða samferða í bíl með öðrum á forsendum þess að tekið sé þátt í kostnaði.
Borgarhjól sf.
Farfuglaheimilið í Reykjavík
Farfuglaheimilið Vesturgötu
Hreyfill – metan Taxi
Háskólinn í Reykjavík www.forskot.is
Hertz bílaleiga – vetnisbifreiðar
Höldur ehf.
Samferða www.samferda.net

Leitarhundar slysavarnafélagsins Landsbjargar eru sjálfboðaliðasamtök en innan þeirra starfar björgunarsveitarfólk um allt land. Æfingarnar eru öllum opnar en til að verða fullgildur félagi þarf að vera fullgildur félagi í björgunarsveit, vera orðinn átján ára og hafa starfað með leitarhundum í 12 mánuði.

**Heimild: www.leitarhundar.is**

## Upplýstir englar yfir jólahúsum

ÓVÍÐA Í HEIMINUM ER AÐVENTUSTEMNINGIN MEIRI EN Í ÞÝSKALANDI.

Aðventuferðir til Þýskalands eiga jafnan vinsældum að fagna hjá Íslendingum. Ein slík verður farin til Wiesbaden á vegum Bændaferða dagana 25. til 28. nóvember. Fararstjóri verður Smári Ríkharðsson.

Wiesbaden er fögur borg með merka sögu. Hún stendur á bökkum Rínar, skammt frá Frankfurt. Þar verður gist á hóteli við göngugötuna. Aðventustemning er í miðbænum og fallegur jólamarkaður þar sem upplýstir englar svífa yfir litríkum jólahúsum.

Á öðrum degi ferðarinnar er farið til Rüdesheim sem er vinsæll ferðamannabær. Í hjarta hans er hinn svokallaði jólamarkaður þjóðanna þar sem hægt er að fylgjast með hvernig handverk frá hinum ýmsu löndum er unnið. Jóladrykkurinn Glühwein er gjarnan sötraður meðan rölt er á milli jólabásanna sem þetta árið eru 125 talsins. Á markaðstorginu stendur stærsta jata Þýskalands með jólafígúrum í fullri stærð.

Þriðji dagurinn er frjáls dagur í Wiesbaden en fararstjórinn mun bjóða upp á bæjarrölt og leiðsögn fyrir hádegi fyrir þá sem vilja. Komið er heim á fjórða degi sem er sunnudagur.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is




Geymslu- og dekkjahillur

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00




KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Glæsilegt Bohemia kristall ljósakrónur, vegljós til sölu. Bohemia Kristall, Glæsibær, S. 571 2300.






**PIONEER CDJ 1000 mk2**
Ca. 3 ára gamall spilari mjög vel með farinn Flight Case fylgir - verð 100 þús stgr. S.8975012

Gámasala/Gámaleiga
Stólpi Gámar ehf
sími 568 0505

Glæný línuýsa, humar og fleira. Fiskbúðin Freyjugötu. S. 562 6625.

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar yfirfarnar þvottavélar og önnur heimilistæki. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545

Ísskápur á 15þ. Þvottavélar á 15-30þ. Barkalaus þurrkari á 30þ. Veitingahúsauppþvottavél á 50 þ.Stál bakaraofn á 25þ. Uppþvottavél á 20þ. 14" tv á 5þ. 28" tv á 10 þús. Borðtalva með skjá á 35þ. Fartalva á 35þ. Bílageislaspilari 15þ. Gasgrill á 10 þ. Keramik eldavél á 30þ. Flottir stólar á 5þ. Spennubreytar 220 í 110 600VA á 10þ. 220 í 110 2300VA á 20þ. 896 8568.



**Hrekkjavakan Nálgast!**
Vampírutennur, litalinsur, farðar, búningar ofl. Skoðið úrvalið á vefversluninni hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Hljóðfæri

5 mjög vel með farin og nánast ónotuð píanó til sölu á hagstæðu verði. Uppl. í s. 899 3133.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK Sími: 5520110 www.pon.is

## Þjónusta




## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*

TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

Whole bode massage 841 8529.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Hvítt hjónarum 160 cm á breidd. Með 2 latexdýnum. Selst ódýrt. Sími 897-6441

## Dýrahald

Blíðir, glaðlyndir 4 mánaða kettlingar fást gefins. Kassavanir. Upplýsingar í 5512907, 6618792, 8672984.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

## Ferðaþjónusta



Hausttilboð - orlofshús til leigu Ýmsar stærðir velbúinna orlofshúsa til leigu í lengri eða skemmri tíma. Góð aðstaða til æfinga fyrir kóra og sönghópa bæði í Úthlíðarkirkju og veitingasal. Gerum hópum föst tilboð. Nánar á www.uthlid.is, uthlid@uthlid.is eða 699 5500.

## Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar, þýsk gæði, 5 ára ábyrgð varahlutaþjónusta. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**TILBOÐSDAGAR**
Skór frá kr. 7900
Úlpur frá kr. 19900
Hestar og menn, Ögurhvarf1, 203 Kópavogur s. 567 3300.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Til leigu 4 herb.íbúð í Hraunbæ á 2 hæð. 97,6fm leiguverð 140 þús. mánuði. Umsóknir sendist á sigurros@isloft.is

Til leigu 2 herb. kjallaraíbúð í Bústaðahverfi. 85þ kr/mán m/hita. Sími 821 5050.

Húsnæði til leigu fyrir léttiðnað t.d saumastofu, vestarlega á Grettisgötunni 101 Rvk. Uppl í s. 820 4947

**Bólstaðarhlíð**
3 herb. íbúð til leigu ca. 70 fm. 120 þús. á mánuði með hússjóð. Uppl. í síma 551 8331 og 699 2816.

4 herb íbúð í Laugarneshverfi, 5 mín frá Laugardalslaug, 1 nóv til 1 mai, húsgögn geta fylgt. 140.000 mán, Upplýs í s. 6990189

60fm nýtt einbýlishús á Vatnsenda í Kóp. Laust strax. Verð 110þús m/rafm. og hita. Ekki húsaleigubætur og ekki gæludýr. 1 mán. í trygginu. S. 893 2262.

Herbergi í kjallara í Seljunum til leigu, m. eldunaraðstöðu, aðgengi að þvottunaraðstöðu,baðherbergi og sturtu. 35þús á mán og 50þús í tryggingu. Uppl í s. 699 0383

Til leigu herb. við Laufásveg. Sameiginlegur aðg. að þvottah. og eldhúsi. Leiga 32 þús. S. 552 5137 & 865 5544 e. kl. 17.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Reyklaus og reglusöm miðaldra hjón óska eftir lítilli og ódýrri íbúð á höfuðb. svæðinu í 2 - 3 mánuði. Íbúðin þarf helst að vera án húsgagna. Sími 866 3946.

4 manna fjölskyldu vantar 3-4 herbergja íbúð. Uppl. í síma 847 1430 Júlíus.

## Fasteignir



**Brúnastaðir - einbýli á flottu verði**
Til sölu og afh. strax ca. 200 fm einbýlishús Á einni stað á mjög góðum stað í Grafarvogi.Vantar Gólfefni, hluta innrétt. og lokafrágang. Ekkert áhvíl Engin skipti. Verð 43,6 millj. S: 895-2049.

## Sumarbústaðir



Til sölu fokhelt sumarhús 85fm. Milliloft 55fm. Ásett verð 10,5m. Tilbúið til flutnings. Uppl í S. 868 3002 eða fasteignasalan bakki. Sjá myndir á bakki.com.

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuhúsnæði við Laugarveg**
Til leigu er gott skrifstofuhúsnæði við Laugaveg. Upplýsingar veitir Benjamín í síma 896-0999 eða benjamin@pacta.is

**Verslunarrými Laugavegur/Snorrabraut**
Til leigu eru bæði 40 og 130fm verslunarrými við Laugaveg og Snorrabraut. Upplýsingar veitir Benjamín í síma 896-0999 eða benjamin@pacta.is

Til leigu 60 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf S: 868 1451. / 5550128

Atvinnuhúsnæði til leigu í 101 Rvk. Gott fyrir mótorhjólatöffarana eða myndlistamennina. Uppl. í s. 845-3030

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30 (ca. 73,43% starfshlutfall). íslenskukunnátta skilyrði.(EKKI YNGRI EN 18 ÁRA)**
**kokuhornid@kokuhornid.is**
**S. 866 0060, Kristín**

**HEIMAKYNNINGAR**
Vantar gott fólk til að starfa við heimakynningar. Um er að ræða frábæra gólfhreinsilínu. Góðir tekjumöguleikar, frjáls vinnutími. Upplýsingar í síma 517-8000 eða á golfefnaval@golfefnaval.is

Vantar duglegan og traustan starfskraft strax á aldrinum 25-40 ára. Uppl. í . 895 3389 milli kl. 16 og 20 alla daga.

Spjalldömur - símadaður Finnst þér gaman að daðra við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur, 25 ára og eldri. Duglegar og skemmtilegar konur geta auðveldlega búið sér til dágóðar aukatekjur. Nánari upplýsingar á www.RaudaTorgid.is.

Óskum eftir pípulagningameisturum og múrarameisturum. Uppl. í s. 777 3374

Vantar vélarvörð á bát frá Hafnarfirði sem rær á línu. Upplýsingar í s. 8647622

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Kona með fallega og seiðandi rödd vill kynnast góðum karlmanni með ýmislegt í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8154.

Símadömur Rauða Torgsins eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem elska símadaður. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).


Stórhljómsveit Frostrósa • Óperukórinn
Félagar úr Karlakór Fóstbræðra • Stúlknakór Reykjavíkur
Frostrósir
Klassík
Hátíðartónleikar á jólum
Háskólabíó 19. desember
Miðasala hefst 1. nóvember á midi.is
Kristinn Sigmundsson
Dísella
Jóhann Friðgeir
Gréta Hergils
Garðar Thór Cortes
Fyllum hjartað jólayl með ógleymanlegri upplifun
Fegurstu sálmar jólanna og helstu perlur
jólatónlistarinnar á sannkölluðum
hátíðartónleikum, síðasta sunnudaginn fyrir jól.
Kringlan
Konfekt
Flugfélag Íslands
Viðskiptavinir Vildarklúbbs Íslandsbanka: Munið afsláttinn.
Íslandsbanki
Frekari upplýsingar: Þjónustuver íslandsbanka, 440 4000



†

*Elsku litla dóttir okkar og barnabarn,*

**Álfrún Emma Guðbjartsdóttir**

fædd 10. október,

lést á Landspítalanum 18. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 28. október kl. 15.00.

**Guðbjartur Ólafsson**
**Ólafur M. Jóhannesson**
**Guðberg Þórhallsson**
**Hugrún Hörn Guðbergsdóttir**
**Þórdís G. Stephensen**
**Sigrún Stefánsdóttir**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, amma og langamma okkar,*

**Ingibjörg Tryggvadóttir**

lést að morgni 24. október á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hartmann Eymundsson**
**Hannes Hartmannsson**
**Jóhanna Hartmannsdóttir**
**Dóra Hartmannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gyða Gestsdóttir**

áður Njálsgötu 72,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 20. október. Útförin fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 29. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks A-3 á hjúkrunarheimilinu Grund, fyrir hlýju og kærleiksríka umönnun.

**Auður Aðalmundar**
**Sævar Þór Guðmundsson**
**ömmu og langömmubörn.**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Sigþrúður Guðbjartsdóttir (Sússa)**

andaðist 18. október. Útför fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 27. október kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halldóra Kristín Arthursdóttir**
**Íris Bryndís Guðnadóttir.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Benedikt Bjarnason**

fv. kaupmaður og útgerðarmaður í Bolungarvík,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sl. miðvikudag 20. október. Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík, laugardaginn 30. október kl. 14.00.

**Hildur Einarsdóttir**
**Einar Benediktsson**
**María Guðmundsdóttir**
**Halldóra Benediktsdóttir**
**Sören Pedersen**
**Bjarni Benediktsson**
**Ómar Benediktsson**
**Guðrún Þorvaldsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

# Á góðar minningar um Mola litla

Eftir fjögurra áratuga hvíld tekur Moli litli flugið á ný og nú í endurhannaðri og fallegri kápu. Fyrstu tvær bækurnar um hann koma út núna fyrir jólin en að ári liðnu verða þær orðnar átta talsins og hefur áttunda bókin aldrei litið dagsins ljós áður.

Það er Höskuldur Sigurðarson tölvunarfræðingur sem ásamt konu sinni, Guðrúnu Heimisdóttur, gefur bækurnar út. Hver er ástæðan? „Þetta er bara hugsjónastarf," segir Höskuldur. „Ragnar Lár var ömmubróðir minn og ég á svo góðar minningar um Mola litla frá því ég var strákur heima hjá Fríðu ömmu minni því þá voru bækurnar um hann lesnar ofan í kjölinn. Nú eru 40 ár frá því þær voru síðast gefnar út og mér fannst ómöguleg tilhugsun að nútímabörn fengju ekki að kynnast honum. Þessvegna drífum við í þessu," segir hann og tekur fram að þau hjón hafi stofnað vefsíðuna www.moliflugustrakur.is og einnig facebooksíðu.

Ragnar Lár hefði orðið 75 ára 13. desember ef hann hefði lifað. Þann 12. ætlar Höskuldur að halda útgáfusamkvæmi á Brúarlandi í Mosfellsbæ, fæðingarstað Ragnars Lár og hyggst koma upp sýningu á verkum hans samtímis. „Ragnar var um margt merkilegur karl," segir Höskuldur. „Hann gerði til dæmis fyrstu hreyfimyndina í sjónvarpið. Hún var um Valla víking." **-gun**




**MOLI LITLI** Fyrstu tvö bindin um flugustrákinn koma út á næstu vikum.

# Líf og fjör í félagsmiðstöðvum

Félagsmiðstöðvardagurinn er haldinn hátíðlegur í dag í sjöunda sinn, með skipulagðri dagskrá í félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Dagskrá félagsmiðstöðvadagsins verður breytileg milli félagsmiðstöðva, en unglingar og unglingaráð félagsmiðstöðvanna bera þungann af undirbúningi hans á hverjum stað ásamt frístundaráðgjöfum. Þá verður víða boðið upp á kræsingar sem eru jafnframt fjáröflun unglinganna fyrir ýmis félagsstörf þeirra.

Markmið dagsins er að gefa áhugasömum færi á að heimsækja félagsmiðstöðina í sínu hverfi, kynnast því sem þar fer fram, unglingunum í hverfinu og þeim viðfangsefnum sem þeir fást við með stuðningi frístundaráðgjafa í félagsmiðstöðinni.

Þess skal jafnframt getið að í tilefni dagsins verður Félagsmiðstöðvablaðið UNG gefið út í sjöunda sinn.

Hægt er að kynna sér nánar dagskrá og opnunartíma félagsmiðstöðvanna á félagsmiðstöðvardaginn á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. **- jbá**



**MIKIÐ UM AÐ VERA** Félagsmiðstöðvar í Reykjavík standa fyrir fjölbreyttri dagskrá í dag. NORDICPHOTOS/GETTY



**AUÐVELDAR TJÁSKIPTI** Máltækið er meðal annars ætlað til þess að

# Tæki til tjáskipta

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Félag dönskukennara bjóða til málþings í Norræna húsinu í dag í tilefni af formlegri opnun á Frasar.net, nýju máltæki sem á að auðvelda tjáskipti bæði á dönsku og íslensku.

Máltækið, sem hefur að geyma hátt í 4.000 orðtök, er afrakstur samanburðarrannsóknar Auðar Hauksdóttur dósents á orðtökum í dönsku og íslensku. Það er hannað af dr. Ola Knutsson, lektor í tölvumálvísindum við Stokkhólmsháskóla og Robert Östling doktorsnema við sama skóla.

Søren Haslund, sendiherra Danmerkur, mun opna máltækið á málþinginu og flutt verða tvö erindi.

Málþingið hefst í dag kluukkan 16 og lýkur 18.20 með léttum veitingum. Dagskráin er öllum opin. **- jbá**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ástríður Kristín Arngrímsdóttir**

áður Sogavegi 174,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 18. október síðastliðinn, verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 27. október kl. 15.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir mjög góða umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

**Sigurður Sigurðsson, Áslaug Jóhannsdóttir,**
**Grímur Sigurðsson, Anna Björg Erlingsdóttir**
**Magnús Sigurðsson**
**Ásta Margrét Sigurðardóttir Örn Arnaldsson**
**og langömmubörn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Þórhallur Daníelsson**

lést að morgni laugardagsins 16. október á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar. Útför hans fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 30. október kl. 11.00.

**Sigurður Gunnar Daníelsson**
**Soffía Svava Daníelsdóttir og Birgir Guðjónsson**
**Ingibjörg Daníelsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigurlaugar Fjólu Kristmannsdóttur**

fyrrum húsfreyju, Hvammi í Vatnsdal, Þorragötu 5, Reykjavík.

**Hallgrímur Guðjónsson**
**Hafsteinn Gunnarsson**
**Ásta Jónsdóttir**
**Ingibjörg Rósa Hallgrímsdóttir**
**Gísli Ragnar Gíslason**
**Þuríður Hallgrímsdóttir**
**Finnbogi Kjartansson**
**Margrét Hallgrímsdóttir**
**Gunnar Þ. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Ólafsdóttir**

Grenivöllum 12, Akureyri,

andaðist miðvikudaginn 20. október á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 29. október klukkan 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurlína Jónsdóttir**
**Þórarinn Höskuldsson**
**Jón Hafþór Þórisson**
**Tinna Þórarinsdóttir**
**Rakel Þórarinsdóttir**
**Hafþór Jónasson**
**Jónas Þór Hafþórsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

# VERTU TILBÚINN!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að klæða sig vel. Þess vegna höfum við valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin.




**MCKINLEY RASK OVERALL**
Kuldagalli með 5.000 mm vatnsheldni og öndun. Styrkingar á hnjám og rassi. Litir: Svartur, blár, bleikur. Stærðir: 80-120.




**MCKINLEY ROCK V JR**
Kuldaskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu og varmainnleggjum. Litir: Svartur m/bláu, svartur m/fjólubláu. Stærðir: 22-33.




**MCKINLEY MINIOR WINTER HAT**
Barnahúfa. Litir: Bleik, svört. Stærðir: 1-6 ára.






**HUMMEL ADI / OLE JACKET**
Rennd peysa úr 100% bómull. Litir: Blá, bleik, fjólublá. Stærðir: 68-98.




**HUMMEL ADI / OLE PANT**
Buxur úr 100% bómull. Litir: Bláar, bleikar, fjólubláar. Stærðir: 69-98.




**MCKINLEY MINIOR WINTER MITTEN**
Vatnsheldir barnahanskar með flísfóðri. Litir: Svartir, bláir, bleikir. Stærðir: 1-6 ára.




**MCKINLEY BASIC FLEECE**
Rennd flíspeysa. Litir: Svört, blá, bleik. Barnastærðir.




**MCKINLEY FLEECE PANT**
Flísbuxur. Litir: Svartar, bleikar. Barnastærðir.




**MCKINLEY BLISS V JR**
Kuldaskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu. Litir: Svartir m/bláu, svartir m/bleiku. Stærðir: 27-35.

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** kk nafn, **6.** tveir eins, **8.** fiskur, **9.** bein, **11.** 999, **12.** grátur, **14.** uppskafningsháttur, **16.** klafi, **17.** traust, **18.** flinkur, **20.** utan, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erindi, **3.** leita að, **4.** planta, **5.** angan, **7.** helber, **10.** tálknblað, **13.** garðshorn, **15.** klasi, **16.** margsinnis, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** uggi, **6.** ee, **8.** áll, **9.** rif, **11.** ím, **12.** snökt, **14.** snobb, **16.** ok, **17.** trú, **18.** fær, **20.** án, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** gá, **4.** glitbrá, **5.** ilm, **7.** einskær, **10.** fön, **13.** kot, **15.** búnt, **16.** oft, **19.** ró.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Hvað skal gera við forsetann?

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Vilhjálmur Bretaprins og kærasta hans sáust kaupa frosna pitsu og ofnfranskar í verslun á dögunum. Breskir dálkahöfundar, æstir í fréttir af öðru en niðurskurði í ríkisútgjöldum sem einokað hafa umræðuna síðan öxin féll fyrir viku, drógu þá ályktun að kaupin gætu ekki þýtt annað en að konunglegt brúðkaup væri á næsta leiti. Svo óáhugavert virtist sambandið orðið að eina rökrétta framhaldið var hjónaband. Af sömu rökfestu veltir slúðurpressan nú fyrir sér dagsetningu og fyrirkomulagi hátíðahaldanna, sem hún segir akkúrat þá upplyftingu sem breskur almenningur þurfi á að halda í því árferði sem nú ríkir. Í fyrsta sinn sá ég tilgang með konungsfjölskyldunni – annan en þann að sjá breska póstinum fyrir vangamyndum á frímerki.

**FURÐU** lítið hefur mér fundist fara fyrir umræðu um þjóðhöfðingja okkar Íslendinga í slagorðakenndum orðaflaumi tengdum yfirvofandi stjórnlagaþingi. Tískuorð á borð við sjálfbærni, kærleika, gegnsæi, samvinnu og heiðarleika sem sprottin eru úr umhverfi efnahagshrunsins hafa skyggt á umræðuna um megintilgang stjórnarskrárinnar; að ákvarða sjálfa stjórnskipun landsins. Hvernig skal samspili framkvæmdar-, löggjafar- og dómsvalds hagað? Hvernig skal velja fulltrúa í embættin? Og síðast en ekki síst: Hvað skal gera við forsetann?

**ENN** hef ég ekki fundið þann frambjóðanda til stjórnlagaþings sem sett hefur fram ígrundaðar hugmyndir um þennan hlekk stjórnskipunarkeðjunnar sem í dag hefur hvað óljósasta hlutverkinu að gegna. Hvað á forseti Íslands að vera? Áhrifalaust konungsígildi? Æðsti maður ríkisstjórnar eins og í forsetaræði Bandaríkjanna? Eða á ef til vill að leggja embættið niður?

**PERSÓNULEGA** aðhyllist ég síðasta kostinn. Ég vil breyta Bessastöðum í safn og selja þjóðsagnakenndan vínkjallara hússins hæstbjóðendum í verslunum ÁTVR. Sé hins vegar ekki vilji fyrir því er ég með hugmynd að fjórðu leiðinni. Hvernig væri að laga embættið að stöðunni sem það var upphaflega mótað eftir og gera það að embætti konungs? Þingbundin konungsstjórn eins og í Bretlandi myndi tryggja hinum almenna borgara upplyftingu í gráma hversdagsins í formi konunglegra brúðkaupa, skandala og slúðurs. Það er tími til kominn að Séð og heyrt fái fleira til umfjöllunar en þriðja flokks frægt fólk sem annaðhvort fann ástina, týndi henni eða brenndist á sálinni þegar hún sprakk.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ötull, virtur, umdeildur

*Kristján Jóhannsson er einn örfárra íslenskra söngvara sem komist hafa á svið stærstu óperuhúsa heimsins. Æviferill hans er markaður þverstæðum, rétt eins og maðurinn sjálfur. En þrátt fyrir frægð og frama fer því fjarri að líf hans hafi alltaf verið dans á rósum.*




**Tilboð 4.990 kr.**

Fullt verð 5.990 kr.

Gildir til 08.11.2010



*Þórunn Sigurðardóttir skráir sögu þessa einstaka manns sem hefur sungið sig inn í hjörtu okkar allra.*









eymundsson.is

**Eymundsson**

*Bóksali frá 1872*

# menning

menning@frettabladid.is

# Allt sem prýða má einn krimma

Bókmenntir★★★★

**Morgunengill**

Árni Þórarinsson

Í Morgunengli Árna Þórarinssonar má finna flest það sem lesandi væntir og vonast eftir í íslenskum krimma árið 2010. Eftirköst kreppunnar, falleraða milljarðamæringa, venjulegt fólk í skuldakreppu, reiði og heift sem finnur sér rangan farveg með skelfilegum afleiðingum og fleira til.

Sem er gott. En bara vegna þess að þótt uppskriftin bjóði upp á að allt endi í fyrirsjáanlegum klisjum og sleggjudómum og lesandinn sé jafnvel á stöku stað plataður til að halda að bókin stefni í þá átt, þá er stýrt framhjá öllum slíkum skerjum og þegar upp er staðið er niðurstaða glæpamálsins óvænt og niðurstöður þeirrar samfélagsskoðunar sem er fylgifiskur flestra krimma þessa dagana alls ekki einfaldar.

Í Morgunengli vindur fram sögum af tveimur glæpamálum, einu á Akureyri, þar sem Einar sjálfur gengur fram á póstburðarkonu nær dauða en lífi eftir árás, og öðru í Reykjavík sem snertir fjölskyldu íslensks auðkýfings sem Einar hefur nýlega tekið viðtal við. Málin verða raunar fleiri eftir því sem á söguna líður og reynast sum hver snerta Einar persónulega – hann er óvenjulega naskur við að lenda í miðri hringiðu afbrota og ofbeldis eins og lesendur eru farnir að kannast við.




Morgunengill er níunda bók Árna Þórarinssonar um Einar blaðamann. Eins og gerist og gengur er Einar orðinn eins og gamall kunningi þeirra lesenda sem hafa fylgt honum frá upphafi, ýmsir agnúar nuddast smám saman af við nánari viðkynningu og þeir gallar sem einu sinni fóru í taugarnar á manni verða lítilvægari. Einar er viðkunnanlegasti náungi, í aðra röndina gangast hann og skapari hans upp í hefðbundinni týpu rannsóknarblaðamannsins í glæpasögum, að öðru leyti gera þeir það alls ekki. Einar í Morgunengli er minni töffari og þroskaðri persóna en í fyrstu bókunum. Einkalífið tekur minna pláss í samræmi við það. Hann er búinn að koma sínum málum á hreint að mestu, hættur að drekka og ræktar sambandið við dóttur sína Gunnsu. Hann reynist henni ágætur faðir, enda hefur hann ágætan skilning á unglingum og vit á að skipta sér ekki af meira en góðu hófi gegnir.

Sú spurning læðist óhjákvæmilega að manni hvað þetta jafnvægi í persónu Einars endist lengi, en í þessari bók gefur það tækifæri á tvennu. Annars vegar fá aukapersónurnar meira rými, örlög eins samstarfsmanna Einars mynda gildan og óvæntan þátt í plotti þessarar bókar og hins vegar er sjálf söguflléttan bæði umfangsmikil og snjöll. Á tímabili fer lesandinn að örvænta um að hægt sé að hnýta alla þræðina saman, en það tekst Einari og Árna í glæsilegum og hrollvekjandi lokaspretti.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Morgunengill hefur allt það til að bera sem einkennir góðan krimma. Árni Þórarinsson hefur örugg tök á glæpasagnaforminu og tekst að spinna trúverðuga en margslungna fléttu um leið og hann varpar ljósi á samtíma okkar á óvæntan og hrollvekjandi hátt.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 27. október**

**→ Tónleikar**

**20.00** Í Sláturhúsinu, Egilsstöðum, verða tónleikar á vegum NME. Fram koma hljómsveitirnar Rökkurró og Sudden Weather Change. Aðgangseyrir er 1000 krónur, frítt fyrir félaga nemendafélagsins. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00.

**21.00** Þór Breiðfjörð, ásamt hljómsveit, verður með tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Leikin verða lög af plötu hans Running Naked og vel valin lög eftir aðra. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og standa til 23.30.

**→ Opið hús**

Félagsmiðstöðvardagurinn er haldinn hátíðlegur í dag. Í tilefni þess verður opið hús í félagsmiðstöðvum Reykjavíkur. Nánar um opnunartíma á www.itr.is.

**→ Málþing**

**16.00** Í dag býður Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Félag dönskukennara til málþings í Norræna húsinu í tilefni af formlegri opnun nýrrar vefsíðu, Frasar.net. Málþingið hefst kl. 16.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Heillandi hatur

Myndlist ★★★

**Power Has a Fragrance**

Gardar Eide Einarsson – Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Gardar Eide Einarsson (1976), norskur en af íslenskum ættum, sýnir nú á tveimur hæðum í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Titill sýningarinnar er Power Has a Fragrance. Gardar sækir efnivið verka sinna til bandarísks samfélags. Hann er fæddur og uppalinn í Noregi en hefur búið í New York síðan 10. september 2001. Dagsetningin sýnir að Gardar kom inn í bandarískt samfélag á tímamótum, en ofsóknaræðið sem fylgdi árásunum 11. september er meira og minna inntak verka hans.

Gardar sækir orðfæri og myndmál verka sinna út í samfélagið, einna helst í frelsisbaráttu jaðarhópa eða einstaklinga, eða í myndefni og upplýsingar frá hinu opinbera, til dæmis myndir af lögreglumanni með kylfu. Þetta setur hann síðan fram í listrænu samhengi, rétt eins og listamenn hafa gert um áratuga skeið. Á sjöunda áratug síðustu aldar gerði Andy Warhol eftirminnileg myndverk, meðal annars af byssum og rafmagnsstólnum auk mynda af frægu fólki. Myndröð Gardars af lögreglumanni með kylfu minnir meðal annars á mynd Warhols af Elvis mundandi byssu. Báðir listamenn gera ofsóknaræði og hatur bandarísks samfélags að yrkisefni, án þess að ég ætli mér að líkja verkum þeirra frekar saman.

Gardar leitast við að miðla þessum neikvæðu þáttum samfélagsins á yfirvegaðan máta. Hér getur línan milli óttablandinnar hrifningar á neikvæðum þáttum og raunverulegri ígrundun þeirra verið fín. Þessi mörk eru ekki meginviðfangsefni listamannsins heldur leitast hann við að birta ákveðið samfélagsástand sem litast af ótta, ofsóknaræði og hatri. Það örlar á þeirri spurningu hvort listamaðurinn sé undir áhrifum hálfgerðrar hryllingsheillunar, heillist af amerísku samfélagi eins og hægt er að heillast af hryllingsmynd.

Titill sýningarinnar er einnig titill á lagi eftir bresku jaðarsveitina Death in June. Ég veit ekki hvort Gardar hefur hann þaðan, það skiptir varla máli, en í laginu koma einnig fram þessar línur: „we know our god/by the things he creates/life, beauty, but most of all hate," línur sem eiga ágætlega við verk hans. Helsti kostur sýningar Gardars er sjónræn útfærsla verka hans sem einkennist af formfestu og er að mestu dempuð og svart/hvít. Honum tekst með þessu að endurskapa á sýningunni sjálfri eitthvað af þeim ótta sem verkin vísa til. **Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Það er óvenjulegt að sækja heim sýningu þar sem helstu hughrifin eru hatur, áhorfandinn virðist jafnvel óvelkominn, ítrekanir um að snerta ekki listaverkin fá óhugnanlegan undirtón. Þetta kemur á óvart og markar listamanninum sérstöðu.



# Nýjar raddir í bókaflóðinu



HUGRÚN HRÖNN KRISTJÁNSDÓTTIR

**Þrjár nýjar bækur hafa komið út á undanförnum dögum sem eiga það sameiginlegt að vera frumraun nýrra kvenrithöfunda á skáldsagnasviðinu.**

**Mál og menning gefur út Stolnar raddir eftir Hugrúnu Hrönn Kristjánsdóttur íslenskufræðing. Bókin fjallar um rótlausa Reykjavíkurstelpu sem býr í kjallaranum hjá ömmu sinni ásamt dóttur sinni og veit ekki hvort hún á að halda sig við lögfræðinemann sem á framtíðina fyrir sér eða kvensaman miðaldra blaðamann. Brestir koma hins vegar í hversdagslífið þegar hún finnur falda mynd bakvið trúlofunarmyndina af ömmu sinni og afa.**



YRSA ÞÖLL GYLFADÓTTIR

**Hjá Sögum er komin út bókin Tregðulögmálið eftir Yrsu Þöll Gylfadóttur, doktorsnema í bókmenntum við Parísarháskóla. Sú bók fjallar einnig um unga konu á krossgötum sem finnur hjá sér þörf til að skilgreina allt í umhverfi sínu. Með óforskammaðri gráglettni leiðir hún lesendur í vitundarvakningu um merkingu og tilgang tilverunnar.**



SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR

**Þriðja bókin er Geislaþræðir eftir Sigríði Pétursdóttur, kvikmyndafræðing og útvarpskonu, og kemur út hjá Uppheimum. Sú fjallar um fólk sem skrifast á yfir netið, þar á meðal ófríska unglingsstúlku á Íslandi sem skrifast á við aldraða konu í Ástralíu.**



NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| TAKERS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| SOCIAL NETWORK LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 10 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | KL 5.15 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TAKERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TAKERS | 8 og 10.15 | 16 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS 3D | 8 og 10.10 - ENS TAL | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANA 3D | 5.50 - ISL TAL | L |
| SOCIAL NETWORK | 5, 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE SWITCH | kl. 6 - 8 - 8:20 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 10:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| THE SWITCH | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BORIS GODUNOV Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 8:10 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 10:20 | 7 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS


# Litríkur kokkteill

Tónlist ★★★★

**Kimbabwe**

Retro Stefson

Kimbabwe er önnur plata Retro Stefson, en sú fyrri, Montana, var sem fersk sprauta inn í íslenskt tónlistarlíf. Á henni var skemmtileg og hress blanda af íslensku poppi og heimstónlist, ólík öllu öðru á senunni. Retro Stefson hefur verið iðin við tónleikahald undanfarið og er orðin margfalt þéttari og flinkari heldur en hún var fyrir tveimur árum þegar Montana kom út. Það heyrist á Kimbabwe. Lagasmíðarnar á Montana voru margar fínar, en á Kimbabwe er sveitin búin að þétta útsetningarnar og auka fjölbreytnina.

Tónlist Retro Stefson er eins og kokkteill sem búið er að setja út í alls konar fjörefni; – smá rokk hér og þar, latin-popp, sýru, afró-kúbanska takta og danstónlist. Spilagleðin leynir sér ekki og meðlimirnir sjö fara á kostum víða á plötunni. Þeir sjá um allan hljóðfæraleik en fá aðstoð við söng og bakraddir, þ.á m. frá Sigríði Thorlacius, söngkonu Hjaltalín.



**SPILAGLEÐIN LEYNIR SÉR EKKI** Unnsteinn Manúel Stefánsson og félagar í Retro Stefson hafa gefið út skemmtilegustu plötu ársins.

Textarnir, sem eru á íslensku, ensku og einhverju þriðja máli sem ég kann ekki skil á, eru ágætir en skipta ekki öllu máli. Tónlistin er aðalmálið. Lögin eru það melódísk og grípandi að maður myndi syngja með þó að textarnir væru á klingonsku. Umslagið er mjög flott og hæfir innihaldinu: Litríkt og fjörmikið.

Á heildina litið er Kimbabwe frábær plata. Skemmtilegasta plata ársins hingað til.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gleðisveitin úr Austurbæjarskólanum klikkar ekki á plötu númer tvö.

# Kynþokkafullir plötusnúðar

Rússnesku plötusnúðarnir DJ Dolls spila í Halloween-partíi á Broadway á laugardaginn. „Þær eru rosalegar," segir skipuleggjandinn Addi Exos og fullyrðir að sjaldan hafi þokkafyllri plötusnúðar heimsótt Ísland.

Á síðasta ári fékk hann hina rússnesku DJ Mary Ferrari til að spila í Halloween-partíi á Broadway og spilaði hún berbrjósta við mikinn fögnuð beggja kynja. Spurður hvort DJ Dolls muni leika sama leik segist Addi ekkert vilja gefa upp um það. „Þær eru að spila allt það vinsælasta í danstónlistinni í dag. Þetta er ekki beint teknó, heldur eru þær að spila það sem er vinsælast á FM og Flash."



**DJ DOLLS** Rússnesku plötusnúðarnir ætla að trylla lýðinn á Broadway á laugardagskvöld.

Addi skipuleggur annað hrekkjavökuparti sama kvöld. Það fer fram á Nasa þar sem Haffi Haffi, Bloodgroup, Mammút og DJ Maggi Legó stíga á svið. Addi vísar því á bug að hann sé í samkeppni við sjálfan sig þetta kvöld. „Þetta eru tveir ólíkir hópar. Það er hljómsveitafílingur á Nasa og meiri danstónlist á Broadway," segir hann. **- fb**








Engin transfita
100% WHOLE GRAIN
Orville Redenbacher's
Natural
NO ARTIFICIAL INGREDIENTS
SIMPLY SALTED
6 BAGS
MICROWAVE
6-3.3 OZ (93.3g) BAGS
NET WT 1 LB 4 OZ (560g)
Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur, það er ekkert leyndarmál á bakvið bragðið okkar!
Gerðu samanburð
því það verður að vera Orville

# sport

sport@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** verður ekki með íslenska landsliðinu gegn Lettum í kvöld vegna meiðsla á hné. Hann fór í myndatöku vegna meiðslanna í gærkvöldi en niðurstöður hennar liggja ekki fyrir. Ekki verður tekin nein áhætta með því að láta hann spila í kvöld. Hann gæti þó spilað með gegn Austurríki um helgina.

## ÚRSLIT

### *Enski deildabikarinn*

**16 LIÐA ÚRSLIT**

**Birmingham - Brentford 1-1**
0-1 Sam Wood (68.), 1-1 Kevin Phillips (90.). Birmingham vann í vítaspyrnukeppni, 4-3.

**Wigan - Swansea 2-0**
1-0 Mauro Boselli (51.), 2-0 Ben Watson, víti (90.).

**Leicester - West Brom 1-4**
0-1 Simon Cax (21.), 1-1 Paul Gallagher (53.), 1-2 Somen Tchoyi (62.), 1-3 Steven Reid (79.), 1-4 Simon Cox (90.).

**Ipswich - Northampton 3-1**
0-1 Liam Davis (16.), 1-1 Carlos Edwards (26.), 2-1 Damien Delaney (44.), 3-1 Tamas Priskin (88.).

**Manchester United - Wolves 3-2**
1-0 Bebe (56.), 1-1 George Elokobi (60.), 2-1 Ji Sung Park (70.), 2-2 Kevin Foley (76.), 3-2 Javier Hernandez (90.).

### *Spænska bikarkeppnin*

**Real Murcia - Real Madrid 0-0**

**AD Ceuta - Barcelona 0-2**
0-1 Maxwell (16.), 0-2 Pedro (25.).

### *Sænska úrvalsdeildin*

**LF Basket - Solna 92-68**
Logi Gunnarsson skoraði sautján stig fyrir Solna.

**Borås - Uppsala 75-85**
Helgi Már Magnússon skoraði níu stig fyrir Upps.

Leikmaður ársins hjá FIFA:

## Sjö Spánverjar tilnefndir

**FÓTBOLTI Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, hefur tilkynnt hvaða 23 leikmenn eru tilnefndir í kjörinu um leikmann ársins. Alls eiga heimsmeistarar Spánverja sjö leikmenn en Argentínumaðurinn Lionel Messi var kjörinn í fyrra. Hann er einnig tilnefndur í ár.**

**Spænska úrvalsdeildin á einnig flesta leikmenn á listanum, ellefu talsins. Aðeins þrír leika í ensku úrvalsdeildinni en enginn Englendingur var tilnefndur að þessu sinni.**

**Þessir koma til greina: Xabi Alonso (Spánn), Daniel Alves (Brasilía), Iker Casillas (Spánn), Cristiano Ronaldo (Portúgal), Didier Drogba (Fílabeinsströndin), Samuel Eto'o (Kamerún), Cesc Fabregas (Spánn), Diego Forlán (Úrúgvæ), Asamoah Gyan (Gana), Andrés Iniesta (Spánn), Júlio César (Brasilía), Miroslav Klose (Þýskaland), Philipp Lahm (Þýskaland), Maicon (Brasilía), Lionel Messi (Argentína), Thomas Müller (Þýskaland), Mesut Özil (Þýskaland), Carles Puyol (Spánn), Arjen Robben (Holland), Bastian Schweinsteiger (Þýskaland), Wesley Sneijder (Holland), David Villa (Spánn) og Xavi (Spánn). - esá**

# Vanmetum ekki Lettana

**Ísland hefur í dag leik í undankeppni Evrópumeistaramótsins sem haldið verður í Serbíu árið 2012. Fyrsti leikur Íslands í riðlinum verður gegn Lettlandi í Laugardalshöllinni í kvöld. „Sýnd veiði en ekki gefin," segir landsliðsþjálfarinn.**

**HANDBOLTI** Ísland hefur í kvöld keppni í undankeppni EM 2012 þegar strákarnir okkar mæta Lettlandi í Laugardalshöllinni. Ísland er einnig með Þýskalandi og Austurríki í riðli og eru Lettar fyrir fram taldir vera með lakasta lið riðilsins. Guðmundur Guðmundsson segir það gott að fá heimaleikinn gegn Lettum fyrst en varar við vanmati.

„Þetta er leikur gegn liði sem er sýnd veiði en ekki gefin," segir Guðmundur. „Alþjóðlegur handbolti er orðinn þannig að bilið á milli liða er alltaf að minnka. Þess vegna þarf að taka svona leik alvarlega og fara í hann af fullum krafti."

Næst á Ísland erfiðan útileik gegn Austurríki um helgina og segir Guðmundur að liðið muni nýta leikinn gegn Lettum til að stilla strengina fyrir þann leik.

„Auðvitað lítum við ekki á þennan leik sem æfingaleik hjá okkur en vegna fyrirkomulagsins er þetta gott tækifæri til að undirbúa okkur fyrir leik gegn sterkum andstæðingi enda er Austurríki með betra lið en Lettland," segir Guðmundur.

„Engu að síður þarf að klára verkefnið í kvöld almennilega og Lettar eru með nokkra sterka leikmenn sem spila í Þýskalandi og þarf að hafa gætur á."

Þetta er nú í þriðja sinn sem íslenska landsliðið kemur saman síðan það vann til bronsverðlauna á EM í Austurríki í janúar. Álagið er mikið á leikmenn og segir Guðmundur mikilvægt að nota hvert skipti vel þegar liðið kemur saman.

„Við þurfum að nota hvert tækifæri – hverja æfingu og hvern leik – til að verða betri og spila okkur saman. Það tekur alltaf lengri tíma að stilla varnarleikinn enda leikmenn vanir því að spila mismunandi varnarleik með mismunandi áherslum með sínum liðum. Það er oft mesta vinnan fólgin í því. Nú höfum við engan tíma og því verður þetta að smella saman strax," segir Guðmundur.

Hann neitar því ekki að það sé sérstakt að hefja undankeppni fyrir stórmót nú þegar annað stórmót, sjálf heimsmeistarakeppnin í Svíþjóð, er handan við hornið.

„Það er alltaf verið að fjölga leikjum og auka álagið. Það er ekki gott," segir Guðmundur. „Á þessum tíma í fyrra kom landsliðið saman í heila viku þar sem það æfði eingöngu og spilaði enga landsleiki.

„Ég hefði gert það aftur nú ef þess hefði verið kostur. Meira að segja hjá félagsliðum gefst of sjaldan tækifæri til að æfa almennilega, sérstaklega ef lið spila líka í Evrópukeppnum. En svona er þetta bara og við veltum okkur ekki frekar upp úr því."

eirikur@frettabladid.is



**EINBEITTUR** Róbert Gunnarsson á æfingu íslenska landsliðsins í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ísland ekki tapað í höllinni í fjögur ár

**Ísland hefur ekki tapað keppnisleik í Laugardalshöllinni í fjögur ár. Hér má sjá alla keppnisleiki Íslands í höllinni undanfarinn áratug.**

| *Dags.* | *Andstæðingur* | *Undankeppni* | *Markahæstur* | *Úrslit* |
|---|---|---|---|---|
| 17/6/09 | Makedónía | EM í Austurríki, 2010 | Alexander Petersson, 10 | **34-26** |
| 14/6/09 | Noregur | EM í Austurríki, 2010 | Alexander Petersson, 10 | **34-34** |
| 29/10/08 | Belgía | EM í Austurríki, 2010 | Guðjón Valur Sigurðsson, 12 | **40-21** |
| 15/6/08 | Makedónía | HM í Króatíu, 2009 | Guðjón Valur Sigurðsson, 9 | **30-24*** |
| 17/6/07 | Serbía | EM í Noregi, 2008 | Alexander Petersson, 9 | **42-40**** |
| 17/6/06 | Svíþjóð | HM í Þýskalandi, 2007 | Ólafur Stefánsson, 6 | **25-26**** |
| 9/6/02 | Makedónía | HM í Portúgal, 2003 | Sigfús Sigurðsson, 11 | **33-28**** |
| 10/6/01 | Hv.-Rússland | EM í Svíþjóð, 2002 | Ólafur og Sigfús, 7 | **26-27**** |

**Ísland tapaði þó samanlagt og komst ekki áfram.*
***Úrslitin nægðu til að koma Íslandi á HM.*



**SIGURBERGUR** Líður vel hjá DHC Rheinland í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurbergur Sveinsson:

## Æfði aukalega fyrir Gumma

**HANDBOLTI** Sigurbergur Sveinsson hefur farið vel af stað með DHC Rheinland á sínu fyrsta tímabili í þýsku úrvalsdeildinni. Hann hefur spilað vel að undanförnu og skoraði til að mynda tíu mörk í leik gegn Gummersbach um helgina. Þar áður hafði hann skorað níu mörk í bikarleik gegn stórliði Kiel og þar áður átta í deildarleik gegn Rhein-Neckar Löwen. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er þjálfari Löwen.

„Það er frábært að vera kominn aftur í landsliðið," segir Sigurbergur. „Ég hef stefnt að því leynt og ljóst og notaði landsliðið til að koma mér í rétta gírinn fyrir leikinn gegn Löwen. Ég tók sérstakar aukaæfingar fyrir þann leik," bætir hann við og glottir.

„Annars gengur mér vel í Þýskalandi og ég hef til að mynda verið að bæta nýtinguna mikið. Ég fæ mikið að spila hjá þessu félagi sem ég þarf á að halda." - esá

Hannes Jón Jónsson:

## Nýt tímans með landsliðinu

**HANDBOLTI Hannes Jón Jónsson var valinn aftur í íslenska handboltalandsliðið og verður væntanlega með gegn Lettum í kvöld. Hann segir það undir sér sjálfum komið að nýta þau tækifæri sem hann fær en Hannes hefur verið að spila vel með sínu liði, Hannover-Burgdorf, í þýsku úrvalsdeildinni í haust.**

**„Ég fæ tækifærið nú af því að það gengur vel í Þýskalandi og aðrir eru meiddir. Ég ætla að nýta tímann vel, njóta þess að spila með landsliðinu og reyna að hjálpa eitthvað til," sagði Hannes.**

**„Ég undirbý mig fyrir þessa tvo leiki eins og ég muni spila þá báða. Það kemur svo bara í ljós hvað verður úr því."**

**Hannes er einn þriggja landsliðsmanna í Hannover-Burgdorf en hinir eru Vignir Svavarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. - esá**




**Kveikjum útiljósin**

Kemur blaðberinn þinn að þínu húsi í myrkri?

Sýnum tillitssemi.

Höfum ávallt kveikt á útiljósum við útihurð og póstlúgu.

Þannig tryggir þú örugga dreifingu á þitt heimili.

Með fyrirfram þökk,

Pósthúsið

Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1
S:585 8300 | www.posthusid.is


Fimm leikir fóru fram í ensku deildabikarkeppninni í gærkvöldi:

# Hernandez aftur hetja United

**FÓTBOLTI** Javier Hernandez er að stimpla sig inn í enska boltann af miklum krafti þessa dagana. Í gær var hann hetja Manchester United er hann tryggði liðinu 3-2 sigur á Wolves í ensku deildabikarkeppninni með marki undir lok leiksins.

Þar með endurtók hann leikinn frá því um helgina er hann tryggði sínum mönnum 2-1 sigri á Stoke með marki seint í leiknum. Þá skoraði hann reyndar bæði mörk United en hann kom inn á sem varamaður í gær þegar tíu mínútur voru til leiksloka.

Staðan þá var 2-2 en United hafði tvívegis komist yfir í leiknum, með mörkum Portúgalans Bebe og Suður-Kóreumannsins Park. Bebe var í gær að spila sinn fyrsta leik í byrjunarliði United, sem var eins og svo oft áður í þessari keppni skipað leikmönnum sem fá síður tækifæri í öðrum keppnum.

Leikmenn Wolves börðust þó fyrir sínu í leiknum og jöfnuðu tvívegis með mörkum þeirra George Elokobi og Kevin Foley. Öll mörkin komu í síðari hálfleik en sá fyrri var afar tíðindalítill.

„Það vill oft verða að menn verða oft mjög fljótt að hetjum en hann [Hernandez] á allt það hrós skilið sem hann fær," sagði Alex Ferguson, stjóri United, eftir leikinn. „Hann er afar fagmannlegur og mætir fyrstur á æfingasvæðið á hverjum degi og fer alltaf síðastur heim. Það er að borga sig nú."

Hann sagði leikinn hafa verið erfiðan. „Leikurinn var mjög opinn í síðari hálfleik. Wolves spilaði mjög vel og þetta var virkilega góður bikarleikur," sagði Ferguson.

Fjórir aðrir leikir fóru fram í keppninni í gær. Úrvalsdeildarliðin Birmingham, West Brom og Wigan komust öll áfram sem og Ipswich, sem hafði betur gegn Liverpool-bönunum í Northampton. - esá



**CHICHARITO** Javier Hernandez hefur slegið í gegn á Old Trafford. NORDIC PHOTOS/GETTY

Reykjanesbæjarliðin aðeins í 8. og 9. sæti í körfunni:

# Sögulega slök byrjun

**KÖRFUBOLTI** Reykjanesbæjarliðin Njarðvík og Keflavík hafa aðeins unnið 3 af 8 fyrstu leikjum sínum í Iceland Express-deild karla í vetur og sitja hlið við hlið í 8. og 9. sæti deildarinnar.

Þetta er sögulega slök byrjun því það hefur aldrei gerst áður í sögu úrvalsdeildar karla að liðin úr þessum mikla körfuboltabæ hafa tapað fleiri leikjum en þau hafa unnið í fyrstu fjórum umferðum tímabilsins.

Keflvíkingar eru mun verr staddir en nágrannar þeirra í Njarðvík því Keflavíkurliðið hefur nú tapað þremur leikjum í röð. Keflavík vann 11 stiga sigur á ÍR (88-77) í fyrsta leik en hefur síðan tapað fyrir Snæfelli (81-90), Stjörnunni (69-78) og Hamri (85-90).

Þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem Keflavík nær aðeins að vinna einn af fyrstu fjórum leikjum sínum og þar er meðtalið tímabilið 1983-84 þegar liðið féll úr úrvalsdeildinni en þá vann Keflavík 2 af fyrstu 4 leikjum sínum.

Það háir vissulega Keflavíkurliðinu að liðið spilar án Valentino Maxwell sem hefur verið meiddur síðan fyrir mót en liðið hefur því þurft að treysta algjörlega á íslensku leikmennina sína .

Njarðvíkingar hafa unnið 2 af 4 leikjum sínum þar á meðal urðu þeir fyrstir til þess að vinna Íslandsmeistara Snæfells á dögunum. Árangur Njarðvíkurliðsins er þó ekki nógu góður til þess að rífa sigurhlutfall Reykjanesbæjarliðinna upp í fimmtíu prósentin.

Það segir sitt um frábæran árangur Reykjanesbæjarliðanna að það hefur aðeins fjórum sinnum gerst að liðin eru saman ekki með betri en fimmtíu prósenta árangur. Það gerðist síðast fyrir tveimur árum en í fyrra unnu liðin 7 af fyrstu 8 leikjum sínum. - óój



**GUNNAR EINARSSON** Þekkir það ekki á löngum ferli að byrja svona illa.

## Sögulega slök byrjun

Hér fyrir neðan má sjá versta samanlagðan árangur Reykjanesbæjarliðanna tveggja, Keflavíkur og Njarðvíkur, í fyrstu fjórum deildarleikjum sínum á tímabili.

**Verstu byrjanir í Reykjanesbæ:**

| | |
|---|---|
| **38 prósent** | **3 sigrar - 5 töp** |
| 2010-11 | (Kef. 1-3, Nja, 2-2) |
| **50 prósent** | **4 sigrar - 4 töp** |
| 2008-09 | (Kef. 2-2, Nja. 2-2) |
| 1997-98 | (Kef. 2-2, Nja. 2-2) |
| 1995-96 | (Kef. 2-2, Nja. 2-2) |
| 1986-87 | (Kef. 2-2, Nja. 2-2) |





FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...



**> David Schwimmer**

„Það er ekkert eins og leikrit. Það er svo aðkallandi og nálægt áhorfandanum, það er engin ein leiksýning eins. Sem leikari hefur þú algjört vald yfir því sem áhorfandinn sér.“

***Vinurinn David Schwimmer fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni The Big Nothing sem er sýnd á Stöð 2 Bíó klukkan 22.00 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON ER ÓLÍKLEGASTI FÓTBOLTAÁHUGAMAÐUR LANDSINS**

## *Litlu vanmetnu fótboltaleikirnir*

Það er ekki langt síðan ég byrjaði að horfa reglulega á fótboltaleiki. Fyrir þremur árum var ég narraður í draumaliðsleik á netinu sem þúsundir Íslendinga spila og eftir það varð ekki aftur snúið. Í fyrstu fylgdist ég aðeins með mínu liði spila, en eftir því sem metnaðurinn í draumaliðsleiknum varð meiri jókst áhorfið kerfisbundið. Metnaðurinn fólst þó aðallega í að níða skóinn af félögum mínum og koma með digurbarkalegar yfirlýsingar um eigið ágæti.



Ég sá fljótlega að árangurinn í draumaliðsleiknum varð að haldast í hendur við yfirlýsingarnar, þannig að allt í einu var ég byrjaður að fylgjast með liðum á borð við Wigan, Stoke og Wolves og þekkja fáránlegustu nöfn. Það má ekki vanmeta minni spámenn og ég gerði allt til að finna réttu mennina í liðið mitt á réttum tíma. Á síðasta tímabili náði áhuginn nýjum hæðum og ég lá yfir leikjum óspennandi liða og ég verð að hrósa Stöð 2 sport fyrir að sýna þessa leiki jafnhliða stórleikjunum. Árangurinn stóð ekki á sér og skyndilega var ég farinn að rústa félögunum, sem trúðu ekki eigin augum. Ég var sakaður um að svindla og hver ófrægingarherferðin gegn mér rak aðra. Ég lét það ekki á mig fá og stóð uppi sem sigurvegari í deildinni. Árangurinn var stórkostlegur.

Nú er nýtt tímabil hafið og árangurinn í draumaliðsleiknum er ekki alveg eins góður og ég hefði kosið. Ég kenni sjálfum mér um, enda búinn að vera allt of latur við að horfa á leiðinlegu leikina. Það breytist hér með. Ykkur, sem lesið þennan pistil og hafið ekki hugmynd um hvað ég er að tala um, bið ég afsökunar. Hina, sem taka þátt í sama leik og etja jafnvel kappi við mig í hverri viku, bið ég um að éta rykið mitt. Það verður horft á Blackpool - West Brom á mánudaginn.

### SJÓNVARPIÐ

**15.30 Fólk og firnindi - Regnbogalandið** Þáttaröð eftir Ómar Ragnarsson. Frá 2000. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**16.50 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var...lífið** (10:26)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Snillingarnir** (5:28)

**18.24 Sígildar teiknimyndir** (5:42)

**18.30 Gló magnaða** (5:19)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Lettlands í undankeppni EM 2012 í handbolta karla.

**21.10 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Per Olov Enquist** Þáttur um sænska rithöfundinn Per Olov Enquist.

**22.55 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Textað á síðu 888 í Textavarpi. (e)

**23.25 Fréttir** (e)

**23.35 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**

**10.00 Wayne's World 2**

**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**14.00 Wayne's World 2**

**16.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**

**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**20.00 Me, Myself and Irene**

**22.00 The Big Nothing**

**00.00 Hot Rod**

**02.00 The U.S. vs. John Lennon**

**04.00 The Big Nothing**

**06.00 Wedding Daze**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Extreme Makeover: Home Edition** (4:25)

**11.50 Lois and Clark: The New Adventure** (9:21)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Gossip Girl** (9:22)

**13.45 Ghost Whisperer** (19:23)

**14.40 ER** (22:22)

**15.30 iCarly** (10:25)

**15.50 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (3:23)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (2:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (4:24)

**20.10 Pretty Little Liars** (9:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.

**20.55 Grey's Anatomy** (5:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.

**21.45 Medium** (6:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar.

**22.30 Nip/Tuck** (5:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalækna.

**23.15 Sex and the City** (4:18)

**23.50 NCIS: Los Angeles** (10:24)

**00.35 Human Target** (1:12)

**01.20 The Forgotten** (14:17)

**02.05 X-Files** (22:24)

**02.50 ER** (22:22)

**03.35 Sjáðu**

**04.05 Park**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildabikarinn: Man. Utd - Wolves**

**16.30 Enski deildabikarinn: Man. Utd - Wolves**

**18.10 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.



**18.40 Enski deildabikarinn: Newcastle - Arsenal** Bein útsending frá leik Newcastle og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**20.45 Kings Ransom**

**21.40 PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.

**22.35 HP Búðarmótið** Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótið er hluti af Kraftasportinu en til leiks mæta flestir af sterkustu kraftajötnum landsins.

**23.10 Enski deildabikarinn: Newcastle - Arsenal**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Birmingham - Blackpool** Enska úrvalsdeildin.

**18.15 WBA - Fulham** Enska úrvalsdeildin.

**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**20.55 Football Legends - Cruyff** Að þessu sinni verður fjallað um Johan Cruyff, þann magnaða knattspyrnumann.

**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.

**22.55 Tottenham - Everton** Enska úrvalsdeildin.

### SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (34:175)

**08.40 Rachael Ray** (110:175)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.55 The Marriage Ref** (7:12)

**16.45 Rachael Ray** (111:175)

**17.30 Dr. Phil** (35:175)

**18.10 Nýtt útlit** (6:12) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.

**19.00 Judging Amy** (3:23) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy.

**19.45 Accidentally on Purpose** (12:18) Bandarísk gamanþáttaröð.

**20.10 Spjallið með Sölva** (6:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.

**20.50 Parenthood** (4:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.

**21.35 America's Next Top Model** (4:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.

**22.25 Secret Diary of a Call Girl** (4:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi.

**22.55 Jay Leno** (135:260)

**23.40 CSI: Miami** (4:24)

**00.30 CSI: Miami** (4:25)

**01.15 Premier League Poker II** (12:15)

**03.00 Pepsi MAX tónlist**

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**17.10 Golfing World** (22:70)

**18.00 Golfing World** (23:70)

**18.50 PGA Tour Yearbooks** (4:10)

**19.40 LPGA Highlights** (4:10) Vikulegur þáttur með öllu því besta í kvennagolfinu.

**21.00 World Golf Championship Preview 2010** Upphitun fyrir fjórða og síðasta mótið í heimsmótaröðinni.

**21.25 Golfing World** (23:70) Daglegur fréttaþáttur.

**22.15 Ryder Cup Official Film 2004** Upprifjun á Ryder-bikarnum árið 2004.

**23.30 Golfing World** (23:70)

**00.20 ESPN America**

**06.00 ESPN America**

### EXTRA

**18.50 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.

**19.35 Falcon Crest** (20:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum.

**20.25 Little Britain** (6:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Walliams og færðu þeim heimsfrægð.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cougar Town** (20:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.

**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

**23.00 The Shield** (8:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.

**23.50 Talk Show with Spike Feresten** (3:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.

**00.15 Little Britain** (6:6)

**00.45 The Doctors**

**01.25 Falcon Crest** (20:22)

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### ÍNN

**20.00 Björn Bjarna**

**20.30 Mótoring**

**21.00 Alkemistinn**

**22.00 Björn Bjarna**

**22.30 Mótoring**

**23.00 Alkemistinn**

**Dagskrá ÍNN er endurtekin allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

**FÉLAGSMIÐSTÖÐVADAGURINN Í REYKJAVÍK ER 27. OKTÓBER**

Kíktu við í félagsmiðstöðinni í þínu hverfi og fáðu að kynnast starfinu sem þar fer fram



Viltu rifja upp gamlar og góðar minningar?
Kíktu við í gömlu félagsmiðstöðinni þinni!

**ALLIR VELKOMNIR**

Upplýsingar og dagskrá félagsmiðstöðvanna er að finna á www.itr.is

ÍTR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55
**Grey's Anatomy**

Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsraddir: Sigrún Ögmundsdóttir **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Tolstoj: Aldarminning **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.15** Deal or No Deal **12.50** Monarch of the Glen **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** My Family **15.15** Waterloo Road **16.05** The Weakest Link **16.55** Deal or No Deal **17.30** My Hero **18.00** Little Britain **18.30** Coupling **19.00** Coupling **19.30** New Tricks **20.20** Come Dine With Me **20.45** Come Dine With Me **21.10** Little Britain **21.40** Coupling **22.10** Coupling **22.40** EastEnders **23.10** Monarch of the Glen **00.00** New Tricks

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Svampebob Firkant **14.50** Nik & Jan **15.00** Karlsson på taget **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Hvad er det værd? **18.00** DR1 Dokumentaren **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **22.00** OBS **22.05** Huslægen **22.35** Naruto Uncut **23.00** Boogie Mix **23.50** Godnat

## NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Si ja, bli min **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Paul Merton i India **22.00** Filmbonanza **22.30** Ta en Tattoo **23.00** Viggo på lørdag **23.25** Svisj gul

## SVT 1

**12.15** Broken Flowers **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Våra vänners liv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Brottet **20.00** Hung **20.30** Nurse Jackie **21.00** X-Games **21.45** Våra vänners liv **22.45** Vem tror du att du är? **23.25** Kobra **23.55** Panama







## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn í bænum er Sushibarinn á Laugaveginum. Sushibarinn er svona sparistaður sem ég fer á þegar ég er komin með leið á hamborgurum og frönskum. Þú færð alveg geggjað sushi þar!“*

Fanndís Friðriksdóttir, knattspyrnukona í Breiðabliki.

# Símahrekkur á FM957 vekur hörð viðbrögð

„Það var komið samþykki fyrir hrekknum og við vorum náttúrlega líka búin að taka út nöfnin til að koma í veg fyrir að fólkið þekktist,“ segir Svali, útvarpsmaður á FM957. Hann tekur jafnframt fram að þessir símahrekkir séu ekki í beinni útsendingu heldur teknir upp.

Miklar umræður sköpuðust á netinu um það hvort það hefði verið rétt af útvarpsstöðinni FM 957 að útvarpa símahrekk á mánudagsmorgun í útvarpsþættinum Svali og félagar. Hrekkurinn gekk út á það að ung stúlka fékk FM í lið með sér til að hrekkja móður sína. Hrekkurinn gekk út á að karlmaður hringdi í mömmuna og sagðist vera frá Félagsþjónustunni. Hann tilkynnti henni síðan að dóttirin ætti von á barni og hvort það væri rétt að mamman hefði bannað stúlkunni að vera á getnaðarvarnarpillunni. Mamman sagði já en efaðist um að þetta væri rétti vettvangurinn til að ræða slík mál. Í kjölfarið kom dóttirin í símann og sagði þetta vera mömmunni að kenna, hún hefði ekki viljað leyfa sér að vera á pillunni. Og þá kom svarið sem fékk ansi marga hlustendur til að grípa andann á lofti; mamman vildi að dóttirin notaði aðrar getnaðarvarnir þar sem hún hefði verið gjörn á að fá kynsjúkdóma. Eins og gefur að skilja lauk hrekknum þarna enda hafði hann snúist rækilega í höndunum á þeim sem vildi hrekkja.

Svali segist ekki alveg skilja þessi hörðu viðbrögð við þessum hrekk. Mun grófari hrekkjum hafi verið útvarpað í þættinum. „Sjálfum fannst mér hann aðallega vandræðalegur, ég sökk alveg ofan í sætið.“ - fgg



**GAGNRÝNDUR** Útvarpsþátturinn Svali og félagar er harðlega gagnrýndur fyrir símahrekk. Svali sjálfur segir þau hafa útvarpað mun grófari hrekkjum. Þessi hafi fyrst og fremst verið vandræðalegur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






EINAR AÐALSTEINSSON: VEL BORGAÐ STARF MIÐAÐ VIÐ ÁBYRGÐ

# Stígur vals í Sherlock Holmes

„Þetta er svona „Einar valsar inn í mynd – Einar valsar út úr mynd“-atriði,“ segir Einar Aðalsteinsson leikari.

Hann tekur þátt í umsvifamikilli hópdanssenu í stórmyndinni Sherlock Holmes 2 í leikstjórn Guy Ritchie, fyrrverandi eiginmanns Madonnu. Tökurnar fara fram í hinu sögufræga Elstree-myndveri í Hertford-skíri en þar voru meðal annars Stjörnustríðsmyndir George Lucas gerðar. Meðal þeirra sem taka þátt í umræddri töku eru Hollywood-stjörnurnar Robert Downey Jr. og Jude Law auk Stephens Fry.

Einar sagði í samtali við Fréttablaðið að þetta væri mjög stór sena en um er að ræða stórt teiti þar sem gestirnir stíga þaulæfðan og frekar trylltan vals. „Robert Downey á að dansa eitthvað með okkur en ég átta mig nú ekki alveg á samhenginu enda ekki búinn að lesa handritið.“ Einar segist verða í mjög flottum búningi, smart kjólfötum með yfirvaraskegg sem hann fékk sérstaklega hannað fyrir sig. Og hann kveðst ákaflega heppinn með dansfélaga. „Ég kann alveg eitthvað að dansa en hún er sko atvinnudansari, er bæði menntuð leikkona og dansari.“ Að sögn Einars er umfangið gríðarlega mikið fyrir tökurnar sem hefjast á föstudaginn og það var ekkert hlaupið að því að fá hlutverkið, þótt lítið sé. „Kennarinn minn í leiklistarskólanum í London benti á mig en svo þurfti ég senda ferilsskrá, mynd og myndband. Maður þurfti að fara í gegnum allt ferlið enda voru þau að leita að mjög ákveðnu útliti.“ Einar upplýsir jafnframt að launin séu mjög góð. „Þetta er vel borgað starf miðað við ábyrgð.“

Einar hefur haft í nægu að snúast frá því að hann útskrifaðist úr leiklistarskólanum Lamda í London. Hann setti upp leikverkið Vakt á sviðslistahátíðinni artFart í sumar og mun leika stórt hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Tíma nornarinnar eftir Friðrik Þór Friðriksson sem byggir á samnefndri bók Árna Þórarinssonar. Leikarinn ungi viðurkennir hins vegar að hugur hans sé aðallega við tökurnar í Englandi, enda ekki á hverjum degi sem manni gefst tækifæri til að vera á sama tökustað og Robert Downey eða Jude Law.

freyrgigja@frettabladid.is



**HEPPINN** Einar Aðalsteinsson mun stíga vals í stórri hópsenu fyrir kvikmyndina Sherlock Holmes 2 ásamt þeim Robert Downey Jr., Jude Law og Stephen Fry. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**180** Robert Downey þurfti að sitja 180 daga inni fyrir að rjúfa skilorð í desember 1997.

HEIMILD: IMDB.COM


FJÖRUG SEM ALDREI FYRR!




Ný bók um óborganlega prinsessu og æðisleg ævintýr.

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

LEST'ANA STRAX!


# Annar Bieber-tvíburinn genginn út

„Við erum náttúrlega orðnir frekar þekktir,“ segir Jóhannes Þorkelsson en hann og tvíburabróðir hans, Steinn, þykja nauðalíkir söngvaranum Justin Bieber. Tímaritið Monitor fjallaði um tvíburana fyrr í vetur og síðan þá hafa strákarnir haft í nógu að snúast í félagslífi Verzlunarskólans, en þeir hófu nám við skólann nú í haust.

Það ætlaði því allt um koll að keyra á samskiptasíðunni Facebook þegar Jóhannes skráði sig í samband við unga Verzlómær fyrir tæpum mánuði. Sú heppna heitir Birgitta Líf Björnsdóttir og er tveimur árum eldri en Jóhannes.

„Það þykir frekar óvenjulegt að stelpa sé með yngri strák,“ segir Jóhannes, en bætir því við að þau hafi fengið góð viðbrögð frá langflestum. „Ég er samt ekki með bílpróf, svo Birgitta sér bara um að keyra okkur,“ segir Jóhannes.

Birgitta Líf ætti ekki heldur að vera óvön athyglinni, en hún er dóttir Dísu og Bjössa í World Class.

En hvað með bróðurinn? „Steinn er ennþá á lausu, en ég held að hann sé eitthvað að slá sér upp,“ segir Jóhannes að lokum. - ka



**STJÖRNUPAR** Birgitta Líf og Jóhannes hafa verið saman í tæpan mánuð. Hér eru þau ásamt hinum Bieber-tvíburanum, Steini, sem er þeim á hægri hönd. Steinn er enn á lausu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Byssudagar
# Í Sportbúðinni

## Allt að 30% afsláttur af völdum haglabyssum í fáeina daga

Tvíhleypur frá 69.900, Pumpur frá 49.900

Hálfsjálfvirkar frá 69.900, Takmarkað magn

## Langódýrustu rjúpnaskotin?

Sellier & Bellot 36 gr. aðeins 1.395 krónur pakkinn (25 stk)
Rio 36 gr. aðeins 1.595 krónur pakkinn (25 stk)









## Rjúpnavestin vinsælu

Ný sending kemur eftir helgina á frábæru verði
Aðeins 8.995

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**



**SPORTBÚÐIN**

Sportbúðin – Krókhálsi 5 – 517 8050 **Léttöl**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
LÖGFRÓÐUR – LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Menntavegi 1 | 101 Reykjavík
Afgreiðslutími miðvikudaga frá kl. 17:00–20:00
Sími 777 8409
logfrodur@ru.is
http://logfrodur.hr.is/


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Reykjavík í lagi

Borgarstjórinn Jón Gnarr hefur verið í einangrun á Landspítalanum frá því hann sneri heim aftur frá Svíþjóð um helgina. Hann fékk sýkingu í annan handlegginn ytra rétt yfir nýlegu tattúi af skjaldarmerki Reykjavíkur. Handleggurinn bólgnaði upp og var Jón lagður inn á sjúkrahús til meðferðar við ofnæmi af sýklalyfjum og útbrotum um líkamann. Jón segir sýkinguna líklega tengjast ofkeyrslu, ónæmiskerfið hafi gefið eftir. Það tengist ekki tattúinu. Þvert á móti, skjaldarmerkið af Reykjavík sé glimrandi fínt. **- jab**



### Fékk sjokk í plötubúð

***Jón Þór Birgisson***, oftast kallaður Jónsi og kenndur við Sigur Rós, hefur hætt við að spila órafmagnaðar útgáfur af lögum sínum í bandarískum plötubúðum. Uppákomurnar höfðu verið auglýstar í tengslum við tónleikaferðalag Jónsa um Norður-Ameríku og stóð til að íslenski tónlistarmaðurinn myndi troða upp í sex plötubúðum í Bandaríkjunum. Í yfirlýsingu sem birtist á heimasíðu Jónsa kom fram að hann sjálfur hefði alltaf haft miklar efasemdir um ágæti þessara viðburða. „En þegar hann stóð þarna, auglitis til auglitis við aðdáendur sína um hábjartan dag þá varð honum ljóst að þetta væri ekki umhverfið sem hann gæti blómstrað í.“ Jafnramt kemur fram að tónleikarnir hafi verið óþægilegasta lífsreynsla sem hann hafi lent í á tíu ára ferli sínum. **- fgg**



## Mest lesið vísir.is

1. Frægir gegn Gillz
2. Ekki fara á skíði með Kiwanishjálminn
3. Stuðningsmenn Gillz snúast til varna
4. Misskilningur um kvennafrí hjá HÍ
5. Bretar harma hjartardráp





